

TÍMAVÉLIN

## Göring sótti fálka til Íslands

■ Helfararfórnarlömb byggðu fálkabú



GUÐMUNDA JENNÝ:

## Neitaði að skipta um stéttarfélag og var rekin

4. JANÚAR 2019 / 51. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



## ÁSTIN AFHJÚPUÐ UM ÁRAMÓT



Viðtal

# Malín Brand

## „AÐSTÆÐUR SEM ÉG KOM MÉR Í EN EKKI ÚT ÚR“

■ Í samfélagsþjónustu hjá ABC barnahjálp og féll fyrir starfinu ■ Rekur partasölu með nýjum unnusta ■ Greindist yngst íslenskra kvenna með Parkinson



Þrándur Þórarinsson

## Synjun listamannalauna árleg vonbrigði

■ Haslar sér völl erlendis
■ Erfiðara að stuða fólk í dag



## HÚSIN ÚR ÍSLENSKU BÍÓMYNDUNUM

■ Ekki er allt sem sýnist



## Uppáhalds liðin í enska












## Síðustu orðin

*„Mér hefur aldrei liðið betur.“*

– Bandaríski leikarinn Douglas Fairbanks eldri (1883–1939)

## Á þessum degi, 4. janúar



**871 –** Orrustan um Reading er háð. Aðalráður af Wessex berst við og lýtur í lægra haldi fyrir innrásarher Dana.



**1874 –** Samuel Colt selur bandarísku ríkisstjórninni fyrstu Colt-skammbyssuna.



**1903 –** Fíllinn Topsy er drepinn með rafstraumi. Það var gert að undirlagi eiganda Topsy, Luna Park á Coney-eyju í Brooklyn í Bandaríkjunum.



**1972 –** Rose Heilbron sest fyrst kvenna í dómarasæti í Old Bailey í London.



**1999 –** Jesse Ventura, fyrrverandi glímukappi, verður ríkisstjóri Minnesotafylkis í Bandaríkjunum.

# ENGINN TRÚIR LENGUR Á ÁLFASÖGUR

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is





**Stækkun eyrna** Rúriks Haraldssonar heitins þóttu mikið tækniundur á sínum tíma.

Þykkvabæjarsnakkið fæst hvergi. Mér skilst að framleiðslunni hafi verið hætt,“ segir ónefndur heimildarmaður í textaskilaboðum til blaðamanns. Sá gengur undir nafninu Nostalgíu-Halli og elskar allt það sem tengdist íslenskri dægurmenningu á síðustu öld. Slíkar ábendingar eru líf og yndi okkar fjölmiðlamanna, sérstaklega á erfiðum fréttadögum. „Hvers eiga beikonbugðufíklar að gjalda?“ hugsaði blaðamaður og hóf þegar rannsóknarvinnu. Ekki bara fyrir sig og Nostalgíu-Halla heldur fyrir þjóðina alla.

### Ein dýrasta auglýsing Íslandssögunnar

Ef ungmenni eða einhverjir með skert langtímaminni eru að lesa þessa grein þá er mikilvægt að staldra við. Þetta er ekkert gamanmál. Þykkvabæjarnaslið hefur lifað með þjóðinni í áratugi, þökk sé ekki síst eftirminnilegri sjónvarpsauglýsingu sem á líklega Íslandsmet í langlífi.

Þar fer stórleikarinn Rúrik Haraldsson á kostum en auglýsingin er líklega ein sú dýrasta sem framleidd hefur verið. Það var ekki síst vegna þess að í lok auglýsingarinnar stakk persóna Rúriks Þykkvabæjarsnakki upp í sig og um leið og hann sagði hina goðsagnakenndu línu: „Trúir þú á álfasögur?“ þá stækkuðu eyru hans. Það þótti mikið tækniundur á sínum tíma og kostaði sitt.

Áður hafði Egill Ólafsson hafið upp raust sína með eftirminnilegum hætti. „Þar lifa litlir grasálfar með langar grænar húfur, sem grafa þar upp gullin sín og gera úr þeim skrúfur,“ söng Egill og á meðan hömuðust lúsiðnir álfar við að framleiða snakk. Ljúffengt íslenskt snakk.

Á meðan minningarnar helltust yfir blaðamann rannsakaði hann málið fljótt og vel. Ekkert snakk var að finna á vörusíðum Þykkvabæjar og því var ekkert annað í stöðunni en að hringja í fyrirtækið. Þegar réttur einstaklingur svaraði loks tók martröðin við. „Já, við erum hætt með þessar vörur í framleiðslu. Það var í september,“ staðfesti fulltrúi fyrirtækisins. „Ókei, í september núna í fyrra,“ sagði undirritaður annars hugar á meðan hann skrifaði niður svarið. „Nei, árið 2017,“ sagði starfsmaðurinn. „Ha?“ var það eina sem blaðamaður gat stunið upp.

Í ljós kemur að martröð beikonbugðufíkilsins er verri en nokkurn grunaði. Eina íslenska kartöflusnakkið sem framleitt var á Íslandi heyrði sögunni til fyrir tæpu einu og hálfu ári og ekki múkk heyrðist í fjölmiðlum. Aðspurður hvort fréttatilkynning hefði verið send út svaraði starfsmaður Þykkvabæjar: „Nei, við tilkynntum það ekkert sérstaklega. Ástæðan var sú að tollar voru felldir niður á erlent snakk í byrjun árs 2017 og við gátum ekki lengur keppt við þau verð.“

Þrátt fyrir enga fjölmiðlaumfjöllun sagði hann að aðdáendur Þykkvabæjarsnakksins hafi reglulega samband og spyrjist fyrir um vörurnar. „Já, við fáum talsvert af fyrirspurnum. Við finnum alveg að margir sakna Þykkvabæjarsnakksins,“ sagði starfsmaðurinn. ■




Enginn mun aftur geta bragðað á beikonbugðum. Enginn.

# 5 hlutir sem fara úr tísku árið 2019

### Sous vide

Fyrir nokkrum misserum sló „sous vide“-eldunaraðferðin í gegn. Allir keyptu sér tæki og rúmlega 11 þúsund Íslendingar gengu í samnefndan hóp á Facebook. Þegar fárviðrinu slotaði stóð eftir sú staðreynd að fólk var að sjóða mat í plasti. Sous vide-tækin munu fá heiðurssess í geymslum landsmanna eins og fótanuddtækin forðum.





### Floss

Hinn hressi dans fór sem eldur í sinu á síðasta ári. Fyrst byrjuðu börnin og síðan fóru fullorðnir að reyna fyrir sér. Að sjá miðaldra fólk reyna að „flossa“ er mannleg eymd í sinni tærustu mynd. Floss-dansinn mun falla í gleymskunnar dá á árinu.

### Tenerife

Hjarðhegðun Íslendinga er mikil og enginn er maður með mönnum nema hann skelli sér til „Tene“. Núna eru allir búnir að fara og það er vísindalega sannað að það er mannskemmandi að fara ítrekað í sumarleyfi á sama áfangastað. Fer einhver lengur í sumarfrí til Rimini eða Mallorca? Hélt ekki.





### Skegg

Skegg á öllum kynjum er á útleið. Skegg eru óþægileg, fagurfræðilega á skjön og þjóna ekki neinum praktískum tilgangi.

### Snapchat

Það mun fjöldi fólks nota Snapchat áfram á árinu en miðillinn er ekki lengur „kúl“. Það er auðvitað dauðadómur. Unga fólkið er farið á aðra miðla og eftir standa miðaldra einstaklingar og reyna að halda í rafrænan æskuljómann.





**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.**
**Hver standur er fyrir 2-3 hjól.**
**Vönduð evrópsk framleiðsla.**




FABBRI
PORTATUTTO



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI*
*- MIKIL ÞEKKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppbogar á margar gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.**
**Stærðir 360 - 550 lítra**
**Vönduð evrópsk framleiðsla.**



VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -*
*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*

STEINHOF
WESTFALIA





**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.**
**Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.**
**Ásetning á staðnum.**

## Hver er hann

- Hann er fæddur árið 1956 og hefur verið duglegur að halda upp á afmæli sitt með stæl.
- Móðir hans var dönsk og pabbi hans hálfíslenskur og hálfnorskur.
- Hann tók virkan þátt í ýmsum mótmælafundum veturinn 2008 vegna bankahrunsins.
- Haustið 2015 gaf hann út ljóðabókina Öskraðu gat á myrkrið.
- Hann er fæddur í tvíburamerkinu.

SVAR: BUBBI MORTHENS.

## Það er staðreynd að...



Klókir gestir á gamlársfagnaði á Time Square í New York hafa gripið til þess bragðs að mæta til leiks með bleyju til þess að vinna gegn erfiðu aðgengi að salernum á svæðinu á meðan nýja árið gengur í garð.




Í Eþíópíu eru mánuðirnir þrettán. Þar er enn árið 2011.




Það eru bara fjórtán mögulegar útgáfur af dagatölum. Árið 2019 getur þú grafið upp dagatalið þitt frá árinu 2013, 2002 og 1991, svo dæmi séu tekin, og endurnýtt þau.




Á Suðurskautslandinu fer fram tónlistarhátíðin „Icestock“ ár hvert á gamlársdag.



Margir Ítalir klæðast rauðum nærfötum á gamlárskvöld. Þeir telja það boða gæfu fyrir hið nýja ár.

# Guðmunda var rekin því hún neitaði að skipta um stéttarfélag

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is





Víðihlíð

Þetta eru kaldar kveðjur til manneskju sem hefur lagt sig alla fram í starfi,“ segir Guðmunda Jenný Hermannsdóttir í samtali við DV. Guðmunda lauk störfum hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um áramótin en þá lauk eins mánaðar uppsagnarfresti hennar. Ástæða uppsagnarinnar var sú að Guðmunda Jenný neitaði að skipta um stéttarfélag sem var krafa stofnunarinnar. Þá fékk hún aðeins einn mánuð í uppsagnarfrest en hún taldi sig eiga rétt á þremur mánuðum.

### Setti skilyrði um að vera í gamla stéttarfélaginu

Forsaga málsins er sú að Guðmunda Jenný sótti um starf hjá HSS í júní á þessu ári. Um var að ræða starf í móttökueldhúsi Víðihlíðar, dvalarheimili aldraðra í Grindavík. Að hennar sögn hefur hún um tveggja áratuga reynslu af sambærilegum störfum og svo fór að henni var boðið starfið. „Þegar ég var að semja um kaup og kjör þá kom fram að ég ætti að greiða í Verkalýðsfélag Grindavíkur. Ég gerði þá að skilyrði að ég fengi að greiða í Starfsmannafélag Suðurnesja enda hafði ég greitt lengi í það félag og unnið mér inn ýmis réttindi. Starfsmannastjóri féllst á það skilyrði mitt og ég skrifaði undir ótímabundinn ráðningarsamning þann 12. júlí,“ segir Guðmunda Jenný. Hún hóf síðan störf í tímavinnu í byrjun júlí, til þess að komast inn í starfið, en hóf síðan vaktavinnu í ágúst.

„Starf mitt fólst í því að taka við tilbúnum mat, hita hann upp fyrir vistmenn og bera hann á borð. Það var mikil ánægja með mín störf. Ég fékk að heyra það frá deildarstjóra og samstarfsfólki. Þá var ég ítrekað beðin um að vinna yfirvinnu og tók að mér allar þær



Guðmunda Jenný Hermannsdóttir

> **Það var mikil ánægja með mín störf. Ég fékk að heyra það frá deildarstjóra og samstarfsfólki. Þá var ég ítrekað beðin um að vinna yfirvinnu og tók að mér allar þær aukavaktir sem ég gat.**

aukavaktir sem ég gat,“ segir Guðmunda Jenný.

Í október hafði nýr starfsmannastjóri, sem hafði þá nýlega tekið til starfa hjá HSS, samband og bar nýjan ráðningarsamning undir Guðmundu Jennýju. Eina breytingin var sú að hún ætti að ganga í Verkalýðsfélag Grindavíkur. „Afleiðingin af því hefði orðið að laun mín myndu lækka um 30 þúsund krónur. Ég hafnaði því að skrifa undir þennan nýja ráðningarsamning,“ segir hún. Í kjölfarið ræddi hún málið við deildarstjóra sinn og fékk munnlegt vilyrði fyrir því að laun hennar myndu haldast óbreytt.

### Telur á sér brotið

„Í nóvember var síðan borinn undir mig annar ráðningarsamningur. Þar voru launin vissulega óbreytt en ég átti að ganga í Verkalýðsfélag Grindavíkur. Ég hafði þá kynnt mér ýmis önnur réttindi hjá félögunum og komist að því að staða mín væri mun sterkari innan Starfsmannafélags Suðurnesja. Á þeim forsendum hafnaði ég því ráðningarsamningnum öðru sinni,“ segir Guðmunda Jenný. Rúmri klukkustund síðar var henni afhent uppsagnarbréf.

„Mér var auðvitað brugðið en varð síðar einfaldlega reið. Ég var að standa mig vel í vinnunni og tel að á mér sé brotið með því að reyna að neyða mig til þess að breyta um stéttarfélag,“ segir Guðmunda Jenný. Hún hefur haft samband við forsvarsmenn Starfsmannafélags Suðurnesja vegna málsins en segir að málið gangi afar hægt. Hún vann því uppsagnarfrest sinn samviskusamlega en lét af störfum í lok árs. „Mér skilst að á árum áður hafi stéttarfélögin á Suðurnesjum skipt með sér áhrifasvæðum. Það er alveg fráleitt að slíkir starfshættir séu enn iðkaðir árið 2018,“ segir Guðmunda Jenný.

Ekki höfðu borist viðbrögð frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þegar blaðið fór í prentun. ■

# Bönnum ýlur

## Svarthöfði

Heimur versnandi fer. Fyrir rúmu ári byrjaði einhver spjátrungur úr barnaefninu á RÚV að úthúða flugeldum. Íslendingar hafa sprengt flugelda í meira en öld og ekki orðið meint af. Það er þjóðlegt að sprengja púður í upphafi hvers árs og algjör óþarfi að bölsótast út af því. Þess vegna fór Svarthöfði beinustu leið til Einars félaga síns áttavillta og keypti útbólginn fjölskyldupakka og fimm tertur. Herlegheitin sprengdi Svarthöfði svo á gamlársdag, eftir skaupið, eins og Íslendingar gera.

Svarthöfði komst hins vegar að því að vælið í spjátrungnum hefur haft einhver áhrif. Það var nákvæmlega sama veður nú um áramótin og fyrir ári, stillt og kalt. Engu að síður sá Svarthöfði ekkert mengunarský yfir Breiðholtinu. Fyrir ári voru nefhárin sviðin vegna brennisteinsins og hlustirnar við það að gefa sig klukkan hálf eitt.

> **Svipað hljóð og heyrist í hrossi þegar það er bundið niður til geldingar**

Svarthöfði lenti á spjalli við nágranna sinn. Mann sem sprengir að jafnaði fyrir um hundrað þúsund krónur. Þetta kvöld lét hann stjörnuljósin nægja og strollaði út með fjölskylduna til að glápa á sprengjurnar frá hinum. Þvílík níska og frekja. Svarthöfði spurði hann þá hvernig ætti að bjarga öllum túristunum og rjúpnaskyttunum sem týnast á fjöllum. Hann sagðist þá hafa styrkt björgunarsveitirnar með því að planta trjám. Hvaða álög lagði spjátrungurinn eiginlega á þjóðina? Blandaði hann einhverju efnasulli út í drykkjarvatnið?



**Ýlur** Óþarfar og hvumleiðar.

Svarthöfði er búinn að vera mjög hugsi yfir þessu og er kominn með fyrirtaks málamiðlun. Nú líður að þrettándanum, sem er án nokkurs vafa tilgangslausasta og leiðinlegasta hátíð dagatalsársins. Þá klárar fólk úr flugeldapökkunum sínum og hvað er það eina sem er eftir …? Ýlur!

Ætli ýlur séu ekki mesta óþurft sem mannkynið hefur alið af sér. Það kemur enginn blossi heldur aðeins hvumleitt og skerandi hljóð. Svipað hljóð og heyrist í hrossi þegar það er bundið niður til geldingar. Eins mikið og Svarthöfði kann að meta góðar rakettur þá hefur hann aldrei skilið þörf landans til að kveikja í öllum þessum ýlum á þrettándanum. Þvílíkur masókismi.

Tillaga Svarthöfða er þessi. Banna ýlur og hætta að halda upp á þennan fjandans þrettánda. Að sama skapi sprengja enn betur á gamlárskvöld. Ætli þetta komi ekki út á svipuðum stað út frá þessum blessuðu umhverfisstöðlum. ■

# Nýjar vélar á gamla genginu!

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR




## Eigum til á lager vélar á gamla genginu!

**Verðdæmi á nýjum Massey Ferguson:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MF 5711 | 110 hestöfl | m/tækjum | 8.330.000 |
| MF 5712S D4* | 120 hestöfl | m/tækjum | 10.170.000 |
| MF 5713S D4* | 130 hestöfl | m/tækjum | 10.990.000 |

** Lágnefja - Verð án vsk.*

**Verðdæmi á nýjum Valtra:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Valtra A93H** | 102 hestöfl | m/tækjum | 6.800.000 |
| **Valtra N103H3** | 110 hestöfl | m/tækjum | 7.990.000 |
| **Valtra N134A** | 145 hestöfl | m/tækjum | 12.600.000 |
| **Valtra A114MH** | 110 hestöfl | m/tækjum | 8.200.000 |
| **Valtra T174 EA og ED** | 190 hestöfl | m/frambúnaði | frá 13.800.000 |

*Verð án vsk.*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



# Ólafur Hand sakfelldur fyrir ofbeldi gegn barnsmóður sinni

## ■ Háttsettur hjá Eimskip ■ Lýsti umgengnistálmunum í sjónvarpi

**Ágúst Borgþór Sverrisson**
agustb@dv.is



Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi og markaðsstjóri hjá Eimskip, hefur verið fundinn sekur um alvarlegt ofbeldi gegn barnsmóður sinni, sem og brot gegn barnaverndarlögum þar sem dóttir þeirra varð vitni að ofbeldinu. Dómur þessa efnis var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 19. desember síðastliðinn. Atvikið átti sér stað á heimili Ólafs sumarið 2016 er móðirin hugðist sækja dótturina og fara með hana í sumarleyfisdvöl til Indónesíu. Barnsmóðirin, sem fer ein með forsjá barnsins, greindi frá því fyrir dómi að af svörum Ólafs fyrir atvikið teldi hún mega ráða að hann ætlaði ekki að skila barninu í tíma fyrir ferðina þrátt fyrir úrskurð sýslumanns þar um. Vegna þessa og þar sem hún óttaðist viðbrögð hans hafi hún kallað eftir lögreglufylgd.

Barnsmóðirin kom á vettvang með lögreglumanni og sambýlismanni sínum. Hún fór inn í hús Ólafs í óleyfi þegar Ólafur opnaði fyrir henni. Sagði barnsmóðirin í vitnaskýrslu að hún hefði gert það þegar hún heyrði barnið kalla til sín grátandi álengdar. Ólafur var ákærður fyrir að hafa tekið barnsmóðurina hálstaki og þrengt ítrekað að hálsi hennar, hrint henni þannig að hún féll í gólfið, rifið í hár hennar og ýtt henni utan í vegg. Þá er eiginkona Ólafs ákærð fyrir að hafa hlaupið ítrekað á konuna og klórað hana. Hin ákærðu sökuðu barnsmóðurina um húsbrot og ofbeldi á vettvangi. Lögreglan féll hins vegar frá saksókn á hendur barnsmóðurinni og var sú ákvörðun síðar staðfest af ríkissaksóknara.

Ólafur neitaði að hafa tekið barnsmóðurina hálstaki, hrint henni í gólfið eða ýtt henni utan í vegg. Hann segist hins vegar hafa gripið um hana ofarlega og lagt hana niður í gólfið.

### Áverkar á barnsmóðurinni

Barnsmóðirin kvartaði undan verk í hálsi eftir atvikið, sársauka við að kyngja, hósta, blóðbragði í munni, sem og höfuðverk og verk í herðum og baki. Þá hafi blóð verið í þvagi hennar. Hún segist jafnframt hafa orðið fyrir fósturláti vegna árásarinnar. Staðfest er að hún missti fóstur um þetta leyti. Samkvæmt dómsniðurstöðu ber gögn hins vegar ekki með sér að fósturlátið megi rekja til árásarinnar. Gögn og myndir bráðamóttöku LSH vegna líkamsskoðunar leiða í ljós marga yfirborðsáverka á hálsi, tognun og ofreynslu á hálshrygg, yfirborðsáverka á bakvegg og brjóstkassa, og loks tognun og ofreynslu á brjósthrygg.

### Ólafur sakfelldur en eiginkona hans sýknuð

Ólafur var fundinn sekur um líkamsárás á barnsmóður sína sem og um brot á barnaverndarlögum þar sem dómurinn taldi sannað að dóttir hans hefði orðið vitni að árásinni. Var hann fundinn sekur um að hafa tekið barnsmóður sína hálstaki, þrengt ítrekað að hálsi hennar og hrint henni þannig að hún féll í gólfið – en sýknaður af því að hafa rifið í hár hennar og hrint henni utan í vegg. Er Ólafur dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þá er hann dæmdur til að greiða konunni 400.000 krónur í miskabætur og verjanda sínum um 1,5 milljónir króna.

Eiginkona Ólafs var sýknuð af ákæru um líkamsárás.

Dráttur á rannsókn kann að hafa forðað Ólafi frá fangelsisvist en fram kemur í dómsorði að rannsókn málsins hafi dregist svo lengi að óhjákvæmilegt sé að skilorðsbinda refsingu Ólafs.

### Sakaði hana um umgengnistálmanir í viðtali við Stöð 2

Ólafur og konan eignuðust dóttur árið 2006 en þau áttu í fremur stuttu sambandi. Í febrúar árið 2017 kom Ólafur fram í löngu viðtali á Stöð 2 þar sem hann sagðist ekki hafa fengið að sjá dóttur sína í átta mánuði. Það er nákvæmlega sá tími sem liðinn var frá þeim atburðum sem lýst er í framangreindum dómi héraðsdóms. DV hefur undir höndum gögn sem sýna að það er samkvæmt ákvörðun yfirvalda sem Ólafur nýtur ekki reglulegrar umgengni við barnið. Byggir sú ákvörðun meðal annars á því að barnið treystir sér ekki til að hitta á hann vegna ofbeldisins sem það var vitni að. Í þeim gögnum kemur einnig fram að Ólafur sagði sig frá ferli þar sem fagmenn unnu að því, með stuðningi móður, að byggja upp traust og koma á umgengni á forsendum barnsins, meðal annars undir eftirliti. Stuttu eftir að hafa þannig neitað að vinna að umgengni, fór hann í sjónvarpsviðtal og ásakaði barnsmóður sína um tálmanir. Heldur hann því fram að hún hafi ruðst inn á heimili hans með ofbeldi. ■



# hrím

## ÚTSALAN ER HAFIN

# 20-70%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLU



**Aðeins í Kringlunni 2. hæð / 553-0500**

# ÓSVARAÐAR SPURNINGAR

## Arkitekt undrast skýrslu Innri endurskoðunar ■ Starfsmenn forðast að svara

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Braggamálið svokallaða hefur verið í fjölmiðlum undanfarna mánuði og skapaði fjaðrafok innan borgarstjórnarinnar í Reykjavík. Búið er að eyða 425 milljónum króna af skattpeningum borgara Reykjavíkur í að byggja bragga undir veitingastað og félagsmiðstöð fyrir stúdenta Háskólans í Reykjavík. Bragginn var upprunalega byggður í síðari heimsstyrjöld og var hann hluti af hóteli. Hótelið brann svo og lá undir skemmdum í fjölmörg ár.

Fram kom í fréttatilkynningu haustið 2015 að bragginn væri hluti af metnaðarfullri áætlun Háskólans í Reykjavík um að byggja upp nýsköpunargarð að erlendri fyrirmynd. Vinna átti verkið í samráði við stúdenta HR og hafa þar félagsaðstöðu, veitingasölu stúdenta og aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði við undirritun samninganna á sínum tíma: „Ástæðan fyrir því að borgin vill leggja þessu lið er að við viljum að borgin sé spennandi staður, þar sem verða til nýjar hugmyndir og ný fyrirtæki og þetta verkefni passar mjög vel inn í þá mynd.“ Upprunalega átti að verja 158 milljónum í verkefnið.

### Auðvelt fyrir borgarstarfsmenn að brjóta lög og reglur

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, hefur ítrekað í viðtölum við fjölmiðla talað um að um minjavernd væri að ræða þegar hann er spurður út í braggamálið. Minjavernd ríkisins hins vegar taldi ekki að bragginn myndi falla undir lög um minjavernd og var því ekki um minjavernd að ræða þegar bragginn var gerður upp. Einnig kemur fram í skýrslu Innri endurskoðunar að það hafi verið eftir hentugleika arkitekts verkefnisins hvað ætti að varðveita og hvað ekki. DV hefur í meira en tvo mánuði beðið um heildarlista yfir þau verkefni sem borgin flokkaði undir kostnað vegna verndunarsjónarmiða, en heildarkostnaður vegna þess var 71 milljón. Enn hefur DV ekki borist listi yfir þessi verkefni og er ástæðan fyrir því, að sögn Bjarna Brynjólfssonar, upplýsingarstjóra Reykjavíkurborgar, sú að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar hefur ekki enn svarað beiðni hans um að fá fullan lista. Sama skrifstofa tók sér meira en ár í að svara borgarlögmanni og afhenda honum gögn varðandi skoðun hans á braggamálinu. Framkvæmdum við braggann er ekki enn lokið en forseti borgarstjórnar gaf það út 11. október að borgarbúar myndu ekki greiða krónu í viðbót í braggann. Samkvæmt leigusamningi á milli Háskólans í Reykjavík og Reykjavíkurborgar er talað um að leigan eigi við fullbúið húsnæði. DV óskaði eftir reikningum fyrir leigu á húsnæðinu sem Reykjavíkurborg sendi á Háskólann í Reykjavík þann 20. desember síðastliðinn, enn hefur ekki borist svar frá Reykjavíkurborg vegna þeirrar fyrirspurnar.

> Ástæðan fyrir því að borgin vill leggja þessu lið er að við viljum að borgin sé spennandi staður

Samkvæmt skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er augljóst að nánast allt hafi farið úrskeiðis varðandi þessa framkvæmd og sýndi skýrslan hversu auðvelt það er fyrir borgarstarfsmenn að brjóta bæði lög og reglur í starfi og eyða hundruðum milljónum króna skattgreiðenda án þess að bera nokkra ábyrgð á mistökum sínum. Skipaður hefur verið hópur sem á að fara yfir tillögur Innri endurskoðunar um hvernig koma eigi í veg fyrir að svona nokkuð geti gerst aftur innan stjórnsýslu borgarinnar. Mun Dagur B. Eggertsson leiða þá vinnu. Hafa borgarfulltrúar minnihlutans bent á að það sé afar óheppilegt að Dagur leiði þá vinnu þar sem hann var meðal annars yfirmaður Hrólfs Jónssonar, ásamt því að hann hafi ekki brugðist neitt við ábendingum Innri endurskoðunar frá árinu 2015. DV mun fjalla ítarlega um braggamálið á næstu dögum.

### Skellti á blaðamann

DV hafði samband við Ólaf I. Halldórsson, fyrrverandi verkefnastjóra hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar. Í skýrslunni kemur fram að Ólafur hafi engan veginn verið að sinna sínum skyldum í starfi. Vildi Ólafur ekkert tjá sig um málið og vísaði á upplýsingarstjóra Reykjavíkurborgar og skellti svo á blaðamann. DV hafði samband við Bjarna Brynjólfsson en hann kannaðist ekki við að hann ætti að svara fyrir Ólaf þar sem hann hefði sagt upp störfum hjá borginni í desember. DV mun fjalla ítarlega um braggamálið á næstu dögum. ■

1



## UNDRAST SKÝRSLU INNRI ENDURSKOÐUNAR

Margrét Leifsdóttir var verkefnisstjóri yfir verkefninu, hún starfar hjá arkitektastofunni Arkibúllunni og er fyrrverandi starfsmaður Reykjavíkurborgar. Margrét kvittaði upp á reikninga fyrir hönd Reykjavíkurborgar og er því nafn hennar á flestum reikningunum sem Reykjavíkurborg greiddi verktökum fyrir vinnu við verkefnið. Hún var ekki aðalhönnuður verksins að hennar sögn en sinnti hún einnig eftirliti fyrir hönd borgarinnar og sat vikulega fundi með fulltrúum borgarinnar þar sem kostnaðurinn lá fyrir hverju sinni.

Í skýrslu Innri endurskoðunar kemur fram að eftirliti með verkefninu hafi verið ábótavant og segir í skýrslunni að viðvera Margrétar hafi verið takmörkuð. Samt sem áður sendi Arkibúllan reikning fyrir alls 616 klukkutímum vegna vinnu við eftirlit. Af þeim fóru 114 í vettvangsferðir og fundi vegna framkvæmda við braggann. Margrét mætti í morgunútvarp RÚV á sínum tíma og sagðist hafa verið mikið á staðnum og að þessi tímaskráning hafi verið algjörlega rétt.

Í samtali við DV segir Margrét að hún hafi verið búin að kynna sér skýrsluna og að hún hafi verið afskaplega ítarleg. Það kemur henni á óvart að Innri endurskoðun telji að eftirliti hafi verið ábótavant. „Ég er búin að setja niður nokkrar athugasemdir við skýrsluna sem ég á eftir að senda á Innri endurskoðun. Ég skil ekki alveg þá athugasemd, það kemur mér mjög á óvart. Ég held að allir þeir sem stóðu að byggingunni, ég gæti ekki ímyndað mér það að neinn þeirra myndi halda því fram að ég hefði verið lítið á staðnum.“

Í skýrslunni kemur einnig fram að Margrét hafi brotið innkaupareglur borgarinnar þar sem hún sótti ítrekað eingöngu tilboð frá einum aðila. Margrét segir að það sé stór misskilningur í fréttaflutningi að hún hafi handvalið verktaka. Reikningar sem einn verktakanna skilaði inn sýna að verktakinn keypti verkfæri á kostnað Reykjavíkurborgar og samþykkti Margrét þá reikninga. Þegar hún var spurð hvort hún teldi eðlilegt að borgin greiddi fyrir verkfæri sagði Margrét: „Ég ætla alls ekki að fullyrða að það sé eitthvað óeðlilegt við það.“

*Skýrslan sýnir að þú hafir verið að fara mjög illa með skattfé, þú varst ekki að fara eftir innkaupareglum borgarinnar og þú varst með takmarkaða viðveru á byggingarstað. Finnst þér ekki að þú eigir að bera einhverja ábyrgð á þessu máli?*

„Ég er búin að læra mjög mikið á þessu máli.“

*Þetta er líka búið að vera mjög dýr lexía sem hefur kostað skattgreiðendur tugi milljóna vegna brota þinna.*

„Ég er að læra mjög mikið á þessu verkefni,“ segir hún hikandi.

*Telur þú þig vera hæfa til að vinna að frekari verkefnum fyrir borgina?*

„Já, reyndar geri ég það, algjörlega.“

*Þó svo að skýrslan segi að þú hafir brotið innkaupareglur Reykjavíkurborgar ítrekað?*

„Ég tel mig bara vera fullhæfa til þess, algjörlega. Ég ætla ekki einu sinni að fullyrða að ég hafi brotið reglur.“ ■



# VARÐANDI BRAGGAMÁLIÐ
















**1** Enn hafa ekki fengist svör frá Reykjavíkurborg, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir DV til þess að fá þau, um hvað nákvæmlega yfir 70 milljónir fóru í vegna uppgerðar á minjum. Á sínum tíma þegar málið var í hámæli sagði Bjarni Brynjólfsson, upplýsingarstjóri Reykjavíkurborgar, það hafa verið t.d. mjög dýrt að gera upp gólfið ásamt því að arinn hafi verið gerður upp. Einnig hafi burðarbitar verið notaðir. Þegar reikningar eru skoðaðir þá kemur í ljós að uppgerð á gólfi braggans kostaði rúmar þrjár milljónir króna og hlýtur þá listinn yfir þá hluti sem var gerður upp að vera langur.

**2** Í samtali við DV sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, að Innri endurskoðun borgarinnar hafi skoðað tölvupóstssamskipti á milli hans og Hrólfs Jónssonar, fyrrverandi skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar. Í samtali við Innri endurskoðun borgarinnar segir hann að svo hafi ekki verið gert. Strax og skýrslan kom út bað DV um viðtal við borgarstjóra, enn hefur þeirri beiðni ekki verið svarað. DV sendi beiðni um að fá allan tölvupóst um samskipti Dags B. Eggertssonar og Hrólfs Jónssonar vegna Nauthólsvegar 100. Var svarið frá borginni á þá leið að enginn tölvupóstur væri til. Í Kastljósviðtali sagði borgarstjóri að til væri einhver tölvupóstur á milli hans og Hrólfs vegna Nauthólsvegar 100.

**3** Ekki hefur verið útskýrt hvers vegna næsti yfirmaður Hrólfs Jónssonar, Stefán Eiríksson borgarritari, hafi ekki verið upplýstur um málið. Innri endurskoðun bendir á í skýrslu sinni að bein samskiptaleið hafi verið að milli Hrólfs og Dags B. Eggertssonar vegna ýmissa mála hjá borginni en þeir segja báðir að engin samskipti hafi verið um framkvæmdir á bragganum, þrátt fyrir að þeir séu að vinna í sama skrifstofurými.

**4** Árið 2015 skilaði Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar frá sér svartri skýrslu vegna starfsemi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Kom þar fram að margar brotalamir væru í starfsemi skrifstofunnar og að mikið vantaði upp á ferla. Kom Innri endurskoðun borgarinnar með 30 tillögur um hvernig væri hægt að bæta starfsemi skrifstofunnar. Í skýrslunni um braggamálið er tekið sérstaklega fram að ef tillögur úr skýrslunni 2015 hefðu verið framkvæmdar hefði braggamálið aldrei getað átt sér stað. Borgin hefur ekki enn svarað af hverju ekki var farið eftir tillögum Innri endurskoðunar á þeim tíma.

**6 verkefni Reykjavíkurborgar sem hafa verið í fjölmiðlum sem hafa farið fram úr upprunalegum áætlunum**

- 1. Bragginn við Nauthólsveg - 267 milljónir fram úr áætlun - Framkvæmdum ekki lokið
- 2. Mathöllin við Hlemm - 208 milljónir - Framkvæmdum ekki lokið
- 3. Aðalstræti 10 - 270 milljónir
- 4. Vitinn við Sæbraut - 75 milljónir - Framkvæmdum ekki lokið
- 5. Gröndalshúsið - 198 milljónir
- 6. Fjölbýlishús í Írabakka - 330 milljónir

*Samtals: 1.348 milljónir*








VEISLUR
ÁRSHÁTÍÐIR
RÁÐSTAFNUR
SKEMMTISTAÐUR
MATSÖLUSTAÐUR

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar

Við skemmtum okkur vel
Allar helgar lifandi tónlist, dansað fram á nótt

Ráin
Hafnargata 19a - Keflavík
Sími 421 4601- rain@rain.is

# Húsin í bíó

## Ekki er allt sem sýnist

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Kvikmyndir eru töfraheimur og margt sem þarf til svo úr verði heil kvikmynd. Það er ekki bara fólk í ótal hlutverkum, bæði fyrir framan og aftan myndavélarnar. Leikmunir skipta líka öllu máli, bæði litlir og stórir, og leikmynd þarf líka að vera til staðar.

Í mörgum kvikmyndum gegna hús eða íbúðir stóru hlutverki af heildarmyndinni og erfitt er að sjá fyrir sér að myndin væri sú sama hefði annað hús (eða íbúð) verið notað. Hver man til dæmis ekki eftir húsi McCallister-fjölskyldunnar í Home Alone og íbúð vinahópsins í Friends?

Sama á við um margar íslenskar kvikmyndir og hér eru fimm alkunn hús úr þekktum kvikmyndum.



## Bakki – Ég man þig

Í kvikmyndinni Ég man þig, sem gerð er eftir samnefndri bók Yrsu Sigurðardóttur, gegnir hús á Hesteyri á norðanverðum Vestfjörðum stóru hlutverki. Húsið er þó alls ekki á Hesteyri, heldur stendur það við Víkurbraut 4 í Grindavík og með aðstoð tölvutækninnar er það fært til Vestfjarða.

Húsið heitir Bakki og er í eigu Minja- og sögufélags Grindavíkur, en félagið eignaðist húsið í maí 2015 og hefur unnið að endurbyggingu þess. Ég man þig er að miklu leyti kvikmynduð í og við Bakka.

Bakki er forn verbúð, byggð 1933, og er talin vera elsta uppistandandi verbúð á Suðurnesjum. Vonir standa til að í framtíðinni muni Bakki hýsa byggðasafn Grindvíkinga og aðra menningartengda starfsemi.



## Mýrargata - Eiðurinn

Pétur Einarsson, fyrrverandi forstjóri Straums og þríþrautarkappi, lánaði íbúð sína í miðbæ Reykjavíkur fyrir kvikmynd Baltasars Kormáks, Eiðurinn,

Pétur lánaði ekki bara íbúðina, heldur líka sjálfan sig, þar sem hann átti stórleik sem staðgengill Baltasars Kormáks þar sem hann synti og hjólaði af miklum krafti.

Í viðtali við Smartland árið 2016 sagði Pétur: „Ég er svo heppinn að eiga íbúð við höfnina með útsýni sem passaði vel í myndina og það var bara gaman. En þetta var meira fyrirtæki en við gerðum okkur grein fyrir og mikið af tækjum og fólki í húsinu í nokkra daga en allt gekk vel á endanum. Það var vissulega skrítið að sjá Gísla Örn og Heru reykja stórar jónur í sófanum hjá mér en þau eru frábærir leikarar og íbúðin er flottari eftir tökurnar. Það er mikill heiður að vera hluti af stærstu íslensku myndinni sem hefur verið gerð.“



## Högnuhús – Eiðurinn

Baltasar Kormákur valdi eitt þekktasta og fallegasta einbýlishús landsins, sem heimili fjölskyldu persónu hans í Eiðinum; Bakkaflöt 1 í Garðabæ, sem teiknað var af arkitektinum Högnu Sigurðardóttur árið 1965.

Húsið ber sterk höfundareinkenni en í verkum sínum lagði Högna áherslu á tengsl byggingar við náttúruna.

Högna var fædd árið 1929 og var fyrst Íslendinga til að læra við École des Beaux-Arts í París, þaðan sem hún útskrifaðist árið 1960.

Fyrsta húsið sem byggt var samkvæmt hönnun Högnu var einbýlishús í Vestmannaeyjum, við Búastaðabraut 11. Það skemmdist í Heimaeyjargosinu árið 1973 og er Brekkugerðið því elsta standandi verk hennar.



## Sumarbústaður Antons flugstjóra – Stella í orlofi

Einn þekktasti sumarbústaður landsins kom við sögu í Stellu í orlofi (1986), en Stella fékk hann lánaðan og fór með Salomon vin sinn þangað í afslöppun með kostulegum afleiðingum.

Sumarbústaðurinn, sem er í Norðurnesi í Kjós, var byggður árið 1978. Hann var settur á sölu í júlí 2017 og segir á heimasíðu fasteignasalans „mikil eftirspurn var eftir húsinu og fengu færri en vildu.“ Þegar kvikmyndin var tekin var lítill gróður við bústaðinn, sem hefur tekið ótrúlegum breytingum á þeim rúmu 30 árum sem liðin eru frá tökum myndarinnar.



## Ásvallagata 8 – Húsið

Einbýlishúsið var skærasta stjarnan í kvikmyndinni Húsið – Trúnaðarmál sem leikstýrt var af Agli Eðvarðssyni. Kvikmyndin var gefin út árið 1983 og er fyrst íslenskra hrollvekja í flokki svonefndra „geiramynda“. Hrollur myndarinnar byggist á dulmögnuðu andrúmslofti, flöktandi skuggum og undarlegum draumum.

Húsið, sem var byggt árið 1926, er stórt og reisulegt, um 300 fermetrar og hvítt að lit. „Þarna var mjög laglegt hús sem við gerðum ljótt,“ segir Egill um húsið við Ásvallagötu. „Eigendurnir leyfðu okkur að mála tvær hliðar upp á nýtt. Það stóð þarna hvítt og fínt en við vildum hafa það grátt og ljótt.“

Jóhann Páll Valdimarsson, sem stýrði Forlaginu og JPV í fjölda ára, og eiginkona hans, Guðrún Sigfúsdóttir, áttu húsið og lánuðu hópnum heimilið á meðan þau fóru í frí til Bandaríkjanna. „Konan mín hefur alltaf talað um að það væru vondir andar í húsinu en ég reyni að leiða drauga hjá mér,“ segir hann og bætir við að Egill og félagar hafi hrifist svo mikið af húsinu á sínum tíma að annað kom ekki til greina en að nota það fyrir kvikmyndina, en sögusagnir um draugagang hefðu ekki sakað hvað andrúmsloftið áhrærði.



REYKJAVÍK
Digital

# Settu vefmálin í góðar hendur

Við smíðum fallega, leitarvélavæna og skilvirka vefi sem virka hnökralaust í öllum tækjum og eru hannaðir til að selja þína vöru eða þjónustu á netinu.

VEFSVÆÐIÐ ÞITT ER ÞAÐ MIKILVÆGASTA SEM ÞÚ HEFUR TIL ÞESS AÐ NÁ TIL ÞÍNS MARKHÓPS.

https://reykjavikdigital.is/
hallo@reykjavikdigital.is
781-2000








VIÐARPARKET • UTANHÚSSKLÆÐNINGAR • VÍNYLPARKET • FLÍSAR • HURÐIR • TEPPI • KERFISLO




# Vínylparket og vínylflísar

**Við kynnum nýjung hjá okkur í gólfefnum. Vínylparket er ótrúlega slitsterkt, vatnsþolið og er mjög viðhaldslítið. Það hentar því í jafnt á baðherbergi sem í hótelandyri eða skrifstofurými.**

**Efnið er ótrúlega mjúkt og fæst bæði með fallegri viðaráferð í plönkum eða með náttúrusteinsáferð í flísum.**

**Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!**

Parki
INTERIORS







OFT • HARÐPARKET • INNRÉTTINGAR • Parki, Dalvegi 12-14, sími 5950570 • www.Parki.is

# Fehrat Encu kemst ekki á fundinn

## Vakti athygli á mannréttindabrotum í Tyrklandi

Á laugardag er efnt til fundar með fólki sem þekkir mannréttindabrot af eigin raun. Þetta eru tyrkneskir Kúrdar, Leyla Imret, sem hrakin var úr embætti bæjarstjóra í borginni Cizre í Suðaustur-Tyrklandi vegna andófs gegn ríkisstjórn Erdogans og flúði síðan land í kjölfar ofbeldis og fangelsana, og Faysal Sariyildiz, blaðamaður og þingmaður, sem sat árum saman í fangelsi og hefur kynnst mannréttindabrotum af eigin raun. Þriðji maðurinn er Fayik Yagizay, einn helsti talsmaður Kúrda í Evrópu. Sjálfur þekkir hann vel til tyrkneskra fangelsa – að innanverðu!



**Ferhat Encu** Gladdist vegna umfjöllunar í íslenskum fjölmiðlum.

### Parísardómstóllinn ekki í vafa um sekt!

Á síðasta ári fylgdist ég með Parísardómstólnum, sem starfað hefur allar götur frá sjöunda áratug síðustu aldar að frumkvæði heimspekinganna og mannréttindafrömuðanna Bertrands Russels og Jean-Paul Sartre, rannsaka hvort rétt væri að tyrknesk stjórnvöld hefðu framið stríðsglæpi og stórfelld mannréttindabrot í Kúrdahéruðum Tyrklands, eins og haldið hefði verið fram. Niðurstaðan var sú að svo hefði verið og léki þar enginn vafi á.

Ég ákvað þegar ég hlýddi á vitnaleiðslurnar að bjóða einhverjum vitnanna til Íslands að segja sína sögu og gera þau Leyla Imret og Faysal Sariyildiz það á umræddum fundi í Safnahúsinu við Hverfisgötu klukkan 12 á laugardag.

### Vildi opinbera rannsókn og var þá fangelsaður

Til hafði staðið af minni hálfu að bjóða hingað einnig Fehrat Encu, þingmanni Lýðræðisfylkingarinnar, HDP, sem er flokkur Kúrda í Tyrklandi. Hann var fangelsaður í byrjun nóvember árið 2016. Ég hafði áður valið Fehrat Encu, nánast af handahófi, sem fanga er ég vildi fylgjast með. Hann sogaðist inn í stjórnmálin eftir að hann hóf baráttu fyrir opinberri rannsókn á fjöldamorðum sem framin voru í desember árið 2011 í fjallahéruðum sem liggja að Írak, en þau sem þá féllu fyrir sprengjuregni tyrkneska lofthersins voru á unglingsaldri og flest í fjölskyldu Ferhats, þar á meðal ung systkini hans. Í kjölfar þessara atburða bauð Ferhat sig fram til þings og var kjörinn í júníkosningunum 2015, en þá vann HDP-flokkurinn stórsigur.

> **„Þau sem þá féllu fyrir sprengjuregni tyrkneska lofthersins voru á unglingsaldri og flest í fjölskyldu Ferhats, þar á meðal ung systkini hans.**

### Gladdist yfir umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum

Þegar ég síðan fór til Tyrklands í febrúar árið 2017 í svokallaðri Imrali-sendinefnd sem hafði valið sér það verkefni að vekja athygli á mannréttindabrotum í Tyrklandi, þar á meðal ómannúðlegri einangrunarvist Öcalans, leiðtoga Kúrda á Imrali-eyju í Marmarahafinu, reyndi ég að grennslast fyrir um hagi Fehrats Encu. Og viti menn, daginn sem við komum til Istanbúl eftir för okkar austur á bóginn var hann látinn laus úr fangelsi. Tókst að koma á fundi okkar í millum og gladdist hann mjög þegar ég sýndi honum skrif í íslenskum blöðum, meðal annars í DV, um hlutskipti hans. En gleðin var skammvinn því fáeinum klukkustundum eftir fund okkar var hann aftur kominn á bak við lás og slá og er þar enn.

### Allir velkomnir

Þess vegna verðum við að láta okkur nægja að minnast á Fehrat Encu í Safnahúsinu klukkan 12 á laugardag að honum fjarstöddum.

Á fundinn eru allir velkomnir. ■

*Höfundur er Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra og þingmaður.*




HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álþakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Mamma Veit Best

HREIN HEILSA

# MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

*Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!*




Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA

**Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín**

*Allt lífrænt - allt vegan*

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is



George Soros Skotspónn í heimalandinu Ungverjalandi.

# Hrekur andstæðinga sína frá Ungverjalandi

## Starfsmenn Open Society Foundations til Þýskalands

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Nú er svo komið að starfsmenn Open Society Foundations þora ekki lengur að starfa í Ungverjalandi, heimalandi George Soros, stofnanda samtakanna. Viktor Orban, forsætisráðherra landsins, er vægast sagt mjög í nöp við Soros, sem býr í Bandaríkjunum, og hefur á undanförnum misserum gert sitt ýtrasta til að gera Soros skráveifur. Samtökin Open Society Foundations hafa starfað í Ungverjalandi í 30 ár en nú hefur starfsemin verið flutt til Berlínar í Þýskalandi.

Atlaga Orban gegn samtökunum hófst af fullum þunga á síðari hluta ársins 2014. Þá sagði Orban í ræðu að hann hefði í hyggju að stofna „ófrjálslynt“ ríki í Ungverjalandi þar sem lýðræði væri af skornum skammti. Þetta hafði meðal annars í för með sér að hans sögn að tekið yrði hart á aðgerðasinnum en ríkisstjórn Orban flokkar Open Society Foundations sem samtök aðgerðasinna. Í fyrstu atlögunni var skattinum beitt gegn samtökunum og lögum og reglum breytt til að hamla starfsemi samtakanna. Til dæmis voru settar reglur 2017 sem kveða á um að samtök sem fá meira en 23.000 evrur í styrk frá útlenskum styrktaraðilum verða að lýsa því yfir að þau séu „fjármögnuð erlendis frá“. Ríkisstjórn Orban hefur einnig komið mörgum lögum í gegnum þingið sem kveða á um að ólöglegt sé að hjálpa ólöglegum innflytjendum að óska eftir hæli í landinu. Auk þess mega samtök, hvaða nafni sem þau nefnast, ekki blanda sér í hælisumsóknir. Einnig voru samþykkt lög, sem heita opinberlega Stop Soros, sem kveða á um fangelsisrefsingu yfir þeim sem hjálpa ólöglegum innflytjendum að dvelja í Ungverjalandi. Refsiákvæðið nær bæði yfir einstaklinga og samtök. Ríkisstjórnin hóf einnig beinskeytta baráttu og auglýsinga- og áróðursherferð gegn Soros.

### Fékk styrk frá Soros

Miðað við þetta allt kann það að hljóma undarlega að Viktor Orban fékk sjálfur eitt sinn beinan fjárstyrk frá Soros eða 10.000 dollara til að kosta nám hans í stjórnmálafræði við Oxford-háskóla í Englandi. Á síðari árum hefur Orban hins vegar þróað með sér það sem sumir vestrænir fjölmiðlar kalla þráhyggju í garð Soros. Orban segir að Soros sé að reyna að ná völdum í Ungverjalandi, að hann vilji ræna kjörna fulltrúa þeim völdum og stöðum sem þeir voru kjörnir til að gegna. Í ræðu 2017 sagði Orban að Soros vilji fækka kristnu fólki í Ungverjalandi með því að flytja múslíma til landsins.

Í herferð ríkisstjórnarinnar gegn Soros var því haldið fram að Soros hefði í hyggju að flytja milljónir innflytjenda frá Afríku til Ungverjalands. Þessu var haldið fram í auglýsingum í dagblöðum, hliðhollum ríkisstjórninni, sjónvarpi og á stórum auglýsingaskiltum víða um land. Á sumum þeirra var sýnd mynd af brosandi Soros og undir var texti á borð við: „Látum ekki Georg Soros hlæja best að lokum.“

> „Einu svíninu færra. Verði þér að góðu!

Ungverskir gyðingar hafa gagnrýnt auglýsingarnar og segja að í þeim megi greina gyðingahatur.

Allt hefur þetta borið árangur og að lokum hrökkluðust starfsmenn Open Society Foundations til Berlínar. Áður hugsaði starfsfólk samtakanna sig vel um áður en það sagði hvar það starfaði, almenningsálitið var orðið því svo andsnúið. Ekki var um beinar árásir á starfsfólkið að ræða en það fann vel að það var ekki velkomið víða, jafnvel gamlir vinir sneru skyndilega við því baki. Skyndilega voru starfsmenn Open Society Foundations orðnir óvinir ríkisins númer eitt.

Starfsmönnum samtakanna var til dæmis mjög brugðið yfir ljósmynd sem einn þingmaður stjórnarflokks Orban birti á Facebook. Á henni sést dautt svín, nýlega slátruðu, og búið er að skrifa „O volt a Soros“ á húð þess. Þetta er ákveðinn orðaleikur sem getur þýtt: „Hann var næstur í röðinni“ eða „Þetta var Soros“. Undir myndina skrifaði þingmaðurinn: „Einu svíninu færra. Verði þér að góðu!“



Viktor Orban Forsætisráðherra Ungverjalands.

Þingmaðurinn hefur ekki viljað játa að myndin hafi tengingu við Soros sem er gyðingur.

### Veist að háskólanum

En það er ekki aðeins Open Society Foundations sem eru skotspónn Orban og stjórnar hans því Central European University, háskóli sem Soros stofnaði og hefur stutt fjárhagslega, hefur einnig neyðst til að flytja starfsemi sína frá Ungverjalandi. Háskólinn neyddist til að flytja vegna laga sem var sérstaklega beint gegn honum til að þvinga hann til að flytja úr landi. Háskólinn hefur því flutt megnið af starfsemi sinni til Vínarborgar í Austurríki. ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# STÓR ÚTSALA REKKJUNNAR ER HAFIN

# 20-60% AFSLÁTTUR




ER HAFIN

Útlitsgallaðar, sýningar og skiptidýnur, heilsurúm, stakar dýnur, sængur, heilsukoddar, lök og höfðagaflar á ótrúlegu verði.

**Mikið úrval af stillanlegum rúmum á frábæru verði.**



**Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup!**

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Tveir af hverjum þremur þýskum karlmönnum glíma við offitu

## Kjöt, pylsur og bjór eiga stóran hlut að máli

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is






**Átak með knattspyrnu** Þátttakendur verða að vera að minnsta kosti 100 kíló.

Þýskir karlmenn eru að meðaltali feitari en aðrir evrópskir karlmenn og þeir eru ekki að gera neitt til að reyna að draga úr þessu. Þýskir karlar virðast beinlínis ekki hafa mikinn áhuga á að gera eitthvað í málunum en til að reyna að hvetja þá áfram hefur nýju verkefni verið hleypt af stokkunum. Það nefnist Fussball-Fans im Training en mörg af helstu knattspyrnuliðum landsins taka þátt í verkefninu. Þátttakendurnir verða að vera minnst 100 kíló og málbandið verður að sýna minnst einn metra þegar magamálið er mælt. Auk þess verður líkamsþyngdarstuðullinn BMI að vera minnst 28, sem þýðir að viðkomandi er greinilega of þungur. Einnig verða þátttakendurnir að vera félagar í stuðningsmannaklúbbum félaganna.

Þegar Dynamo Dresden auglýsti í haust að stuðningsmenn hefðu nú tækifæri til að spila undir merkjum félagsins og komast í betra form streymdu umsóknirnar inn. Margir vildu spila í XXL liði félagsins. Aðeins tuttugu sluppu í gegnum nálaraugað og komust í liðið. Einn þeirra er Matthias Eichhorn, 58 ára, sem er 134,4 kíló og 1,95 metrar á hæð. Í þýskum fjölmiðlum hefur verið haft eftir honum að það sem reki hann og aðra liðsmenn áfram sé stolt yfir að spila undir merkjum félags síns og löngunin til að léttast aðeins.

„Enginn vill vera sá sem tapar. Við æfum allir af krafti, eitthvað sem við höfum ekki gert árum saman, og höfum ánægju af.“

### Stórt vandamál

Fyrir 18 árum drukku Þjóðverjar að meðaltali 18 lítra af áfengi á ári. Í dag er neyslan komin niður í 12 lítra. Þetta er þó vel yfir meðaltali ESB-ríkjanna sem er 8 lítrar. Þjóðverjar neyta að meðaltali 90 gramma af sykri á dag en það er tvöfalt það magn sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO mælir með. Gosdrykkjaneysla Þjóðverja er mikil og óvíða í Evrópu er hún meiri og þá með tilheyrandi sykurneyslu.

Um 65 prósent þýskra karlmanna eru of þungir en það er nokkrum prósentustigum hærra hlutfall en að meðaltali í Evrópu samkvæmt niðurstöðu rannsóknar WHO. Fjórði hver þýskur karlmaður er í mikilli yfirþyngd. Hjá þýsku konunum er staðan önnur en um helmingur þeirra er í yfirþyngd og fimmta hver er svo þung að það er hættulegt heilsufarslega. En að meðaltali eru þýskar konur grennri en aðrar evrópskar konur. Kostnaðurinn vegna heilsufarsvandamála, tengdum ofþyngd, er mikill og má nefna að áætlað er að kostnaður þýska ríkisins vegna sykursjúkra landsmanna sé 35 milljarðar evra á ári. Kostnaður vegna fólks í mjög mikilli yfirþyngd er um 63 milljarðar evra á ári.



**Bratwurst** Ástæða offitu margra þýskra karla.



**Offita** Gríðarlegt vandamál í Þýskalandi.

> **„Þetta er hugarfar sem drepur mann“**

### Pylsur og bjór

En af hverju taka þýskir karlar því svo rólega að þurfa í sífellu að víkka beltið á meðan konurnar glíma ekki við sama vanda? Michael Despeghel næringarsérfræðingur sagði í samtali við Die Welt að ein af ástæðunum sé að körlum finnist gott að lifa frá degi til dags og borða það sem þá langar í hverju sinni. Hann segir að beinhörð tölfræði styðji þetta. Þýskir karlar borða að meðaltali rúmlega kíló af kjöti og pylsum í viku hverri en það er tvöfalt meira en konurnar innbyrða og tvöfalt meira en er talið ráðlegt. Þá drekka þeir tvöfalt meira af gosdrykkjum en konurnar og sex sinnum meiri bjór.

Desphegel segir að ein af ástæðunum fyrir að karlarnir lifi töluvert óhollara lífi sé að þeir geti bolað þeirri staðreynd að maturinn, sem þeir vilja helst borða, sé sá óhollasti, í burtu.

„Þetta er hugarfar sem drepur mann.“

Þá er það ekki til að bæta málin að sögn hans að karlarnir telja oft að þeir séu grennri en þeir eru í raun og veru en þennan vanda glíma konurnar ekki við. Könnun sem var gerð fyrir nokkrum árum leiddi í ljós að aðeins fjórði hver karlmaður taldi sig vera of þungan. ■






PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH






Hillulyftari


Þrönggangalyftari


Dráttartæki


Staflari


Tínslutæki


Dráttartæki


Dísellyftari


Rafmagnslyftari


Brettatjakkur


Rafmagnsbrettatjakkur

**Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!**

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | **pon.is**

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

MYNDIR: HANNA/DV



# Malín Brand horfir sátt fram á veg –

## „Samfélagsþjónustan var stórkostleg blessun“

**Malín Brand** er 37 ára og hefur þrátt fyrir ungan aldur upplifað meira á ævinni en margur annar. Hún var alin upp við stranga trú Votta Jehóva og þekkti ekki jól, afmæli eða annað slíkt í æsku og á unglingsárum og giftist ung manni sömu trúar. Í dag er hún nýlega trúlofuð ástinni í lífi sínu og komin í draumastörfin með kærleika og endurvinnslu að vopni.

Í viðtali við blaðamann DV ræðir Malín uppeldið og trúna, atvikið sem umturnaði lífi hennar, bíladelluna, Parkinson-sjúkdóminn, sem hún greindist með í fyrra og ástríðuna fyrir nýjum verkefnum og áskorunum.

**Ragna Gestsdóttir**
ragna@dv.is



Þetta er það sem ég kalla stórkostleg og dásamleg refsing," segir Malín um nýja starfið sitt, ritstjórn blaðs ABC barnahjálpar, sem hún hefur sinnt frá því í ágúst. „Ég er búin að taka út minn dóm, mína refsingu, sem fólst í samfélagsþjónustu hjá ABC barnahjálp."

Eftir að hafa hlotið dóm árið 2017 vegna fjárkúgunarmálsins sem skók þjóðina árið 2015, sótti Malín um samfélagsþjónustu og var boðið að starfa hjá ABC, en fyrst hélt hún að hún ætti að starfa á nytjamarkaðinum. „Sem hefði verið dásamlegt líka, en út af Parkinson-sjúkdómnum þá hefði ég ekki verið góð í afgreiðslu." Í staðinn fór hún á skrifstofuna í að skrifa og þýða greinar og þegar samfélagsþjónustunni lauk var henni boðið hlutastarf sem ritstjóri blaðsins. Blaðið kemur út tvisvar sinnum á ári, er sent til styrktaraðila auk þess að vera aðgengilegt á netinu og sér Malín um að taka viðtöl, þýða greinar úr sænsku og skrifa greinar.

„Það er svo mikil snilld að hafa fengið að vera hjá þeim, ég er búin að læra svo margt, ég vissi ekkert um ABC áður, vissi ekki hvernig það virkaði," segir Malín sem segir starfsfólkið frábært og ekki dæma neinn. „Tíminn hjá þeim leið svo hratt af því að ég var alltaf að fást við eitthvað sem var svo gefandi. Eins og kemur fram í ritstjórapistlinum mínum byggist starfið á kærleika og það er svo fallegt."

Aðspurð hvort hún telji eitthvað annað en tilviljun hafa stýrt henni í starfið brosir hún og segir marga hafa haft orð á því. „Þetta var stórkostleg blessun og hver veit nema eitthvað æðra hafi stýrt mér í starfið."

Malín er ekki lærð í blaðamennskunni, en titlar sig sem blaðamann og hefur gert síðan árið 2011, þegar Björn Ingi Hrafnsson bauð henni vinnu á Pressunni. „Þar var ég til ársins 2012, síðan fór ég á RÚV í eitt og hálft ár og síðan á Morgunblaðið."

*En af hverju ákvaðst þú að byrja í blaðamennskunni?*

„Af því að ég hef svo mikinn áhuga á fólki. Ég er forvitin, en ekki hnýsin. Það hafa allir sögu að segja og það eru allir merkilegir. Sumir eru skúrkar og allt það, en það eiga allir sögu og það er hægt að finna góðu söguna hjá öllum. Þetta er það sem mig hefur alltaf langað að gera. Í dag, hjá ABC, þá er ég bara að skrifa um jákvæða hluti, vissulega er örbirgð hjá mörgum, en starfið snýst um menntun barnanna og þegar þau eru búin með sitt nám, jafnvel háskólanám, þá eru þau svo þakklát og mörg þeirra gefa af sér áfram," segir Malín og nefnir sem dæmi mann sem útskrifaðist sem barnalæknir og ferðast í dag í fátækustu þorpin þar sem hann sinnir fólki endurgjaldslaust.

### Heilluð af endurvinnslu og rekur bílapartasölu með unnustanum

Starfið hjá ABC er þó ekki það eina sem Malín sinnir, því í ágúst opnuðu hún og unnusti hennar, Þórður Bragason, bílapartasöluna Bílabúið. Auk þess eru þau með vefsíðuna motorsport.is. Líkt og margir muna þá áttu bílar hug Malínar allan þegar hún starfaði á Morgunblaðinu, en af hverju er Malín með þessa svakalegu dellu fyrir bílum?

„Ég kalla þetta ekki dellu af því að della kemur og fer," segir Malín og brosir. „Ég er með meðfæddan bílaáhuga og man eftir mér pinkuponsulítilli að leika mér með bíla."

Hún hefur átt marga bíla í gegnum tíðina, „frekar marga," eins og hún segir, en man hún eftir þeim fyrsta? „Fyrsti bíllinn var ótrúlega hræðilegur, Fiat Uno 1987, 61 hestafl og á honum brunaði ég út um allt."

Unnusti Malínar er líka mikill bílakarl. Þau kynntumst í gegnum sportið, keppa saman í rallí og núna vinna þau líka saman alla daga, í bílapartasölunni.

„Fyrst hugsuðum við hvort það væri góð hugmynd, en það gengur rosa vel," segir Malín.

„Fólk hugsar um bílapartasölu sem eitthvert ógeð, eitthvað skítugt, en þetta er ekki þannig því þetta er endurvinnsla í sinni björtustu mynd, því við erum alltaf að nota aftur hlutina í stað þess að kaupa nýtt.

Þetta er umhverfisvænt, ef maður fjarlægir spilliefni þá er hægt að endurnýta og endurvinna heilan helling."

Þórður er tölvunarfræðingur og hefur hannað kerfi til að halda



# „Einhverjir héldu að ég hefði fengið taugaáfall og heyrði ég fólk pískra um það eða jafnvel skjóta að mér hvort ég hefði verið að fá mér kvöldið áður



utan um bílaparta. „Þetta háspennukefli kemur úr þessum bíl, hann var rifinn þarna og síðan er mynd af bílnum, þannig að það er alltaf hægt að vita uppruna partanna. Sem dæmi má nefna að þegar bílar eru lagaðir eftir tjón þá er eðlilegt að fá að vita hvaðan hluturinn kemur.“

Það er opið allan daginn og Þórður á vakt, auk Malínar, þótt hún sé líka að sinna fleiru. „Og það er nóg að gera! Ég held að fólk sé að kveikja á því að það er engum til góðs að vera sífellt að kaupa eitthvað nýtt, að flytja yfir hafið hluti sem eru til hér heima.

Ég vil trúa því að við getum gert miklu betur með plastið, eins og á meðalstórum bíl þá eru 9 prósent þyngdarinnar plasthlutir, um 115 kíló. Stærri hluti eins og stuðara má endurvinna, ég er ekki að tala um að plokka allt plast af bílnum, en það munar um stærri hlutina,“ segir Malín, sem segist alltaf hafa haft áhuga á umhverfismálum og endurvinnslu. „Á RÚV var oft sagt: „Þarna kemur Malín hlaupandi á eftir ruslabílnum.“

*Varstu kannski byrjuð á undan öllum hinum með endurvinnslu?*

„Ég veit það ekki, en fyrir svona 10 árum var ég mikið að velta fyrir mér af hverju við endurynnum ekki plast. Ég er ánægð með að endurvinnsla, sérstaklega með plast, er komin inn í vitund fólks. ABC rekur tvo nytjamarkaði og í fyrsta blaðinu mínu sem ritstjóri þá skrifa ég til dæmis um að endurnýta jólaskrautið, þú getur til dæmis keypt jólakúlu þar á tíkall. Þú getur líka farið með þitt dót og endurnýtt, það er svolítið skemmtilegt. Einnig finnst mér í lagi að gefa eitthvað notað, til dæmis bækur, sem jólagjafir,“ segir Malín og verður hæstánægð þegar blaðamaður bendir henni á að bókaútgefendur séu að mestu hættir að plasta bækur.

### Spáir ekkert í aldursmuninn – „Fyndið þegar fólk heldur okkur feðgin“

Líkt og fyrr sagði kynntist Malín unnusta sínum í gegnum bílasportið. „Ég og Þórður kynntumst árið 2014 og erum búin að vera saman í eitt ár. Hann er töluvert eldri en ég, 16 árum.“

*Er aldursmunurinn ekkert vesen?*

„Nei, alls ekki. Doddi er ekkert karlalegur og ég pæli ekkert í þessu. En það er stundum fyndið þegar fólk spyr hvort við séum feðgin. Það hefur ekki gerst oft, en fólk verður mjög vandræðalegt.“

Parið trúlofaði sig núna um jólin. Malín á einn son, Óðinn, sem er tíu ára, og Doddi á þrjú börn, öll rúmlega tvítug, og býr miðjusonurinn hjá þeim. Aðspurð hvort það sé erfitt að vera orðin stjúpmamma fullorðinna barna, segist Malín ekki líta á sig sem stjúpmóður þeirra, en allir séu sáttir og samrýndir.

Bílar eru fjölskyldusportið. Bragi, sonur Dodda, sem býr hjá þeim gerir Mótorsportþættina fyrir RÚV. „Þannig að á sumrin erum við öll saman, við að keppa og hann að taka upp. Þegar við erum ekki að keppa, erum við öll í torfærunni: ég að mynda, Bragi að kvikmynda og Doddi tekur einnig myndir fyrir vefinn okkar. Bragi gerir einnig þætti fyrir erlendan markað.“

Eldri sonur Dodda er bílasmiður og það er því nokkuð ljóst að bílar eru fjölskylduáhugamálið. „Við Óðinn erum í góðum málum, hann er líka mikill bílakarl.“

### Yngsta konan sem greinst hefur með Parkinson hér á landi

Í hittifyrra greindist Malín, 35 ára gömul, með Parkinson-sjúkdóminn, yngsta konan sem greinst hefur hérlendis. Segist hún fram að því hafa talið sjúkdóminn „gamalmennasjúkdóm,“ en flestir þeirra sem greinast eru komnir yfir sextugt. Sjúkdómurinn gengur ekki í erfðir og fyrir utan einn ættingja, er Malín sú eina í sinni fjölskyldu með sjúkdóminn.

„Það eru margir sem halda sjúkdóminn ættgengan, en ekki hefur verið sýnt fram á það og það veit enginn af hverju einhver einn fær sjúkdóminn frekar en annar. Þegar ég var 32 ára þá byrjaði vinstri handleggurinn að hristast einn daginn og ég hugsaði bara: hvað er í gangi? Svo leið dagurinn og aldrei hætti hristingurinn,“ segir Malín aðspurð hvenær einkenni gerðu fyrst vart við sig.

„Þegar ég var á RÚV árin 2012–2013 þá var fólk að benda mér á að ég væri svo skjálfhent. Ég fór að leita til læknis og einn taugalæknir sagði mér að ég væri bara móðursjúk, „já, ókei, lýsir það sér svona?“, ég er ekki hjá honum lengur,“ segir Malín og hlær.

„Einhverjir héldu að ég hefði fengið taugaáfall og ég heyrði fólk pískra um það eða jafnvel skjóta að mér hvort ég hefði verið að fá mér kvöldið áður.“

Árið 2017 fékk hún síðan greiningu á sjúkdómnum, fimm árum eftir fyrstu einkenni, og segir það hafa verið gott, þar sem í dag tekur hún lyf sem slái á einkennin. „Ég er yngsta konan sem greinst hefur hérlendis, en allavega þrír karlmenn, yngri en ég, hafa greinst á eftir mér. Einn þeirra sætti sig ekki við að fá ekki greiningu hér og fór til útlanda og sótti sér hana. Það er mikil sóun að eyða bestu árum ævi sinnar í að geta ekki lifað og gert það sem mann langar til að gera.

Maður verður svo stífur af Parkinson, fer í keng, er illt alls staðar, hefur ekki kjark til að gera hluti. Jafnvægið er skrýtið líka og sumir missa jafnvel röddina. Sjúkdómurinn háir mér í daglegu lífi, en vegna lyfjanna þá hef ég meiri kraft en áður. Óðinn man eftir tímabili þegar mig langaði út að leika með honum, en einfaldlega gat það ekki. Svo jafnvel fórum við út að leika, en ég komst ekki heim, sat bara í snjónum og óskaði þess að þyrla kæmi og flytti mig heim.“

Í dag þekkir Malín betur á líkamann og takmörk sín hvern dag. Og er farin að læra að biðja um hjálp við hluti sem hún ræður ekki við að gera sjálf. „Það getur allt gerst, en ég fagna bara hverjum góðum degi. Það er skrýtið að geta ekki gert hluti sem ég gat gert áður. Ég er líka stolt og allt það, en er að læra að biðja um aðstoð. Ég er með gott teymi á Landspítalanum og svo æðislegan sjúkraþjálfara, hina dönsku Annette.

Hún fór með mig í frítíma sínum og lét mig gera æfingar sitjandi á hestbaki, á feti. Hreyfingin og jafnvægið er svo gott fyrir mann, maður er með lausa fætur, finnur jafnvægið og er að hreyfa sig með. Snertingin við dýrin, hitinn frá hestinum, útiveran, þetta er alveg geggjað og hefur allt svo góð áhrif á mann,“ segir Malín, sem segir velferðarkerfið hins vegar ekki styðja svona óhefðbundnar aðferðir. „Þessi aðferð er hins vegar mikið notuð í Danmörku og mér finnst það mikil blessun að hafa kynnst Annette, hún er alveg yndisleg og sinnir starfi sínu ekki fyrir peninga, heldur af manngæsku. Ég myndi vilja að fleiri Parkinson-sjúklingar ættu þess kost að fara á hestbak, ég þarf bara að finna út úr því hvernig ég kem því í kring. Jafnvel hvort Parkinson-samtökin vilji taka þátt í því.“

*Hvernig var að vera ung, 35 ára, einstæð móðir og fá greininguna um Parkinson-sjúkdóm?*

„Veistu það hafði svo margt gengið á í lífinu að þetta var bara svona allt í lagi,“ segir Malín einlæg. „Ég man að læknirinn var mjög varfærinn þegar hann sagði mér niðurstöðuna og benti ▶




hann mér á að það væri í lagi að gráta. Ég brotnaði ekki niður, en auðvitað var þetta áfall. Margir verða leiðir, jafnvel þunglyndir, en ég hugsaði með mér að slíkt væri ekki að fara að hjálpa mér.“

Malín hélt áfram að keppa í rallí eins og fyrr, en leitaði til Parkinson-samtakanna með ráðgjöf. Segir hún starfsfólk Landspítalans ekki aðstoða með réttindi eða aðstoð, og því sé gott að geta leitað til fjölskylduráðgjafar Parkinsonsamtakanna, sem veiti fría ráðgjöf um réttindi sjúklinga, mataræði og fleira.

Síðastliðið sumar voru samtökin með átak til að vekja athygli á sjúkdómnum en þau safna fyrir húsi sem er ekki til staðar í dag, miðstöð fyrir sjúklinga þar sem hægt væri að halda fundi og bjóða upp á fræðslu, en fundir eru í dag haldnir í sal í Hátúni, sem samtökin fá afnot af.

„Ég og nokkrar aðrar konur fórum inn á völlinn með landsliðskonunum í fótbolta og aftan á treyjunum stóð Parkinsdóttir, sama gerðu strákarnir og á treyjum þeirra stóð Parkinson. Þannig vöktum við athygli á sjúkdómnum. Auk þess höfum við vakið athygli á þeirri skelfilegu staðreynd að dánartíðni vegna sjúkdómsins er næsthæst í heimi á Íslandi, sem er ægilegt, en ekki er vitað af hverju svo er. Hvort það er loftslagið, myrkrið, mataræðið. Sem dæmi má nefna þá þekkist Parkinson varla í Mið-Austurlöndum. Það er margt sem er órannsakað.“

## Spennt, en hrædd vegna stofnfrumumeðferðar

Malín hefur verið í sambandi við lækna erlendis, sem vilja fá hana í stofnfrumumeðferð, meðferð sem ekki hefur verið reynd enn sem komið er á mönnum. „Fyrst þetta virkar á mýs, þá virkar þetta á Malín,“ segir hún og hlær.

„Ég er spennt fyrir meðferðinni og langar að fara, þetta væri mikill séns sem ég væri að taka en maður vill reyna allt þegar maður er með ólæknandi sjúkdóm. En meðferðin kostar um fimm milljónir og það hefur enginn Parkinsonsjúklingur farið og ég þori ekki að fara fyrst. Læknarnir geta auðvitað engu lofað um árangur, en ég myndi vilja fara fyrr en seinna, ef meðferðin yrði til að stoppa sjúkdómsferlið. Ég verð kannski betri, allavega ekki verri held ég. Ég myndi samt vilja sjá að svona meðferð yrði niðurgreidd í framtíðinni.“

## Alin upp í Vottum Jehóva – Lögð í einelti alla barnæskuna

Malín er alin upp í vottatrú, en móðir hennar, sem fædd var árið 1947, tók trúna árið 1971. „Það vissi enginn af hverju hún gerði þetta, hún hafði sem dæmi búið í Mið-Austurlöndum. Síðan kynntist hún pabba. Hann var aldrei í vottunum, var bara hlutlaus í þessu. Þau gerðu samkomulag, mamma fékk að ala okkur upp með þessu trúardóti og pabbi var alltaf í vinnunni og í flugbjörgunarsveitinni.“

Vottar halda ekki upp á afmæli eða jól með tilheyrandi hátíðlegheitum og veisluhöldum: mat, skrauti, pökkum og svo framvegis. Hvernig var að alast upp sem vottur Jehóva?

„Ég átti enga vini í skóla, mér var strítt og ég var lögð í einelti, gróft einelti, alla skólagönguna,“ segir Malín. „Ég talaði aldrei um vottana að fyrra bragði, en ef ég var spurð þá sagði ég ekki ósatt. Sumir héldu einfaldlega að ég væri að fíflast.“

Vottarnir flúðu oft um jólin



í sumarbústaði og segir Malín hennar fjölskyldu hafa gert það: „Eitthvert vottaþorp í Ölfusborgum í Hveragerði, fyndið.

Ég hef talað um það áður, að það að alast upp í vottunum sé trúarofbeldi. Maður er svo áberandi í að skera sig út úr hópnum. Þessar aðstæður kalla bara á að börnum sé strítt. Ég var oft með hnút í maganum við að fara í skólann, hann var eitthvað ægilegt í mínum augum.“

Malín segir umburðarlyndi orðið meira í dag í fjölmenningarsamfélagi og þrátt fyrir erfiða æsku segist hún engu vilja breyta úr uppeldinu. „Ég er hér út af þeirri krókaleið sem ég hef farið. Eftir sem áður finnst mér dapurlegt að hugsa til þeirra barna sem eru út undan, sem fá ekki jóla- og afmælisgjafir, ekki páskaegg, þau mega ekki mæta í afmæli til annarra barna, það er bannað. Svo sitja þau í tónmennt og mega ekki syngja með jólalögunum. Þegar ég var í kristinfræði, þá var ég tekin út úr þeim.“

Eftir grunnskólann fór Malín í Menntaskólann í Reykjavík og segir menntaskólaárin hafa verið góð og enginn leiðinlegur við hana þar. En hún skar sig þó enn úr fjöldanum. „Ég var gift kona, ég gifti mig þegar ég var 18 ára, manni sem var líka vottur,“ segir Malín. „Samnemendum mínum fannst skrítið þegar ég sagðist þurfa að fara heim að elda fyrir fjölskylduna.“

Úr MR hélt Malín síðan í Háskóla Íslands, þar sem hún lærði mannfræði og málvísindi. Þar lærði hún meðal annars gagnrýna hugsun og á sama tíma losaði hún sig undan hlekkjum vottanna og hjónabandsins. „Við skildum á sama tímabili. Það var auðvitað illa séð að ég væri að mennta mig. Ég sá að ég gat ekki gert sjálfri mér þetta lengur,“ segir Malín, sem var í Vottum Jehóva þar til hún var 23 ára.

Í kjölfarið skráði hún sig í Ásatrúarfélagið. „Þetta var pínu yfirlýsing hjá mér, svona ég ræð mér sjálf og ég má skipta um skoðun. Mér finnst heiðin arfleifð okkar mjög merkileg og Ásatrúarfélagið er mjög flott félag. Ég er ekki rosa virk, en ég fylgist samt með,“ segir Malín.

„Ég er ekki trúuð, ég segi stundum að ég sé guðleysingi, en ekki trúleysingi, fólk heldur oft að það sé eitt og hið sama. Það er svo margt ótrúlegt búið að gerast að ég get ekki neitað því að það fyllir mig auðmýkt. Eins og allt þetta stórkostlega fólk sem ég hef kynnst, til dæmis í gegnum ABC. Ég get ekki neitað því að hugsa að það sé til eitthvað æðra og það væri hrokafullt af mér að halda því fram að svo sé ekki.“

## Uppeldið mótaði móðurhlutverkið

Í dag elskar Malín jólin, sem hún fékk ekki að njóta sem barn. „Við Óðinn erum mikið jólafólk og mér sýnist bæði Doddi og Bragi sáttir við það. Ég er ekki á síðustu stundu með neitt, því ég vil njóta þess í desember að japla á jólunum.“

*Mótaði æskan hvernig þú ólst eigið barn upp?*

„Ég held ég sé pínu öfga jóla og afmælis, af því ég vil ekki að eitthvað úr minni æsku skyggi á. Mitt uppeldi er víti til varnaðar og ég leitast við að veita Óðni vitsmunalega örvun,“ segir Malín, sem segist ekki hafa þolað þegar hún sem barn, fékk sama svar við spurningum sínum: „Þú færð að vita það seinna, þegar þú verður stór“.

„Ég svara honum alveg óhikað með að ég viti ekki eitthvað, en þá förum við saman og leitum upplýsinga. Óðinn er tíu ára og við ræðum mikið málin; trúmál, pólitík og margt fleira. Ég legg líka ríka áherslu á að þó að ég trúi ekki á guð, þá hefur hann frelsi til að velja og frelsi til að hafna.

Sem barn mátti ég ekki lesa allar bækur sem ég vildi, ég man til dæmis að mamma fór með Veröld Soffíu og skilaði henni á bókasafnið, sagði bókina heimspeki og ég mætti ekki lesa svoleiðis.“

## „Þetta var mín versta martröð“

Það er ekki hægt annað en spyrja Malín um atburðinn sem kollvarpaði lífi hennar árið 2015, þegar hún og systir hennar voru handteknar í júní fyrir að kúga fé af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þáverandi forsætisráðherra.

„Mig langar alls ekki að tala um þetta mál, það snýst um veika manneskju sem ég er í engum samskiptum við í dag. Það er agalegt að hafa blandast inn í þetta,“ segir Malín, en dómur féll í apríl 2017 og eins og áður segir hefur Malín tekið út sína refsingu.

*Verður þú fyrir aðkasti í dag vegna málsins?*

„Já, það gerist, fólk er stundum að benda á mig og þekkir mig úti á götu. Ég hefði viljað vera þekkt fyrir eitthvað jákvætt, ekki þetta. En svona er þetta, ég gerði mistök, stór mistök og ég er búin að taka út refsingu fyrir það,“ segir Malín, sem var fyrir þetta atvik þekkt andlit, allavega hjá hluta þjóðarinnar.

„Það er afspyrnu neikvætt að vera þekkt fyrir svona, ég verð ekki fyrir skítkasti, en ég fer til dæmis í afmæli og heyri svo eftir á að fólk hafi verið að spyrja hvort ég væri ekki konan sem var í málinu með Sigmundi. Ég vil geta sagt við fólk: „Ef þetta er að trufla þig, þá skulum við bara klára að ræða það og höldum svo áfram,“ ef fólk vill það ekki þá fer ég bara.

Það er stór og mikil spurning af hverju við gerum það sem gerum og af hverju við segjum það sem við segjum. Og hvernig í ósköpunum gerðist þetta? ef ég ætti „konkret“ svar við því þá væri ég búin að svara. Þetta eru aðstæður sem ég kom mér í og sem ég kom mér ekki út úr. Þetta var mín versta martröð.“

Í kjölfar málsins missti Malín vinnuna í maí 2015 og einangraði sig mikið. „Það var allt gjörsamlega sturlað í samfélaginu, þetta var bara hamagangur eins og með Klaustursmálið núna. Það var stöðugt hringt í mig og ég var bara hrædd. Mér leið svo illa með þetta allt saman, en sem betur fer er ég komin í gegnum það.“

*Langar þig ekki að fara aftur í vinnu í blaðamennskunni?*

„Mér finnst það ekki við hæfi, þetta var dásamlegur vinnustaður og frábært fólk. En trúverðugleikinn og traustið fór og ég held að það verði að líða lengri tími. Ég gæti ekki bara gengið þar aftur inn eins og ekkert hefði gerst. Líka út af virðingu við lesendur, en svo sannarlega væri ég til í að vinna þar aftur einhvern tímann.“

Aðspurð hvort að hún sé í einhverju sambandi við systur sína í dag, sem hlaut einnig dóm fyrir málið, svarar Malín að svo sé ekki. „Ég hef ekki talað við hana síðan 29. maí 2015, en ég vona heitt og innilega að það gangi vel hjá henni. Auðvitað ber ég alltaf kærleika til hennar, en ég held að það sé ekki góð hugmynd að við séum í samskiptum og hún hefur ekki teygt út sáttarhönd til mín. Ég er þó löngu búin að fyrirgefa systur minni, þó að hún hafi ekki beðið mig afsökunar. Ég gæti líklega sagt eitthvað ljótt um hana, en ég sé engan tilgang í slíku, það væri bara að lýsa mínu innra rusli. Ég el ekki á reiði og gremju, og ef slíkar hugsanir eða tilfinningar koma upp, þá klára ég þær strax. Slæmar hugsanir og neikvæðni kemur manni fyrr í gröfina og ég er ekkert að flýta mér þangað.“

*Finnst þér fólk eiga rétt á öðru tækifæri eftir að hafa tekið út sína refsingu?*

„Ég tel að þegar einstaklingur er búinn að taka út sína refsingu, þá sé ekki fallegt að rifja mál hans endalaust upp, en málið mun alltaf loða við viðkomandi. Ég þarf ekki að skammast mín fyrir að vera sú sem ég er, mín gildi eru á hreinu, ég er að sýna með verkum mínum í dag hver þau eru.

Fólk á skilið annað tækifæri í lífinu, ég fæ sting í hjartað þegar mál er tekið upp í fjölmiðlun og fólk drullar yfir viðkomandi einstakling. Mér líður illa fyrir hönd viðkomandi af því að ég hef verið sjálf í þessum sporum og þetta á enginn að þurfa að ganga í gegnum. Við eigum ekki að gera svona, þannig byggjum við ekki hvert annað upp. Með mannkærleika að leiðarljósi þá getum við ekki gert svona.

Hver sá sem ætlar að dæma mig fyrir mistök sem ég gerði í fortíðinni verður bara að eiga það við sig,“ segir Malín og bætir við að hvað varðar þetta mál, líkt og uppeldið, vildi hún þrátt fyrir allt engu breyta.

„Ég myndi engu vilja breyta þótt þetta hafi verið erfitt tímabil, vegna þess að ég er rosalega hamingjusöm þar sem ég er núna og mér hefur aldrei liðið betur. Þrátt fyrir öll áföllin; andlát mömmu og pabba, þetta hryllilega mál, Parkinson, ég er á svo góðum stað. Við,“ bætir hún við og lítur á Óðinn, sem kom með móður sinni í viðtalið og hefur lesið í bók, meðan það fer fram.

„Þetta er bara stormandi lukka, Doddi, þetta er bara yndislegt. Stundum finnst mér þetta vera of gott til að vera satt, ef þetta er draumur þá vil ég ekki vakna, allavega ekki strax,“ segir Malín einlæglega.

*Hvað ber framtíðin í skauti sér, hvað langar þig að gera?*

„Mig langar að þýða fleiri bækur, en ég hef áður þýtt bók, bæklinga og greinar. Ég er að læra þýðingafræði núna í Háskóla Íslands til að vera með tæknina og verkfærin rétt. Námið er svo skemmtilegt, en ég tek bara eitt fag í einu til að ofgera mér ekki. Ég var hálfnuð með lögfræði í Háskólanum í Reykjavík, en ég held ég klári hana ekki. Stundum er ég líka beðin um að taka myndir fyrir aðra, ég tek líka myndir fyrir vefinn okkar.

Mig langar að breyta heiminum og bæta hann, til dæmis með umhverfisvakningunni og bílaendurvinnslunni. Þetta er svo jákvætt, þú ert að hugsa um jörðina og að gera heiminn að betri stað fyrir næstu kynslóð. Það er framtíðin, að halda áfram að gera gott,“ segir Malín, sem hefur háð marga hildina í lífsins ólgusjó, unnið sumar og tapað öðrum, rétt eins og við flest, en horfir nú sátt til framtíðar, nýtrúlofuð og í starfi sem gefur af sér kærleik til komandi kynslóða. ■

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL HÁFAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

- Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti
- LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
- Panasonic sjónvörp með allt að 120.000kr afslætti
- 1400snúninga og 8kg þvottavélar frá 39.995
- Uppþvottavélar með allt að 25% afslætti
- Blandarar með allt að 63% afslætti
- Sharp örbylgjuofnar frá 9.995
- Witt spansuðuhelluborð frá 29.995 – 40% afsláttur
- Yfir 100 gerðir af kæliskápum á útsölunni
- iRobot ryksugur með allt að 30% afslætti
- Barkalausir þurrkarar frá 49.995
- Þráðlausir Bluetooth hátalarar og heyrnartól með miklum afslætti
- Dolce Gusto kaffivélar frá 3.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ ALLA HELGINA!**

Heimilistæki
www.ht.is

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-18 OG SUNNUDAG 13-17.

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFROST iRobot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT 512 7070 ABENDING@DV.IS

**Útgáfufélag:** Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
**Framkvæmdastjóri:** Karl Garðarsson **Aðalritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristjón Kormákur Guðjónsson
**Aðstoðarritstjóri:** Einar Þór Sigurðsson **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

*DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.*

**Aðalnúmer:** 512 7000
**Auglýsingar:** 512 7050
**Ritstjórn:** 512 7010

## Sandkorn



### Þeirra eigið skaup

Frjálshyggjumenn náðu að stimpla sig inn í umræðuna eftir áramótaskaupið með því að kalla eftir því að hægrimenn fengju sitt eigið skaup. Ástæðan sé vinstri slagsíðan í skaupinu 2018. **Hannes Hólmsteinn** skammaðist líka yfir skaupinu, sama gerði hinn dularfulli leiðarahöfundur Morgunblaðsins. Það verður að teljast ansi fyndið að sá hópur sem hefur talað um að „allt sé bannað nú til dags“, „pólitískur rétttrúnaður sé að drepa allt“ og „það megi aldrei grínast með neitt“ sé að kvarta undan bröndurum. Spurning hvort þeir fái ekki örlítið meira fjármagn frá kvótaeigendum og ríkisbanka til búa til sitt eigið hægri skaup til höfuðs vinstra skaupinu. Miðað við skopmyndateikningar Morgunblaðsins, sem voru reyndar teknar fyrir í skaupinu, þá yrði það skaup hressilega ófyndið.



### Miðflokkurinn er ódrepandi

Tvær síðustu skoðanakannanir á fylgi flokkanna hafa sýnt svo ekki verður um villst að Miðflokkurinn er ódrepandi. Í þeirri fyrri fékk hann tæplega fimm prósent og í þeirri seinni tæplega sex. Ætla mætti að rúmlega helmingun á fylgi sé verulegt áfall fyrir flokk en kannanirnar sýna að lægstu mörk flokksins myndu koma nokkrum fulltrúum á þing í kosningum. Mál eins og Klaustursmálið hefði hæglega getað drepið annan flokk. Ef þetta hefðu til dæmis verið fulltrúar Viðreisnar væri sá flokkur svifinn til forfeðra sinna. En persónufylgi **Sigmundar Davíðs** er slíkt að töluvert stór hluti þjóðarinnar myndi vaða eld og brennistein fyrir hann og trúa hvaða samsæriskenningu sem hann setur fram. Það var því rétt ákvörðun fyrir hann að taka málið á hnefanum.

# Úr mínum köldu dauðu lúkum

## Leiðari



**Ari Brynjólfsson**
ari@dv.is

Gamlárskvöld. Eina kvöldið á ári sem ég breytist í grjótharðan frjálshyggjumann. Skoðanir mínar minna helst á byssubrjálæðinga í Bandaríkjunum sem eru með mynd af bróderuðu stjórnarskrárákvæðinu um vopnaeign á veggnum í stofunni. Svo mikið elska ég flugelda. Þetta er eina kvöldið á ári þar sem maður getur farið út að nóttu til og verið með læti án þess að hafa áhyggjur af því að vekja nágrannana. Þeir eru einfaldlega með manni úti að hafa gaman.

Þegar maður elskar flugelda þá kemst maður ekki hjá því að verja skoðanir sínar þegar ofan í mann eru hamraðar fréttir, álit og fréttatilkynningar frá opinberum aðilum um að flugeldar mengi svo mikið að það drepi fólk. Ég hef engan áhuga á að drepa neinn, ég keypti meira að segja aðeins minna af flugeldum en í fyrra og eitt rótarskot, en ég mun samt alltaf kjósa gegn því að banna flugelda, líkt og 7% þjóðarinnar og 18% Pírata vilja.




Umhverfisstofnun sagði í svari við fyrirspurn minni að mengunin hefði vissulega verið mikil. Hún var meiri en í borginni Batman í Tyrklandi, sem er mjög menguð þrátt fyrir svalt nafn. Það sefaði hins vegar samviskuna að vita að Batmanmengunin varði ekki nema í rúman klukkutíma. Umhverfisstofnun segir einnig að það hjálpi mikið að loka gluggum, jafnvel þótt ekki séu sett blaut handklæði fyrir.

Eins kjánalegt og það er að vísa í hefðir þá skal því haldið til haga að það er rík hefð fyrir flugeldum hér á landi. Þeim var skotið upp í Kópavogi árið 1662. Í dag er fastur liður hjá mér sem og ótal öðrum Íslendingum að fara og hitta björgunarsveitina og splæsa í eina miðnætursprengju, köku og nokkra smáhluti. Maður sættir sig við margar hömlur á lífinu, ég þarf að fara til Danmerkur til að kaupa bjór úti í búð, til Austur-Evrópu til að skjóta úr byssu og það má ekki reyna að gera 17. júní örlítið skemmtilegan með smá flugeldum. Gott og vel. Ég skal meira að segja sætta mig við að allir flugeldar verði nú að vera CE-merktir.

Pirringurinn fer á hátt stig þegar það er byrjað að telja upp öll rökin fyrir því að flugeldar séu slæmir. Bílar eru líka slæmir, reykingar líka, óbeinar reykingar líka, drykkja líka og ekki láta mig byrja á hvað ýmis lyf geta verið slæm. Spurningin snýr að réttinum til að ganga á rétt annarra, er rétturinn til að skemmta sér við að sprengja og menga sterkari en rétturinn til að búa í höfuðborginni og þurfa ekki að setja handklæði fyrir gluggann á nýársnótt? Því get ég ómögulega svarað, en miðað við könnun Maskínu þá er enn stærstur hluti landsmanna fylgjandi óbreyttu fyrirkomulagi.

Þannig að ég segi bara, reynið bara að ná mér, rétttrúnaðarlið. Bannið flugelda í þéttbýli og ég fer bara út á land á gamlárskvöld. Setjið björgunarsveitirnar á fjárlög og gerið þær að Björgunarstofu sem er bara opin milli 9–15 á virkum dögum, verði ykkur að góðu. Bannið allt nema ýlur og eigið mest óþolandi áramót sem sögur fara af. En á gamlárskvöld segi ég eins og hörðustu byssubrjálæðingar vestanhafs: „Þið takið flugeldana mína úr mínum köldu dauðu lúkum“. ■

## ORÐIÐ Á GÖTUNNI

# Verður framboðið af Geir meira en eftirspurnin?

Orðið á götunni er að Geir Þorsteinsson, fyrrverandi formaður KSÍ, sé á leið í framboð. Í næsta mánuði verður kosið um formann KSÍ á nýjan leik, en Guðni Bergsson hefur gegnt formennsku í þessu stærsta sérsambandi ÍSÍ undanfarin tvö ár og sækist eftir endurkjöri.

Guðna hefur ekki tekist að fá alla á sitt band. Íslenskur toppfótbolti, hagsmunasamtök liða í tveimur efstu deildum Íslands, vildi til dæmis veita fjármunum sem Guðni vildi setja í nýja stöðu yfirmanns knattspyrnumála, til annarra verkefna, en hin nýja staða var eitt af kosningaloforðum Guðna, sem enn hefur ekki tekist að ráða í og var að lokum frestað fram yfir ársþingið.

Margir segjast þó uggandi yfir því að fá Geir inn aftur enda var drykkjumenning í hans tíð sem formanns nokkuð sem margir gátu ekki sætt sig við. Margir eru hissa á því að Geir ætli að snúa aftur eftir svona stutta fjarveru, en lítið hefur til hans spurst eftir að Miðflokkurinn náði ekki inn manni í Kópavogi í síðustu sveitarstjórnarkosningum, þar sem Geir var oddviti.

Geir, sem er heiðursformaður KSÍ, klifraði metorðastigann innan UEFA í tíð sinni hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Hafa málsmetandi menn innan íþróttasambandsins lýst yfir undrun sinni við Eyjuna, á að Geir hafi ekki náð að koma ár sinni betur fyrir borð innan UEFA og er umrædd drykkjumenning sögð vega þar þungt.

Orðið á götunni er að margir knattspyrnumenn úr karla- og kvennalandsliðum Íslands vilji ekki fá Geir inn sem formann aftur. Leikmenn ku hafa verið orðnir þreyttir á því að hafa drukkna starfsmenn KSÍ með í för þegar haldið var í verkefni erlendis, en oftar en einu sinni og oftar en tvisvar eru Geir og vinir hans innan sambandsins sagðir hafa fengið sér í tána meðan leikmenn voru að einbeita sér að því að ná í góð úrslit fyrir land og þjóð og hefur verkefni í Tékkland sérstaklega verið nefnt í því sambandi.

Í tíð Guðna hefur sambandið unnið í því að bæta ímynd sína út á við og hefur það tekist með nokkrum ágætum. Orðið á götunni er að innan KSÍ þyki fólki það vera skref aftur á bak, nái Geir kjöri að nýju.



## Spurning vikunnar

### Strengir þú áramótaheit?



„Já. Ég hlusta mjög mikið á eitt podcast og áramótaheitið er að skrifa þeim bréf“

**Bryndís Pétursdóttir**



„Nei, ég ætla ekki að gera það og hef aldrei gert það“

**Vincent Newman**



„Nei, ég bý í Svíþjóð“

**Einar Magnússon**



„Já. Um vistvænni lífsstíl“

**Þóra Þorgeirsdóttir**

# Nýtt ár – nýr lífsstíll

**Ábyrgðarmaður:** Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is







HJÁ HÖLLU:

## Heilsusamlegt og gott

Hún Halla María Svansdóttir hefur lengi boðið fólki upp á hollan og heilnæman mat og þegar hún opnaði veitingastaðinn Hjá Höllu í Grindavík í lok árs 2015 hafði hún í nokkur ár sinnt veitingaþjónustu sem var smá í sniðum, með heimsendingum og síðar veitingavagni. En starfsemin heldur sífellt áfram að vaxa þar sem grunnurinn er stór hópur ánægðra viðskiptavina sem koma aftur og aftur. Staðurinn í Grindavík er að Víkurbraut 62 og tekur 60 manns í sæti. Annar Hjá Höllu-staður er síðan í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og tekur 45 manns í sæti. Halla er auk þess með um 300 viðskiptavini í fyrirtækjaþjónustu og eru það mestmegnis fyrirtæki í Reykjavík, á meðan gestir staðarins í Grindavík eru heimamenn og fólk úr Keflavík.

„Þó að þetta flokkist sem heilsuveitingastaður þá eru þetta ekki bara vegan- eða grænmetisréttir. Þeir eru vissulega í boði en hér er líka hægt að fá kjöt og almennt er matseðillinn mjög fjölbreyttur. En hollustan kemur ekki síst fram í því að hér gerum við allt af frá grunni, vinnum okkar eigin sósu og gerum okkar safa og búst úr ferskum ávöxtum og grænmeti. Við notum hreint kjöt og búum til okkar eigin salatsósu, og svo framvegis," segir Halla.

**Safa- og súpuvikan: Góð leið til að hefja nýtt ár á heilsusamlegum nótum**

Eftir mikið ofát um hátíðirnar þurfa margir á því að halda, og virkilega þrá það, að hefja nýtt ár á hreinu fæði og gæta hófs. Mörgum hentar að hreinsa líkamann með því að vera á fljótandi fæði í nokkra daga. Safa- og súpuvikan er áhugaverður kostur fyrir þau sem eru í þessum hugleiðingum en hún hefst mánudaginn 7. janúar:

„Viðskiptavinir fá þá þrjá safa, tvö búst og eina súpu fyrir kvöldið. Þetta er hæfilegur dagskammtur til að ná sér niður eftir hátíðirnar," segir Halla.

Nánari upplýsingar og pantanir eru á vefsíðunni hjahollu.is. Sjá einnig Facebook-síðuna Hjá Höllu. ■



SAFA- OG SÚPUVIKAN BYRJAR 7. JANÚAR





ÍSLENSKA FLATBAKAN:

# Borðum hollari pizzur á nýju ári

Pizzur þurfa ekki að vera óhollar og á Íslensku Flatbökunni, Bæjarlind 2, Kópavogi, er boðið upp á mikið úrval af hollum pizzum. Allar pizzurnar eru úr súrdegi og eru einstaklega léttar í maga. Einnig er í boði glúteinskertur pizzubotn fyrir þá sem eru með glúteinóþol.

Íslenska Flatbakan er með landsins mesta úrval af vegan-pizzum og vegan-forréttum. Er hún með fyrstu veitingastöðum sem buðu upp á vegan-valmöguleika á matseðlinum. Pizzurnar á Íslensku Flatblökunni henta einstaklega vel þeim sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að vegan-lífsstíl en vilja verðlauna sig með gómsætum mat af og til. Pizzurnar geta verið ótrúlega léttar og ferskar en einnig vel útilátnar og toppaðar með alls konar sósum eða olíum. Þeir sem vilja breyta aðeins til geta líka prófað forréttina eða eftirréttina sem eru margir vegan.

**Tvær vinsælustu vegan-pizzurnar eru:**
Sú Ferska: Súrdeig, pizzasósa, vegan-ostur, döðlur, hvítlaukur, klettasalat, ferskir tómatar, ferskur rauðlaukur, spicy mayo og svartur pipar.

Sú Fullkomna: Súrdeig, pizzasósa, vegan-ostur, döðlur, hvítlaukur, sveppir, þistilhjörtu, salthnetur, basil og sjávarsalts- og oreganoblanda.

**Spennandi tilboð í janúar:**
Allar vegan-pizzur á 2.800 kr.
Allir vegan-forréttir á 1.650 kr.

Íslenska Flatbakan er fjölskyldurekinn veitingastaður sem var stofnaður árið 2015. Sem fyrr segir er staðurinn til húsa að Bæjarlind 2 í Kópavogi. Opið er mánudaga–fimmtudaga frá 11 til 21, föstudaga frá 11 til 22, laugardaga frá 12 til 22 og sunnudaga frá 12 til 21. Matseðil og fleiri upplýsingar er að finna á vefsíðunni flatbakan.is. Sjá einnig Facebook-síðuna Íslenska Flatbakan. ■











# Náttúrulegt þörunga magnesíum




# Mikil virkni

## Gott að taka inn á morgnana

- Uppspretta orku í frumunum
- Nauðsyn fyrir efnaskipti og brennslu
- Styður vellíðan og einbeitingu
- Minni sykurlöngun og streita
- Veitir slökun og betri svefn
- Tauga- og vöðvastarfsemi

**Hrein þörungaafurð úr hafinu**

**3ja mánaða skammtur**

Þægileg bragðlaus inntaka í köldu vatni.
Þörungamagnesíum úr sjónum er uppleysanlegt í maganum.
Mikil upptaka í líkamanum. Fæst bæði í dufti og hylkjum.
Frábært að blanda út í olíu til að nudda stífa vöðva.

www.celsus.is

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu, Heilsutorg, Melabúðinni, Græn heilsa.

# Kísilsteinefnið inniheldur hreinan jarðhitakísil

Kísilsteinefnið geoSilica inniheldur hreinan jarðhitakísil sem unninn er úr jarðhitavatni Hellisheiðarvirkjunar. Læknisfræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að kísill gegnir mikilvægu hlutverki í mannslíkamanum og er honum nauðsynlegur. Kísill er sérstaklega mikilvægur fyrir heilsu beina enda örvar hann myndun kollagens í líkamanum, en kollagen er helsta uppistaða bandvefjar sem er að finna í beinum, húð, hári, nöglum, liðböndum, sinum og brjóski.

Kísill hjálpar einnig kalki að koma sér fyrir í beinvef og er því mikilvægt að taka inn kísil samhliða kalkinntöku til að kalkið nýtist sem best. Inntaka kísilsteinefnis gæti haft fyrirbyggjandi áhrif gegn beinþynningu.

Kísilsteinefnið geoSilica styrkir bandvef, styrkir hár og neglur og vegna betri myndunar kollagens getur inntaka kísilsins stuðlað að sléttari og fallegri húð.

Fyrirtækið geoSilica Iceland hefur þróað vöruna, framleiðir hana og selur. Þau Fidu Abu Libdeh og Burkni Pálsson, ásamt Ögnum ehf., stofnuðu fyrirtækið árið 2012. Um haustið það ár fékk geoSilica verkefnastyrk Tækniþróunarsjóðs til rannsókna og þróunar á vörunni. Hún kom síðan á markað í desember árið 2014: 100 prósent hágæða náttúrulegt íslenskt kísilsteinefni í vökvaformi, tilbúið til inntöku.

**Nýjar vörur frá geoSilica slá í gegn**

geoSilica hefur eflt mjög vöruþróun á síðustu misserum og hafa nýjar vörur frá fyrirtækinu slegið rækilega í gegn. geoSilica kísilsteinefni eru á metsölulistanum Top 10 Best Sellers in Silica Mineral Supplements á Amazon US.

geoSilica býður nú upp á eftirfarandi vörulínu:

- geoSilica kísill -Íslenskt kísilsteinefni
- geoSilica Renew – Fyrir húð, hár og neglur
- geoSilica Recover – Fyrir vöðva og taugar
- geoSilica Repair – Fyrir liði og bein

Nánari upplýsingar um vörurnar og virkni þeirra er að finna á vefsíðunni geosilica.is. Þar er einnig að finna merkilegar reynslusögur margra Íslendinga sem hafa notað vörurnar frá geoSilica með undraverðum árangri. Við látum eina fljóta hér með:



**Ásdís Geirsdóttir**

*„Nokkrum mánuðum eftir að ég átti yngri dóttur mína í nóvember 2014 fór að bera á miklu hárlosi hjá mér. Ásamt því var ég mjög slæm í húðinni og neglurnar á mér brotnuðu endalaust. Mér var þá bent á kísilsteinefnið frá geoSilica. Það er 100% náttúrulegt steinefni sem er þróað og framleitt á Íslandi úr jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun. Kísilsteinefnið kemur í vökvaformi og ætlast er til að maður taki inn 1 msk. (10 ml) á hverjum degi. Það sem mér fannst líka virkilega gott við kísilinn er að hann inniheldur engin aukaefni – aðeins kísil og vatn – og er einnig bragðlaus. Ég ákvað að prófa enda orðin frekar langþreytt á þessu ástandi og búin að prófa bæði sjampó fyrir hárlos, ýmis krem og naglaherði. Ein flaska dugði mér í einn mánuði og eftir um 2 vikur var ég farin að sjá verulegan mun á húðinni, hárinu og nöglum. Ég ákvað því að taka aðra góða törn og keypti flöskur næstu tvo mánuðina og árangurinn lét ekki á sér standa!*

*Ég náði svo að sannfæra manninn minn um að prófa kísilinn líka. Hann er með psoriasis en kísillinn hefur reynst fólki með psoriasis einstaklega vel. Hann sá einnig mikinn mun á húðinni sinni og margir blettir sem hann var með urðu þynnri og minnkuðu til muna.*

*Síðan þá höfum við nokkrum sinnum tekið tarnir með kísilinn frá geoSilica og alltaf sé ég jafn mikinn mun á mér og þá sérstaklega á húðinni og nöglunum. Auk þess finnst mér þetta minnka slen og stirðleika sem oft hellist yfir marga yfir vetrartímann."*




MÝRIN VATNSLEIKFIMI:

# Heilsuefling í vatni

Vatnsleikfimi er frábær líkamsrækt sem hentar bæði fullfrísku fólki og fólki með ýmis stoðkerfisvandamál, bakverki, vefjagigt eða slitgigt. Jóna Örlygsdóttir íþróttakennari hefur um árabil boðið upp á hressandi og skemmtilega vatnsleikfimi í Mýrinni í Garðabæ (TM-höllin).

„Vatnsleikfimin hjá mér er ætluð fólki á vinnufærum aldri eins og það er kallað, aldursbilið í tímunum er frá u.þ.b. 45–65 ára," segir Jóna en hennar þjálfun byggist upp á fjölbreyttum æfingum til að auka liðleika, styrk og úthald. Áherslan í leikfiminni er lögð á að nýta vatnið sem mótstöðu til að bæta hreyfigetu og auka líkamlega færni. Margir sem mæta eru með gigtarvandamál, bakverki og önnur stoðkerfiseinkenni, aðrir eru tiltölulega heilsuhraustir og er leikfimin þá góð viðbót við aðra hreyfingu. „Maður getur svo margt í vatni sem ekki er gott að gera á þurru landi og ávinningurinn af því hafa vatnið sem mótstöðu er mikill. Meiðslahætta er nánast engin og líðanin eftir hreyfingu í vatni er alveg dásamleg."

Jóna kennir vatnsleikfimi fimm daga vikunnar og er yfirleitt með tvo til þrjá hópa á dag. „Ég gæti þess að hafa hópana ekki of stóra, það er nauðsynlegt að hver einstaklingur fái leiðbeiningar samkvæmt sinni getu," segir Jóna. „Ég legg líka mikið upp úr því að kynna mér ástand hvers og eins og hafa þjónustuna eins persónulega og hægt er. Ég hef mikla og góða reynslu af þjálfun, starfaði til dæmis lengi á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, hef starfað á líkamsræktarstöðvum og undanfarið hef ég líka verið í samstarfi við starfsendurhæfinguna VIRK."

Næstu hópar í vatnsleikfiminni fara í gang þann 16. janúar. Skráning er hafin og skal skrá sig með því að senda skilaboð á Facebook-síðunni Mýrin vatnsleikfimi eða senda tölvupóst á netfangið myrin.vatnsleikfimi@gmail.com.









ÍSEY SKYRBAR:

# Gera góða vöru enn betri

Booztbarinn, sem í langan tíma hefur verið leiðandi í sölu á hollusturéttum, skipti um nafn fyrir skömmu og ber nú heitið Ísey skyrbar. Þetta eru mikil tímamót í sögu fyrirtækisins og með þessari breytingu er skerpt enn frekar á hollustugildi réttanna sem í boði eru.

„Þessi breyting tengist meðal annars áhuga okkar á því að fylgja eftir þeirri velgengni sem hefur verið í útflutningi og framleiðslu á íslensku skyri í útlöndum. Það hefur orðið mikil söluaukning á skyri á erlendum markaði og Ísey skyrið er núna selt í 17 löndum,“ segir Kristinn Ingi Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Skyrboozt ehf. sem rekur útsölustaði Ísey skyrbar.

**Enn meiri hollusta**

„Matseðillinn er svipaður og var á Booztbarnum en það hefur orðið ákveðin uppfærsla,“ segir Kristinn. Hollusta réttanna á Ísey skyrbar er enn meiri en verið hefur þar sem innihald grænmetis hefur verið aukið og mun meira er notað af hreinu skyri í réttina en áður var.

„Við kynnum til sögunnar nýtt hreint skyr sem er sérstaklega framleitt fyrir Ísey skyrbar. Það inniheldur dálítið minni súr en hefðbundna skyrið en heldur að öðru leyti öllum einkennum vörunnar skyrs. Þetta skyr hentar einstaklega vel í vörurnar okkar.

Við nafnabreytinguna og með nýjum matseðli hefur salan hjá Ísey skyrbar aukist um 12–15% .

Við erum með á matseðlinum fimm tegundir af Orkuskálum sem njóta stöðugt meiri vinsælda.

Ísey skyrbar staðirnir eru á sömu stöðum og Booztbarinn var áður, það er á N1 á Hringbraut, Borgartúni 39 og Ártúnshöfða. Kristinn segir að stefnt sé að fjölgun útsölustaða í náinni framtíð á Íslandi og að Ísey skybar stefni jafnframt á að opna útibú erlendis. Ísey skyrbar er opinn á öllum stöðunum frá 7.30 til 20 virka daga og frá 10 til 18 um helgar.

Auk fjölbreyttra skyrdrykkja býður Ísey skyrbar líka upp Orkuskálar, vegan hollustudrykki og ávaxta- og grænmetissafa.

„Minnum jafnframt á Áramótabombu Ísey skyrbar sem og frábæru tilboði á öllum vörunum okkar hjá aha.is.“

Sjá nánar á vefsíðunni iseyskyrbar.is, Facebook-síðunni Booztbar og aha.is ■








ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ:

# Flokkum meira á nýju ári

Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú að breyta rétt gegn umhverfinu og það er margt sem hvert og eitt okkar getur gert til að minnka neikvæð áhrif lífshátta okkar á náttúruna. Eitt mikilvægasta framlag einstaklinga til umhverfisverndar er að flokka heimilissorp til endurvinnslu.

Græna tunnan frá Íslenska Gámafélaginu einfaldar flokkun til endurvinnslu. Í hana má setja allan pappír, plastumbúðir og smáhluti úr málmi. Allar þær umbúðir og annað sem við notum við daglegt heimilishald er unnið úr hráefnum sem eiga sér uppruna í náttúrunni. Plast er til dæmis unnið úr olíu, málmar unnir úr námum með tilheyrandi jarðraski og tré felld til að framleiða pappír og pappa. Markmiðið með endurvinnslu er að mynda hringrás sem miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka þannig álag á auðlindir jarðar. Með þessu má einnig draga úr magni úrgangs sem endar í urðun.






**Pappír**
Nánast allan pappír má endurvinna, bylgjupappa, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír, kvittanir, pítsukassa, mjólkurfernur og fleiri umbúðir úr sléttum pappa.

Vissir þú að með því að endurvinna 10 kg. af pappír sparast orka sem mætti nota til að ryksuga stöðugt í tæpa viku?

**Plast**
Plast brotnar ekki niður í náttúrunni svo mikilvægt er að flokka plast til að koma í veg fyrir að það sé urðað eða endi úti í náttúrunni. Hreinar plastumbúðir má flokka til endurvinnslu og annað plast, sem ekki ber úrvinnslugjald, er hægt að flokka og skila á næsta gámasvæði. Einnig er mikilvægt að koma í veg fyrir óþarfa plastúrgang með því að minnka notkun á einnota plasti eins og plastglösum, hnífapörum úr plasti og plastpokum. Gott er því að nota fjölnota poka eða jarðgeranlega poka við innkaup í stað plastpoka og fjölnota drykkjarmál í stað einnota kaffibolla.

Fyrir heimilissorpið er hægt að nota jarðgeranlega poka, eins og t.d. umhverfisvæna ruslapokann frá Íslenska Gámafélaginu sem gerður er úr maíssterkju.

**Málmar**
Smáhluti úr málmi eins og niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppa má flokka í Grænu tunnuna.

Vissir þú að með því að endurvinna 12 áldósir er hægt að spara rafmagn sem dugar í 20 km. akstur á rafbíl?

**Lífrænt**
Um það bil 30–35% af heildarmagni sorps er lífrænn eldhúsúrgangur sem hægt er að jarðgera. Afurð jarðgerðarinnar, moltan, nýtist sem næringarríkur jarðvegsbætir fyrir garðinn eða í landgræðslu og skógrækt. Hjá Íslenska Gámafélaginu er hægt að fá moltugerðartunnu og í hana má setja ýmsa matarafganga eins og ávexti, grænmeti, brauð, eggjaskurn, kaffikorg, telauf, pasta og hrísgrjón.

Frekari flokkunarleiðbeiningar fyrir Grænu tunnuna, á íslensku, ensku og pólsku, má nálgast á vefsíðunni igf.is ■



LEANBODY:

# Hágæða fæðubótarefni sem gera gott betra

Leanbody ehf. er fæðubótarefnaverslun sem hóf göngu sína í byrjun desember 2015," segir Agnes Kr. Gestsdóttir, sem á og rekur Leanbody ásamt kærastanum sínum, Alfreð Pálssyni. „Við byrjuðum smátt í Bæjarhrauninu í Hafnarfirði, en síðan hefur verslunin vaxið jafnt og þétt og gengið vonum framar. Í október opnuðum við síðan aðra Leanbody-verslun sem staðsett er í Síðumúla 11 í Reykjavík. Það gerðum við til að auka enn fremur þjónustuna við okkar viðskiptavini. Fagleg og góð þjónusta er það sem við leggjum hvað mesta áherslu á. Labrada er okkar aðal vörumerki og er það eitt af elstu fæðubótarmerkjum í heiminum. Það merki kemur frá Bandaríkjunum og er þekkt fyrir mikil gæði en miðast ekki eingöngu við keppnisfólk, heldur er fyrir alla sem vilja ástunda hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl."

Hjá Leanbody er boðið upp á heildarlausnir. „Við höfum boðið fólki upp á ráðleggingar um hvað eina sem varðar heilbrigðan lífsstíl," segir Alfreð, sem hefur æft og keppt í vaxtarrækt og kraftlyftingum, en Agnes keppti mikið í sundi á árum áður. Þau vísa viðskiptavinum meðal annars á þjálfara af báðum kynjum. „Þetta eru þjálfarar sem við þekkjum til og berum traust til."

Á þessum þremur árum hefur Leanbody hjálpað mörgum í átt að sínum markmiðum, bæði keppnisfólki og einstaklingum sem náð hafa góðum árangri í sinni grein eða náð að breyta lífsstíl sínum í átt að betri heilsu. Fólk sem hefur breytt um lífsstíl, hefur hvatt aðra og eru góðar fyrirmyndir, hvort sem það er með því að grenna sig eða ná góðum árangri, heillumst við af. Okkur finnst mikilvægt að hafa mikla jákvæðni í kringum okkur því það skilar sér best til viðskiptavina okkar, það er mikilvægt að gefa gott frá sér," segir Agnes.

**Eva Dögg var 139 kíló**

*Eva Dögg er starfsmaður Leanbody í Síðumúla 11. „Hún Eva Dögg byrjaði sem viðskiptavinur hjá okkur. Við kynntumst henni alltaf betur með hverri heimsókninni og það endaði á því að ég bauð henni vinnu. Eva er engin venjuleg kona, hún er gull og við gætum ekki verið heppnari með starfmann. Sagan hennar Evu er mögnuð og fengum við hana til að deila henni," segir Agnes:*

*Eva skrifar:*

*„Ég var á tímabili þyngst 139 kíló eftir ótal misheppnaðar tilraunir til að missa aukakílóin, allskonar megrunarkúra sem virkuðu í smá tíma eða bara alls ekki. Ég missti kílóin hratt en var alltaf jafn fljót, ef ekki fljótari að fá þau öll til baka og nokkur í plús stundum. Ég var búin að reyna allt og komin í þrot bæði líkamlega og andlega.*

*En ég ákvað að gera eina tilraun í viðbót til að koma sjálfri mér í betra líkamlegt og andlegt form, bæði fyrir mig og dóttur mína. Því ég vil geta verið til staðar fyrir hana. En í þetta sinn fór ég af stað með það hugarfar að þetta væri ekki kapphlaup um að missa kílóin heldur lífsstílsbreyting. Ég var búin að vera dugleg í ræktinni og í mataræðinu og kílóin byrjuðu að fjúka. En samt vantaði mér eitthvað, fannst ég standa svolítið í stað. Þegar ég labbaði inn í Leanbody-búðina í Bæjarhrauninu tók Agnes vel á móti mér. Það var eitthvað við það hvernig hún aðstoðaði mig, ég var tilbúin að koma inn og kaupa alla búðina með fína nýja VISA-kortinu mínu.*

*Hún stoppaði mig af og benti mér á að raunhæf markmið væru best, en hún mælti með að ég byrjaði á að prófa eina vöru (sem er Fatburner), koma svo aftur ef mér fyndist varan virka, sem ég gerði. Því varan svo sannarlega virkaði. Fatburner hjálpaði mér gríðarlega mikið, síðan smátt og smátt bætti ég inn vörum í samráði við Agnesi. Þetta hjálpaði mér gríðarlega í átt að mínum markmiðum.*

*Aldrei hefði mig grunað að „feita stelpan" ég myndi einhvern tíma starfa í fæðubótarefnabúð. En í dag vinn ég í nýju Leanbody-búðinni í Síðumúla 11, er búin að mennta mig sem heilsumarkþjálfi og er um um 60 kílóum léttari. Líður betur en nokkru sinni fyrr og nýt þess að lifa lífinu með dóttur minni. Hlutir sem ég gat ekki gert áður með henni eru leikur einn í dag.*




**Fæðubótarefni eru fyrir alla sem kjósa heilbrigðan lífsstíl**

„Viðskiptavinahópurinn hefur breyst frá því að fæðubótarefni komu fyrst á markað, áður var þetta aðallega fyrir vaxtarræktar- og kraftlyftingafólk, í dag eru viðskiptavinir fólk sem leggur stund á allar íþróttagreinar, hvort sem er til keppni eða sem hluti af heilbrigðum lífsstíl, auk fólks sem fer eingöngu út að ganga. Það má þó ekki gleyma að um er að ræða fæðubótarefni, þau gera gott betra, en koma aldrei í stað matar, heilbrigðs lífsstíl, hreyfingar og svefns," segir Agnes.

Leanbody er að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði og í Síðumúla 11 í Reykjavík. Opið er alla virka daga kl. 11–18 og laugardaga kl. 12–15. Sími er 533-2616 í Hafnarfirði en 419-2616 í Síðumúla og netfang leanbody@leanbody.is. ■





## NÝ VERSLUN Í SÍÐUMÚLA 11







# KLIFURHÚSIÐ:
# Það er engin leið að hætta að klifra

Innanhússklifur er sívaxandi áhugamál á Íslandi og víða um heim. „Hér á landi eru um tæplega 1.500 félagar sem stunda klifur reglulega í Klifurhúsinu,“ segir Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurhússins. Klifursambandið sótti fyrir stuttu um aðild að ÍSÍ og hafa sprottið upp Klifurhús um land allt.

**Klifur er lífsstíll**
„Þeir eru að byggja klifurhús á Grundarfirði, einnig er verið að stækka klifurhús á Akureyri og svo er verið að setja upp klifurveggi í Skaftafelli,“ segir Benjamin sem stundar klifur bæði utanhúss og innan af miklum krafti. „Klifur er lífsstíll og þegar menn byrja þá eiga þeir erfitt með að hætta, þetta er svo gaman,“ segir Benjamin.

**Allir geta klifrað**
Í Klifurhúsinu eru í boði ýmist opnir tímar eða lokaðir og margs konar námskeið fyrir alla aldurshópa. „Við erum með barna- og unglinganámskeið hér fyrir 5 til 18 ára en einnig kennslu fyrir alla aldurshópa. Elstu þátttakendurnir eru um sextugt,“ segir Benjamin. Klifurveggirnir eru smíðaðir úr timbri og á gólfinu fyrir neðan er stór dýna sem þátttakendur hoppa niður á í lok klifursins. „Í Klifurhúsinu er stunduð svokölluð „grjótglíma“, þar sem klifurveggurinn er mjög brattur en klifurhæðin lítil, eða um 4–6 metrar. Einnig eru lagðar línuklifurleiðir fyrir þá sem eru að æfa það,“ segir Benjamin.

**Eflir styrk, liðleika og þol**
Að sögn Benjamins reynir klifrið bæði á styrk og liðleika. „Það er enginn munur á getu stráka og stelpna. Þótt strákarnir fari langt á kraftinum þá eru stelpurnar oftast með betri tækni. Hugtakið tækniklifur er þekkt enda eru tækni og liðleiki mikilvægir þættir í þessu sporti.“ Klifrið eflir allt í senn, þol, liðleika og styrk, og hentar fólki á öllum aldri. „Til dæmis getur maður aldrei orðið of sterkur í fingrunum en klifrið eflir mjög fingrastyrk. Það er nokkuð sem fólk er almennt ekki að þjálfa með sér. Fyrsta skiptið er í raun alltaf erfiðast þó svo að sé óneitanlega alltaf skemmtilegt að prófa klifur. En þegar maður byrjar að mæta reglulega í klifur, kannski 2–3 skipti í viku, er maður fljótur að sjá árangurinn og er ótrúlegt hvað sumir hafa náð langt á stuttum tíma,“ segir Benjamin.

**Klifur fyrir byrjendur og lengra komna**
Það þarf ekki að fara á námskeið til að kynnast klifrinu né þarf að kaupa sér aðgöngukort, hægt er að mæta á staðinn og kaupa sér stakan tíma og leigja klifurskó. Klifurleiðunum er raðað upp í mismunandi erfiðleikastig þannig að byrjendur geta valið leið sem hentar þeim fullkomlega á meðan meira krefjandi leiðir eru í boði fyrir þá sem eru lengra komnir.

**Hópar klifra**
„Það er kjörið fyrir litla hópa að koma hingað og eiga góða stund saman. Klifurhús spretta víða upp erlendis og eru að verða mjög vinsælir samkomustaðir. Fólk hittist, fær sér kaffi og spjallar, og klifrar síðan saman í tvo tíma. Þetta kemur algerlega í staðinn fyrir að hittast á barnum. Það er alveg jafn sjálfsagt að hittast í klifri eins og að hittast á kaffihúsi eða krá. Og svo fær maður mikla og góða hreyfingu í leiðinni,“ segir Benjamin, en bætir svo við að það megi líka kíkja á barinn eftir klifrið, hann hafi ekkert á móti því.

**Gefðu klifur**
Gjafabréf hjá Klifurhúsinu eru mjög vinsæl í jólagjafir. „Fólk er ýmist að kaupa mörg skipti fyrir þá sem hafa komið áður, eða bara eitt skipti fyrir þá sem hafa ekki prófað klifur. Þetta er skemmtileg gjöf sem menn búast ekki endilega við,“ segir Benjamin.

Nánari upplýsingar um Klifurhúsið er að finna á vefsíðunni klifurhusid.is og Facebook-síðunni Klifurhúsið.

Opið er alla virka daga frá 11.30–22.00 og um helgar 12.00–18.00

Netfang: klifurhusid@klifurhusid.is ■








gsk

# VERTU REYKLAUS

## Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ

# NICOTINELL




**NÝ VEFSÍÐA**

**WWW.NICOTINELL.IS**

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



**Umtalaður** Nábrók Bjarna og Klausturfokk komust í fréttirnar.

# Þrándur hefur varla undan að mála

■ *Fær ekki listamannalaun* ■ *Erfiðara að stuða fólk í dag*
■ *Gangverðið 300 til 500 þúsund krónur*




**Þrándur Þórarinsson** hefur haslað sér völl sem umtalaðasti listmálari þjóðarinnar. Hann rær gegn straumnum og málar verk í anda gömlu meistaranna, en er óhræddur við að skeyta nútímanum inn í. Útkoman getur verið allt í senn falleg, undarleg, stuðandi og bráðfyndin. DV ræddi við Þránd um æskuna, einmanaleikann, frægðina, hina árlegu höfnun um listamannalaun og fleira.

**Kristinn Haukur Guðnason**
kristinn@dv.is



Á vinnustofu Þrándar við Nýlendugötu er nýtt verk í fæðingu. Stórt og ógnvænlegt verk af frelsisstyttunni sem tengist stöðu Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Meistarinn segist eiga eftir að laga það til og setja meiri húmor í það.

*Eru einhver verk sem þú byrjar á en verða aldrei fullvaxta?*

„Já, það kemur fyrir að ég missi trúna á verkum. Verk sem ég er kannski búinn að vera að hamast á í einhvern tíma en svo verða þau ekki eins og ég vildi."

Þrándur sækir tvær gulleitar myndir af Reykjavíkurtjörn. Önnur þeirra fæddist aldrei en hin yngri er stærri og gerð á betri striga. Þrándur deilir húsnæði með öðrum listamönnum, í húsnæði þar sem Royalbúðingarnir voru áður framleiddir. Tækin eru þarna enn innan um listmuni af ýmsum toga.

## Teiknaði með Hugleiki frænda

*Þú ert að norðan, er það ekki?*

„Jú, í aðra röndina. Norðmaður í hina. Pabbi er úr Svarfaðardalnum og mamma frá Noregi. Ég fæddist á Akureyri og ólst þar upp að hluta til. Annars vorum við að flakka mikið milli Íslands og Noregs, við og systur mínar tvær."

Faðir Þrándar er sagnfræðingur að mennt og starfaði við stálplötusmíði. Móðir hans þýddi fyrir norsku lögregluna.

„Ég var mikið rólyndisbarn og alltaf að teikna og dunda mér, vel upp alinn og þægilegur strákur," segir Þrándur. „Það var lítið um vandræði á mér. Teikningin átti hug minn allan og ég var aldrei í neinum íþróttum. Ég átti einnig ýmis lúðaáhugamál eins og hlutverka-

spil. Ég lék mér meira og minna við frændur mína og við vorum allir að teikna.“

Einn þessara frænda er Hugleikur Dagsson skopmyndateiknari sem er ári eldri en Þrándur.

„Við teiknuðum mikið saman. Stundum bjuggum við hvor í sínu landinu og þegar við hittumst bárum við saman teikningarnar okkar. Ég held að áhuginn hafi sprottið frá þessum stundum. Snemma áttaði ég mig hins vegar á því að við Hugleikur myndum stefna hvor í sína áttina á þessu sviði.“

Þrándur segist hafa tekið þá ákvörðun að verða listmálari á menntaskólaárunum. Hann var þá á myndlistarbraut við Menntaskólann á Akureyri.

„Það var hátíðleg stund þegar ég ákvað að leggja þetta fyrir mig. Ég hafði alltaf teiknað en byrjaði að mála á þessum árum. Ég sá fyrir mér að þetta væri það eina sem ég vildi gera. En ég gerði mér grein fyrir því að þetta væri ekki auðveldasta leiðin. Það væri miklu hagkvæmara að fara í grafíska hönnun eða eitthvað þvíumlíkt.“

Á Akureyri umgekkst Þrándur annað listafólk og bóhemana á Kaffi Karólínu. Síðan lá leið hans í Listaháskólann en þar var hann einungis í eitt ár. Þrándur hafði þá strax mun meiri áhuga á eldri stíl en almennt tíðkaðist innan skólans.

„Það var engin stemning fyrir því sem ég var að gera. Kennararnir sýndu þessu lítinn skilning og sögðu mér að ég yrði að læra þennan fígúratífa stíl heima. Eina myndlistin sem var kennd þar var hugmyndalist, konseptlist. Það sem ég vildi gera var alveg á skjön við það sem var verið að kenna. Ég vildi mála eins og gömlu meistararnir.“

### Hélt að Odd væri fullur við fyrstu kynni

Þrándur leit til meistara á borð við Rembrandt, Goya og yngri málara eins og Lucian Freud, Andrew Wyeth og Odd Nerdrum. Lá hann yfir listaverkabókum þeirra á námsárum sínum. Menntun sína sótti Þrándur til sjálfs Nerdrum á meðan hann bjó hér á landi og var lærlingur málarans sérvitra í þrjú ár.

„Ég frétti að hann væri fluttur til Íslands og fannst upplagt að athuga hvort hann vildi taka við lærlingi eins og mér. Fyrir tilviljun sá ég hann á rölti á Laugaveginum og elti hann inn á Súfistann. Hann tók vel í þetta og sagði mér að banka upp á hjá honum daginn eftir. Odd er einn skemmtilegasti karl sem ég hef kynnst. Hann er einstaklega sérvitur og skrýtinn. En ástmildur líka og fjölfróður. Svo talar hann út í eitt eins og það skipti ekki máli hvort einhver sé að hlusta. Í fyrsta skiptið sem ég hitti hann hélt ég að hann væri fullur.“

*Áttu honum mikið að þakka?*

„Já, bæði faglega og síðan sagði hann mér svo margt sem fékk mig til að hugsa. Hann sér hlutina í svo allt öðru ljósi en aðrir sem ég hef kynnst. Ég er ekki viss um að það séu margir í mínu lífi sem hafa haft meiri áhrif á mig en hann.“

Odd Nerdrum hefur lýst sjálfum sem sem kitsch-málara og síðan þá hefur eins konar hreyfing myndast í kringum hann. Í kitsch felst afturhvarf til gömlu meistaranna og gagnrýni á nýrri listastefnur. Þrándur skilgreinir sig sjálfan hins vegar ekki sem kitsch-listamann.

„Ég get ekki alveg lagt mið að þessari stefnu. Ég skil þessa hugmyndafræði og styð hana að einhverju leyti. Mér finnst hún samt sníða fólki örlítið of þröngan stakk. Odd sjálfur var orðinn svo leiður á allri gagnrýninni sem hann fékk að hann bjó til þessa hreyfingu sem stendur fyrir utan myndlistaheiminn.“



**Vinnustofan** Líf listmálarans getur verið einmanalegt.

### Erfiðara að stuða fólk í dag

Þrándur vakti fyrst athygli landsmanna með hinu óhugnanlega verki Grýla fyrir um áratug. Eftir það hefur hann notið sívaxandi vinsælda og nú rjúka verkin út, stundum áður en hann nær að klára þau.

*Hvað er það við þennan gamla stíl sem heillar fólk?*

„Eflaust er það misjafnt. Ég fæ oft að að heyra um mig að loksins máli einhver myndir sem fólk skilur. Þetta er aðgengilegt form. Svo finnst fólki þetta sjálfsagt fallegt líka,“ segir Þrándur og brosir út í annað. „Undanfarin ár hef ég verið að taka nútímann inn í verkin og ég held að fólki kunni að meta það.“

*Sum verk þín stuða fólk, til dæmis Nábrók Bjarna Benediktssonar og Klausturfokk. Ertu markvisst að reyna að stuða?*

„Mér finnst gaman að stuða, en er ekki markvisst að reyna það á daglegum grunni. Jú, jú, ég vissi að Klausturfokkið myndi stuða einhverja en ég reyni að hafa þetta fyndið líka. Ég hef samt verið passasamur að grípa málefni líðandi stundar ef þetta reynast vera dægurflugur. Bæði er ég svo lengi með hvert verk og svo vil ég að verkin geti staðist tímans tönn. Að fólk geti skilið þetta eftir tvö eða jafnvel tíu ár. Ég gerði undantekningu fyrir þetta Klaustursmál, það var of gott til að gera það ekki.“

Þrándur segist aldrei hafa lent í reiðu fólki vegna verka sinna. Hann hefur hins vegar lent í því að vera úthýst af listsýningu vegna Nábrókarinnar og þá var verkið Norwegian Wood fjarlægt af Facebook fyrir að sýna karlmannslim.

„Ég hef gaman af því að sjá fólk rífla í kommentakerfunum. Þar sé ég að fólk getur verið ósátt við sum verkin mín. Hingað til hefur enginn angrað mig prívat og persónulega en það kemur eflaust að því. Ég hef gaman af því þegar fólk hefur sterkar skoðanir á list en það er miklu minna en var. Í dag verða sjaldan deilur um listaverk. Listamenn kvarta meira að segja yfir því að það megi allt í dag og það sé erfiðara að stuða. Fólki standi almennt á sama.“

*Hvað finnst þér um abstrakt og nútímalist?*

„Hún getur verið falleg og dekoratíf en á ekki jafn greiða leið að mínu hjarta og hin fígúratífa. Mér finnst líka áhugaverð þessi saga, í mannfræðilegum skilningi. Að eftir að þessi formbylting átti sér stað upp úr stríðsárunum var þeim sem ekki vildu taka þátt úthýst úr myndlistarheiminum.“

### Fær ekki listamannalaun

Efniviðurinn sem Þrándur sækir í við sköpun sína eru sögulegir viðburðir og persónur, þjóðsögur, nútíminn og fleira. Hann segist lítið blanda eigin persónu inn í verkin.

„Ég nota mitt eigið smetti svolítið mikið sem módel. En ég hef ekki verið að vinna úr mínum málum á striganum, nema þá mjög óbeint. Mér finnst það ekki eins áhugavert. Auðvitað hafa margir málarar gert það með mjög góðum árangri. Ef ég geri það þá blasir það ekki beint við áhorfandanum.“

*Hvað ertu ánægðastur með?*

„Þau verk sem ég er að vinna að núna. Ég held til dæmis að þessi frelsisstyttumynd fyrir framan okkur verði býsna góð þegar hún verður fullgerð. Þegar ég verð búinn að setja smá Hollywood og húmor í hana.“

*En mestu vonbrigðin?*

„Það eru nú alltaf stöðug vonbrigði þegar ég sæki um listamannalaun. Árleg vonbrigði. Eins þegar ég sæki um að halda sýningar á opinberum vettvangi. Þá kemur alltaf synjun.“

*Ertu utangarðs í listaheiminum?*

„Ég get nú ekki sagt það, nei. Mér líður ekki þannig og mér gengur svo afskaplega vel að ég vil alls ekki kvarta. Þegar kemur að öðrum listamönnum upplifi ég ekkert annað en gagnkvæma virðingu. Ég veit ekki af hverju ég er ekki í náðinni hjá þeim sem útdeila þessu.“

### Dýrasta verkið á tæpar tvær milljónir

Fá, ef nokkur, störf virðast vera jafn einmanaleg og starf listmálarans. Að vera klukkutímum saman einn í herbergi með pensil og striga. Eða að standa einsamall úti og mæna á fjall eða fljót. Þrándur tekur undir þetta.

„Mér finnst voða gott að vera einn með sjálfum mér. En ég fæ oft kofaveiki hérna á vinnustofunni þegar ég er búinn að vera hérna allt of lengi. Þá fer ég út og hitti fólk. Ég er félagsvera eins og allir aðrir. En ég eyði meiri tíma með sjálfum mér heldur en Jón og Gunna gera.“

Þrándur býr með sjö ára dóttur sinni hálft árið en hinn helminginn er hún hjá móður sinni í Danmörku. Utan vinnutíma sækir hann gjarnan menningarviðburði af ýmsum toga. Hann tók þátt í göngum á síðasta ári og stefnir að því að stunda meiri útivist á þessu.

*Hefur þú alltaf getað lifað á listinni?*

„Ekki alltaf, nei. Eftir fyrstu einkasýninguna mína árið 2008 sagði ég upp vinnunni minni. En síðan elti ég barnsmóður mína út til Kaupmannahafnar árið 2012 og kláraði þar mastersnám í heimspeki. Eftir að ég sneri heim árið 2015 fór þetta að ganga og ég hef lifað á þessu síðan þá.“

Vinsældir Þrándar hér heima hafa hvatt hann til að hasla sér völl á erlendri grundu. Hann hélt sýningu í Kaupmannahöfn síðasta sumar þar sem seldist töluvert af verkum. Markmiðið hjá honum núna er að halda áfram að kynna sig erlendis.

„Það er samt svolítið erfitt því að það selst eiginlega allt upp hérna jafnóðum. En ég þarf að hugsa um að setja egg í fleiri en eina körfu.“

*Hefur þú ekki undan að framleiða?*

„Nei, eiginlega ekki. Ég fæ mikið af tölvupósti frá fólki sem er að biðja um myndir og ég er farinn að þurfa að vísa mörgum frá. Flestar myndir eru fljótar að fara, nema að þær séu þeim mun meira stuðandi. Ég er alveg hættur að taka við pöntunum á ákveðnum myndum til að mála, nema það sé eitthvað alveg sérstakt.“

Enn sem komið er hefur Þrándur aðeins selt til einstaklinga og para. Engin fyrirtæki eða stofnanir hafa keypt af honum.

*Hvert er dýrasta verkið þitt?*

„Kristnitakan, sem ég málaði árið 2009, seldist á uppboði á 1,9 milljónir. Það var hins vegar ekki ég sjálfur sem seldi það. Ég sjálfur hef ekki ennþá selt fyrir milljón en það fer að nálgast það. Þrjú til fimm hundruð þúsund er algengasta verðið.“

*Verður þú var við mikið snobb í kringum þennan bransa?*

„Já, ég verð að segja það. Ég tek líka eftir því að það er byrjað að snobba svolítið fyrir mér. Ég finn að það er orðið nokkurs konar stöðutákn að eiga Þrándarmynd. Sjálfur snobba ég sjálfur fyrir hinu og þessu,“ segir Þrándur og brosir. ■



# Hvert eiga stjörnumerkin að ferðast á nýju ári



## Hrútur

Hrútar eru þekktir fyrir hugrekki og elska áskoranir. Eldurinn logar innra með þeim. Þeir eru sjálfstæðir, vilja hafa hlutina eftir sínu höfði frekar en skipulagðar ferðir. Það er því kjörið fyrir hrúta að bregða sér til Dólómítafjalla í Norður-Ítalíu og njóta alls þess sem sá frábæri staður hefur upp á að bjóða. Hvort sem um er að ræða skíðaferð að vetri til eða gönguferðir að sumri til.



## Nautið

Nautið elskar lúxus og því væri dvöl á Amalfi-ströndinni á Ítalíu kjörin. Venus er sterkt í nautinu og því elskar tuddinn lífsins lystisemdir eins og góð vín og mat. Þá er nautið með sterk tengsl við móður jörð og kann því vel að meta fallega náttúru og tilkomumikið útsýni. Hafnarborgin Salerno mun sérstaklega höfða til nautsins.



## Tvíburar

Borgin sem aldrei sefur hentar einstaklingum í tvíburamerkinu vel. Það er aldrei dauð stund í borginni og afþreyingarmöguleikarnir nánast óþrjótandi. Tvíburar elska fjölbreytni og hana munu þeir finna í Stóra eplinu. Þar er eitthvað í gangi allan sólarhringinn.



## Krabbi

Krabbar eru yfirleitt heimakærir og kunna vel að meta öryggi. Þegar þeir þó á annað borð hætta sér út úr skelinni þá gera þeir það almennilega og vilja yfirleitt vera í tengslum við vatn. Staða himintunglanna er á þá leið að ævintýraferð til Kóralrifsins mikla úti fyrir ströndum Ástralíu algjörlega málið. Þar myndi krabbinn blómstra, hvort sem er við afslappaða köfun eða í útsýnisflugi í þyrlu yfir hið stórbrotna náttúruundur.



## Ljón

Ljón elska að dvelja á stöðum þar sem þau geta leyft eðlislægri tign sinni að njóta sín. Þess vegna myndi dvöl á eyjunni Balí í Indónesíu henta þeim vel. Balí er áhrifaríkur og spennandi staður þar sem listagyðjunni er gert hátt undir höfði. Það kunna ljón vel að meta auk þess sem konungur dýranna vill gera vel við sig. Mikið úrval af hvers kyns nudd- og snyrtimeðferðum á Balí er því sérstaklega ákjósanlegt fyrir ljón.



## Vatnsberinn

Vatnsberinn hefur mikinn áhuga á tækninýjungum, tísku og í raun öllu sem tengist framtíðinni. Fyrir slíkan einstakling er ferð til Japans sem draumi líkust, sérstaklega til höfuðborgarinnar Tókýó. Þó er ómissandi fyrir vatnsbera að bregða sér í Shinkansen-leifturlestirnar milli stórborga landsins.



## Meyja

Meyjur kunna að meta heilsutengda ferðamennsku. Það myndi því henta þeim vel að fara í ævintýraferð til Perú og ganga upp að Inkaborginni goðsagnakenndu, Machu Picchu. Upplifun af stórbrotinni náttúrunni sem og fábrotnu en næringarríku fæði er eitthvað sem meyjan mun elska.



## Vog

Vogir kunna vel að meta fáguð, listræn kvöld, full af tónlist og hvers konar menningu. Ekki skemmir fyrir ef smá rómantík svífur yfir vötnum. Borgin ótrúlega við Signubakka, París, myndi því henta vog vel þetta árið.



## Sporðdreki

Sporðdrekar eru ástríðufullir og djúpþenkjandi. Þeir kunna að meta fjölbreytni og því myndi dvöl í borg draumanna, Los Angeles, vera vel við hæfi. Það mun höfða vel til sporðdreka að dvelja innan um frípenkjandi listaspírur með „matchalatte“ í annarri og jógadýnu í hinni.



## Fiskar

Fiskar hafa sérstakan áhuga á öllum andlegum málefnum og útiveru. Staður sem sameinar þennan áhuga fiskanna er ganga upp um Himalæjafjöll í Nepal. Slíkar ferðir verða sífellt vinsælli hjá Íslendingum og þar yrðu þessir einstaklingar eins og fiskar í vatni.



## Steingeit

Einstaklingar í merki steingeitarinnar leggja sig yfirleitt alla fram í vinnunni. Frí þeirra þarf því að vera til staðar þar sem þeir geta slappað af en einnig upplifað áhugaverðan stað með sögu. Steingeitur slappa best af í fámenni og því væri Páskaeyja, úti fyrir ströndum Chile, ákjósanlegur áfangastaður. Þar býr ekki nokkur maður en saga staðarins er afar áhugaverð.



## Bogmaður

Bogmenn eru með óseðjandi þrá fyrir nýrri upplifun og leitinni að æðri lærdómi. Fræðin segja að þeir sem eru í merki bogmannsins heillist oft af heimspeki, fornum menningarheimum og hvers konar dulfræði. Þessum lærdómsþorsta getur bogmaðurinn svalað í hinni fornu borg Angkor Wat í Kambódíu.

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR
# ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

# Helgarkrossgátan



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | → ↓ | | sæmd | sumbla |
| | | | | | | | | hægur | | | |
| | | | | | | | | þjóð | | | |
| | | | | | | | | ofkæling | | | |
| | | | | | | | | Höfundarréttur áskilinn. | 10 | eldstæði | |
| | | | | | | | | mann / gjalla | | | |
| krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510 | ↓ | hærra | kexið | 2 eins | Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð | gripdeild | skelfing | | | | krækja |
| bollokar | | | 6 | | | | karl | | | | |
| tortryggir | | | | | skammir | | | | | iðki | |
| starfrækti | | | | sank | heimsálfan | 11 | úrgangur | gaul | | | |
| rullu | | | | | | munnvatn / skáld | | 9 | | | |
| ■ | | glögga / refsingin | | | | | | latar | | | slóð |
| pikk | | | penust | | | | | | | 2 eins | 12 |
| þekkta | | | | | | prófa / glepjum | | 7 | | | |
| 2 eins | | | álpaðist | 2 eins / huglausar | | | spurð / náð | | | | |
| ytra | | | | 5 | fugl | | | | soga | traust | |
| halarófa | | | | | sefast / storm | | | | | | veruleiki |
| ■ | tyggur / þokuna | | | | | | skerða / listamann | | | | |
| sneplinum | | | 3 | | | | | bungu / fíkn | | 2 | |
| eirir | | | | | misræmi | | 4 | | 2 eins | ljósker | |
| ■ | | rugl | áreiti | ■ | þref | agnúa | | | | | |
| mánuður | | | | fámálar / amstur | | | | | | | |
| tæmdar | | 8 | | | | ■ | 2 eins | | skóli / sprell | | |
| bera | | | | | | betl | | | | | ■ |
| fugl | | | | flugfélag | | | | tjón | | | 1 |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | | |

# Sudoku

## Auðveld

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 7 | 5 | | | 1 | | |
| | 5 | | 4 | | 2 | | | |
| 8 | | 1 | 6 | | | 2 | | |
| 7 | 3 | | 8 | | 5 | 6 | | 1 |
| | | | | | | | 9 | |
| 6 | 1 | | 7 | | | | 8 | |
| 1 | | | | | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 2 | | | | | 6 | | | |
| | 9 | 3 | 1 | 4 | | 8 | | |

## Erfið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | | | | | 9 |
| | 1 | 7 | | 6 | | 2 | | |
| | | | 7 | | 4 | | 1 | |
| | | 1 | | | 9 | 7 | | 2 |
| 3 | 6 | | | | | 8 | 9 | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | 5 | | 1 | 2 | | | |
| | | | | | | | | |
| 9 | | | 8 | 4 | | | | 5 |

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**

FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Inga Gunnarsdóttir**
**Holtagötu 12**
**600 Akureyri**

Lausnarorðið var **LEIKFANGALEST**

**Inga hlýtur að launum bókina Múmínálfarnir**




**Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Sálumessa**

Höfundur: Gerður Kristný
Þú háðir
dóm yfir heimi
sem aldrei
hélt skildi yfir þér

Sálumessa flytur bæn þeirra sem lifa um að sál þess látna megi bjargast. Í ljóðabálki Gerðar Kristnýjar er sungin messa yfir konu sem féll fyrir eigin hendi svo þjáning hennar og líf fái ekki að gleymast.

Gerður Kristný er eitt víðlesnasta samtímaskáld okkar og ljóðabálkar hennar, Blóðhófnir og Drápa, hafa hlotið verðskuldaða athygli innan lands og utan fyrir meitlað ljóðmál og brýnt erindi.



VIÐ KYNNUM NÝTT DÖMU ÚR

# 101 ART DECO




JS Watch co.
REYKJAVIK
www.jswatch.com

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

# Tímavélin




Drykkfelldur maður,

ófær til átakavinnu, en vanur mörgu öðru, óskar eftir vel launuðu framtíðarstarfi. Reglusemi kæmi til greina. Tilboð merkt „Hreinskilni" sendist blaðinu.

## Gamla auglýsingin

Vísir 25. nóvember 1971

# GÖRING LÉT SÆKJA ÍSLENSKA FÁLKA

## Dr. Brull og Knoespel ferðuðust um landið ■ Fálkabú reist með þrælum úr útrýmingarbúðum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is


**Hermann Göring** Veiðimálastjóri þriðja ríkisins.



Hermann Göring var einn af þekktustu og alræmdustu nasistum Þýskalands og þekktastur fyrir að leiða þýska flugherinn. Hann gegndi þó mörgum öðrum stöðum innan þriðja ríkisins, þar á meðal að halda utan um veiðifugla. Árið 1937 sendi Göring tvo sendiboða til Íslands til að sækja fálka. Fengu þeir alls tólf fálka sem þeir fluttu til Þýskalands og dreifðu um fálkabúin þar. Síðar var opnað stórt fálkabú við útrýmingarbúðirnar Buchenwald sem Heinrich Himmler hafði umsjón með. Var það reist með blóði, svita og tárum þræla úr búðunum.

### Fengu tólf fálka

Sumarið 1937 sendi Göring til Íslands tvo menn til þess að kaupa fálka fyrir ríkisfálkabú Þýskalands. Sá sem leiddi þann leiðangur var doktor að nafni Heinz Brull, mjög þekktur fuglafræðingur í Þýskalandi og frændi Göring. Með honum var fálkatemjari að nafni Knoespel.

Sendiboðum Göring var mjög ágengt í leit sinni að íslenskum fálkum. Þeir komu með skipinu Dettifossi til Reykjavíkur og komu við á Ísafirði og á Akureyri. Ferðuðust þeir um Vestfirði, Norðurland og Austurland og fengu alls tólf fálkaunga. Níu keyptu þeir, tvo fengu þeir að gjöf frá Búnaðarfélagi Íslands og einn að gjöf frá Gísla „Gitler" Sigurbjörnssyni, sem eitt sinn leiddi flokk Íslenskra þjóðernissinna. Einnig kvikmynduðu félagarnir fálkana og hreiður þeirra. Skýrsla er til um leiðangurinn og geymd hjá Bændasamtökunum. Gerði sagnfræðingurinn Auðun Arnórsson grein fyrir henni í tímaritinu Frey árið 2005.

### Sýndir við höfnina

Fálkarnir voru til sýnis við Reykjavíkurhöfn þegar Brull og Knoespel héldu á brott aftur með Dettifossi. Fengu þeir rjúpur og dúfur að éta og þrifust vel. Morgunblaðið tók þá viðtal við dr. Brull og hann sagði:

„Þessum tólf fálkum verður dreift á ýmis fálkabú í Þýskalandi, í Thuringen, Sachsen, í veiðimannabú Hermann Göring-stofnunarinnar í Braunschweig og tvo tek ég sjálfur með mér á eigið bú á norðurströnd Þýskalands."

Sagðist hann þá þegar hafa tekið eftir læknisfræðilegu atriði í sambandi við fálkana. Að eitlanabbar söfnuðust í efri góm þeirra yngstu. Þessi sömu einkenni leiddu jafnan þýska fálka til dauða og kæmu yfirleitt fram þegar kalt var og rakt. Brull kippti því nöbbunum út með töng, hreinsaði sárin og geymdi þá í þurru og hlýju herbergi. Urðu þeir þá aftur heilbrigðir.

„Þegar við erum komnir með fálkana til Þýskalands, verður þeim fyrst sleppt lausum um þriggja vikna skeið, en við getum treyst því, að þeir komi til okkar jafnan aftur til þess að láta gefa sér. Að þessum þremur vikum loknum verður farið að venja þá við veiðar," sagði dr. Brull.

> Þegar við erum komnir með fálkana til Þýskalands, verður þeim fyrst sleppt lausum um þriggja vikna skeið, en við getum treyst því, að þeir komi til okkar jafnan aftur til þess að láta gefa sér.

Þýsku félagarnir voru meðvitaðir um að hægt væri að ganga mjög nærri stofninum. Brýndu þeir fyrir íslenskum bændum og þeim sem veiddu fálka að skilja einn unga eftir í hverju hreiðri. Annars myndi stofninn deyja út.

### Dýpri skilningur á kynþáttahugtakinu

Nasistarnir höfðu mikinn áhuga á fálkaveiðum og fálkatamningu. Þessi íþrótt hafði alltaf verið til staðar í Þýskalandi en var hún ríkisvædd þegar Hitler komst til valda. Fálkaveiðar voru taldar forn germanskur siður sem bæri að endurlífga og halda í heiðri. Kynþáttahugtakið kom einnig við sögu. Í erindi dr. O. Kleinschmits á ráðstefnu í ríkisfálkabúinu haustið 1937 var sagt að veiðifálkinn væri óumdeilanlega ein af göfugustu verum jarðkringlunnar. Væri hann eitt mikilvægasta dæmið um kynþáttahugtakið og dýpri skilning á því.

SS hafði yfirumsjón með fálkatamningunni og margir nafntogaðir nasistar sýndu henni mikinn áhuga. Hermann Göring var sá sem hafði hvað mestan áhuga, auk Heinrichs Himmler, leiðtoga SS-sveitanna.

Hermann Göring var einn af valdamestu mönnum Þriðja ríkisins. Nánast alla valdatíð Hitlers gegndi Göring stöðu þingforseta. Þekktastur var hann þó fyrir að stýra hinum volduga flugher nasista, Luftwaffe. Færri vita að Göring bar einnig titilinn yfirveiðistjóri Þriðja ríkisins. Göring var æðsti embættismaðurinn sem náðist á lífi eftir stríð og var dreginn fyrir dómstóla í Nurnberg. Þar var hann dæmdur til dauða en náði að fremja sjálfsvíg nóttina áður en átti að hengja hann.

Ríkisfálkabúið var stofnað árið 1935 og staðsett í Riddagshausen í norðurhluta Þýskalands. Árið 1940 voru opnaðar bækistöðvar fálkatamningar og fálkaveiða, SS Falkenhof, og voru þær staðsettar í námunda við Weimar Buchenwald-útrýmingarbúðirnar í austurhluta landsins. Svæðið var opið almenningi og þar nálægt var einnig dýragarður með alls kyns skepnum. Flestir sem heimsóttu svæðið voru háttsettir menn úr hernum og embættismannakerfinu og fjölskyldur þeirra. Fálkarnir voru fengnir víða að. Sérstaklega margir voru keyptir frá Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. Í Falkenhof voru einnig aðrir ránfuglar, svo sem margar tegundir af örnum og haukum. Þrælar úr Buchenwald voru notaðir til að byggja svæðið og halda því við.


**Dr. Heinz Brull** Morgunblaðið 7. júlí 1937.

### Örlögin ókunn

Kaup Göring á íslensku fálkunum voru ekki síður gerð í vísindalegum tilgangi en upp á sport. Fjölmargir fálkar sem sendir voru úr landi höfðu drepist. Hvort sem var í Bretlandi eða á meginlandi Evrópu. Vildi Göring skera úr um hvort að íslensku fálkarnir þyldu suðrænna loftslag. Einnig vildi hann kortleggja íslenska fálkastofninn og að Þjóðverjar fræddust um lifnaðarhætti þeirra. Ekki er vitað hvað varð um íslensku fálkana sem Göring lét flytja til Þýskalands, hvort þeir hafi drepist eins og svo margir eða lifað. Jafnvel endað í Falkenhof.

Viðhorf Íslendinga sjálfra til útflutnings fálka á þessum tíma var misjafnt. Sumir töldu að fálkarnir yrðu Íslandi til prýði erlendis og góð landkynning. Aðrir höfðu áhyggjur af því að gengið yrði of nærri stofninum því að þetta væru sjaldgæfir fuglar. Lengi höfðu Danakonungar sóst mjög eftir íslenskum fálkum, bæði til eigin nota en einnig til að gefa erlendum þjóðhöfðingjum. Árið 1764 voru til að mynda 210 fálkar fluttir frá Íslandi til Danmerkur. Á 19. öld dró þó mjög úr útflutningi á íslenskum fálkum og árið 1806 var fálkabú konungs lagt niður. ■





# MESTI VÍSINDAMAÐUR ÍSLANDS

## Hjörtur Þórðarson, uppfinningamaður og rafsmíðamógúll

Hjörtur Þórðarson var á meðal fremstu vísindamanna þjóðarinnar, ef ekki sá fremsti. Nafn hans er hins vegar lítt kunnugt hér á landi, enda flutti hann ungur til Ameríku og þar var hann þekktur sem Chester. Hirti var líkt við sjálfan Nikola Tesla. Hann stofnaði stórfyrirtæki, fékk um eitt hundrað einkaleyfi og keypti sína eigin eyju. Auk þess er bókasafn hans eitt af þeim merkilegri sem til eru í gervöllum Bandaríkjunum.



**Rock Island** Hjörtur bjó þar síðustu árin.

> „Orðspor hins sjálfsmenntaða manns reis hratt og árið 1915 fékk Smithsonian-stofnunin hann til að smíða milljón volta spenni á stórri heimssýningu í San Francisco

### Heillaður af náttúruöflunum

Hjörtur var fæddur í Hrútafirði árið 1867, næstyngstur fimm barna Þórðar Árnasonar og Guðrúnar Grímsdóttur frá Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Þegar Hjörtur var aðeins sex ára flutti fjölskyldan vestur um haf til borgarinnar Milwaukee í Wisconsin-fylki í Bandaríkjunum. Síðar á lífsleiðinni sagðist hann eiga tvær minningar frá æsku sinni á Íslandi, hafölduna og norðurljósin. Fannst honum mesta furða að fullorðna fólkið vissi ekkert af hverju norðurljósin dönsuðu svo björt.

Skömmu eftir að fjölskyldan kom út veiktist Þórður af taugaveiki og lést. Guðrún flutti þá með börnin fimm í sveitina í Dane-sýslu þar sem norskir trúboðar höfðu komið upp samfélagi. Hjörtur var forvitinn um náttúruöflin strax í frumbernsku. Skógurinn og árnar í hinu nýja heimalandi heilluðu hann og kveiktu spurningar. Sem ungur piltur hannaði hann alls kyns stíflur og tæki til að láta árnar snúa hjólum.

Hjörtur hjálpaði við bústörfin heima en hugur hans hneigðist til eðlisfræðinnar. Hann fékk eðlisfræðibók eftir J.G. Fischer sem hann las upp til agna og rafmagnið heillaði hann mest. Hjörtur talaði enn betri íslensku en ensku en enskt nafn fékk hann strax í skólagöngunni, Chester H. Thordarson.

### Yfirmaður hjá Edison

Átján ára flutti Hjörtur til Chicago og bjó þar með systur sinni. Hann hafði ekki efni á langskólagöngu í eðlisfræði en fékk vinnu við smíðar á raftækjum. Öll laun sem ekki fóru í uppihald notaði hann til að kaupa bækur um raftækni og vísindi. Hjörtur starfaði við rafsmíðar, sem var þá ný iðn, bæði í Chicago og St. Louis. Loks fékk hann yfirmannsstöðu hjá félagi Thomasar Edison. Árið 1895 hætti hann þar og stofnaði sitt eigið fyrirtæki, Thordarson Electric Manufacturing Company. Einnig giftist hann íslenskri saumakonu, Júlíönu Friðriksdóttur frá Eyrarbakka, og eignuðust þau þrjú börn.

Lítið var að gera fyrstu árin hjá Hirti enda rafmagn ekki orðið almennt. Hann hafði þó nokkuð að gera við að smíða kennslutæki fyrir háskóla. Þá fór hann að prófa sig áfram með alls kyns uppfinningar og sótti um einkaleyfi fyrir mörgum þeirra. Á ævinni allri fékk Hjörtur um eitt hundrað einkaleyfi og flestir háskólar Bandaríkjanna áttu að minnsta kosti eitt tæki frá Hirti. Orðspor hins sjálfmenntaða manns reis hratt og árið 1915 fékk Smithsonian-stofnunin hann til að smíða milljón volta spenni á stórri heimssýningu í San Francisco. Fékk hann viðurnefnið Nicola Tesla Chicagoborgar.

### Missti stjórnina í kreppunni

Fyrirtæki hans stækkaði jafnt og þétt og frægð hans jókst með hverju árinu. Áður en kreppan mikla skall á störfuðu 1.500 manns hjá honum og veltan var fimm milljónir dollara á ári. Eftir kreppuna var fyrirtækið í gjörgæslu og Hjörtur varð að láta aðra um stjórnina. Flutti hann þá út í eyjuna Rock Island sem hann hafði keypt og vann þar að fleiri uppfinningum. Árið 1939 hlaut hann fálkaorðuna frá Kristjáni X. konungi.

Í upphafi árs 1945 fékk Hjörtur hjartaslag og lést. Skömmu síðar var fyrirtækið sameinað öðrum og fékk nýtt nafn Thordarson Meissner sem er enn þá starfandi í dag. Árið 1965 keypti Wisconsin-fylki Rock Island af erfingjum Hjartar og kom þar á fót þjóðgarði. Í Wisconsin-háskóla er nafni Hjartar einnig haldið á lofti þar sem Hjörtur arfleiddi skólann að bókasafni sínu. Í safninu eru margir fágætir munir og er heildarvirði þess metið á um einn og hálfan milljarð króna. ■

# SIGURÐUR BREIÐFJÖRÐ DÆMDUR FYRIR TVÍKVÆNI

## Dó í fátækt og eymd

Sigurður Eiríksson Breiðfjörð var eitt af merkisskáldum 19. aldar en lífibrauð sitt hafði hann af beykisiðn. Sigurður var rímnaskáld mikið og ótal verk hans hafa verið gefin út á prenti. Minningu hans fylgdi hins vegar alltaf sú skömm að hafa hloti dóm fyrir tvíkvæni.



**Sigurður Breiðfjörð** Þjóðskáld sem lifði í eymd.

### Trassaði að skilja í Eyjum

Sigurður var fæddur árið 1798 á Rifgirðingum í Breiðafirði. Hann hélt út til Danmerkur til að nema beykisiðn og starfaði við það víða um land, til dæmis á Ísafirði, í Reykjavík, Flatey og Vestmannaeyjum. Einnig á Grænlandi. Sigurður varð ekki ríkur af þessu og um tíma var hann í óreglu og fór illa með peninga. Kvennamál hans voru einnig mikið til tals.

Árið 1826, þegar Sigurður bjó í Eyjum, gekk hann að eiga Sigríði Nikulásdóttur, vinnukonu í Kornhól. Það hjónaband var ekki sprottið af ást heldur af greiða við kaupmanninn, Andreas Petreus, sem hafði barnað hana. Nokkrum mánuðum síðar eignaðist Sigurður sjálfur barn með með annarri vinnukonu í Kornhól, Guðríði Sigurðardóttur. Það dó hins vegar ungt úr ginklofa. Tveimur árum síðar flutti Sigurður vestur á Snæfellsnes og skildi Sigríði eftir í Eyjum. Hún tók þá saman við verslunarmann að nafni Otti Jónsson.

### Dómar, fátækt og drykkja

Árið 1836 flutti Sigurður á Grímsstaði í Breiðavík á Snæfellsnesi og hóf sambúð með Kristínu Illugadóttur sem þar bjó. Eftir eitt ár í sambúð giftust þau en Sigurður hafði aldrei skilið við Sigríði í Eyjum. Gengið var á Sigurð í tvö ár vegna tvíkvænisins og var hann að lokum dæmdur til 20 vandarhögga og hárra fjársekta. Fór svo að konungur náðaði Sigurð hvað vandarhöggin varðaði en sektirnar lágu á honum eins og mara.

Árið 1841 fluttu þau snauð til Seltjarnarness og var Sigurður þá orðinn mjög bitur. Yfirgaf hann jörðina með þessum orðum:

*„Fjögur ár lét ég ljá*
*leiðar þúfur rota,*
*aldrei vaxi á þeim strá*
*eigendum til nota."*

Var sagt að túnin á Grímsstöðum hafi aldrei orðið söm eftir þessi álög skáldsins. Sigurður fékk vinnu í Reykjavík en bjó í fátækt, drykkju og heilsuleysi. Fékk hann reglulega köst, hugsanlega flogaveikisköst. Árið 1843 var hann dæmdur til fangelsisvistar fyrir ávísanafölsun en landlæknir beitti sér fyrir því að hann myndi ekki þurfa að sæta þeirri refsingu. Heilsa Sigurðar var þá þannig að líklegt væri að hann myndi ekki lifa lengi og mannúðlegra að hann fengi að deyja heima hjá sér. Hann var hins vegar látinn sitja inni um hríð árið 1845. Ári síðar var Sigurður látinn úr mislingum. ■

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is

# FLÓTTINN TIL SVÍÞJÓÐAR

## Hetjudáðir á örlagatímum




**Kristján Kristjánsson**
ritstjorn@dv.is




**Danskir gyðingar**
Flótti til Svíþjóðar.

Þann 9. apríl 1940 réðst þýski herinn inn í Danmörku og var landið hernumið á skömmum tíma. En ólíkt því sem gerðist í Þýskalandi og öðrum herteknum löndum þá fengu danskir gyðingar lengi vel að vera í friði fyrir nasistum. Það var ekki fyrr en þann 1. október 1943 sem Þjóðverjar byrjuðu að leita þá uppi. Þeim tókst að hafa hendur í hári um 500 danskra gyðinga en 95 prósent allra gyðinga í Danmörku náðu að komast í öruggt skjól og snúa heilir heim að stríðinu loknum. Þessi saga um björgun danskra gyðinga er einstök en hvernig stóð á því að gyðingarnir fengu viðvörun tímanlega um hvað væri í bígerð? Hvað var öðruvísi í Danmörku en öðrum herteknum ríkjum?

Í lok september 1943 fór á kreik orðrómur um yfirvofandi fjöldahandtökur á gyðingum. Þessi orðrómur fór einna hæst í samfélagi gyðinga. G.F. Duckwitz, fulltrúi hjá þýsku hernámsyfirvöldunum og sérlegur ráðgjafi Werners Best, sem var valdamikill Þjóðverji, hafði ásamt fleiri Þjóðverjum komið þeim boðum til danskra tengiliða sinna að skammt væri í að farið yrði að handtaka gyðinga. Stærsti hluti danskra gyðinga ákvað sem betur fer að taka mark á þessum orðrómi en það gerði hann mjög marktækan að upphaf hans mátti rekja til áreiðanlegra aðila. Upphaf hans mátti rekja til æðstu manna hernámsstjórnarinnar sem höfðu komið henni til danskra stjórnmálamanna sem komu henni áfram til gyðinga. Þá skipti ekki minna máli að hún barst tímanlega. Annars staðar í Evrópu höfðu nasistar blekkt gyðinga áður en að fjöldahandtökum kom enda skipti það miklu máli að koma þeim að óvörum.

Fram í lok ágúst 1943 hafði danska ríkisstjórnin starfað með hernámsyfirvöldum en þann 29. ágúst sagði ríkisstjórnin af sér og samstarfinu lauk. Þetta samstarf hafði meðal annars haft í för með sér að engin lög höfðu verið sett sem mismunuðu og aðskildu gyðinga frá öðrum. En þegar samstarfinu lauk féll þessi vernd niður.

### Flóttinn

Flestar gyðingafjölskyldur flúðu frá heimilum sínum um leið og þær höfðu fengið aðvörunina. Þær gistu hjá vinum, nágrönnum og ókunnugum. Á næstu dögum fóru sjónir fólks að beinast að hvernig ætti að komast úr landi og horfðu flestir til Svíþjóðar. Í skýrslum sænska sjóhersins kemur skýrt fram hversu mikil umferð danskra gyðinga var yfir Eyrarsund til nágrannanna í hinni hlutlausu Svíþjóð. Frá 28. september til 3. október komst að minnsta kosti 871 gyðingur yfir sundið og í öryggið í Svíþjóð samkvæmt skýrslum sjóhersins.

> „Í september 1943 gat enginn ímyndað sér að svo margir myndu bjarga lífi sínu með því að flýja til Svíþjóðar

Annars staðar í Evrópu höfðu ekki margir gyðingar þennan möguleika. Þeir bjuggu oft langt frá landamærum og ekki síst langt frá landamærum að hlutlausu ríki. Norskir gyðingar urðu að fara yfir erfið landamærin við Svíþjóð til að komast í öryggi en mikil gæsla var á þeim.

7.056 danskir gyðingar flúðu til Svíþjóðar í október 1943, þar af 1.301 hálf-gyðingur, en þá var annað foreldrið gyðingur. 1.236 börn voru í þessum hópi. Auk þess flúðu 686 makar, sem ekki voru gyðingar, með mökum sínum sem voru gyðingatrúar.

Fólk stóð frammi fyrir tveimur valkostum. Annar var að flýja land en hinn að láta sig hverfa og fara huldu höfði sem hefði þýtt líf í stanslausum ótta og algjörlega upp á aðra kominn um mat og aðrar nauðsynjar. Talið er að 100 danskir gyðingar hafi lifað í felum í landinu fram til stríðsloka auk 150 gyðingabarna sem var komið fyrir hjá fósturfjölskyldum.

En það var ekki ókeypis að flýja land. Í október 1943 var meðalverðið fyrir hvern og einn sem flúði yfir til Svíþjóðar 1.000 danskar krónur en það svarar til um 20.000 danskra króna í dag. Verðið réðst af framboði og eftirspurn. Það voru sjómenn, oft trillukarlar, sem fluttu fólkið yfir sundið. Eins og oft vill verða varð græðgin allsráðandi hjá sumum og dæmi eru um gyðingafjölskyldur sem greiddu 50.000 danskar krónur fyrir siglinguna. Aðrir sigldu fyrir mun lægra verð en danska andspyrnuhreyfingin reyndi að halda verðinu niðri. Sumir tóku síðan ekkert fyrir greiðann.

### Góðar móttökur

Í september 1943 gat enginn ímyndað sér að svo margir myndu bjarga lífi sínu með því að flýja til Svíþjóðar. Þá höfðu margir ungir menn, hermenn og félagar í andspyrnuhreyfingunni, flúið þangað. En hvernig átti að koma heilu fjölskyldunum yfir sundið og hvernig myndu Svíar taka á móti fólki? Þessu veltu margir fyrir sér. Það barst dönskum gyðingum til eyrna að sænsk stjórnvöld hefðu mótmælt gyðingaofsóknum Þjóðverja og boðið dönskum gyðingum hæli. Sænski sendiherrann flutti trúfélagi gyðinga boð sænskra stjórnvalda um hæli í lok september 1943 og þessu tilboði var útvarpað í sænsku útvarpi þann 2. október.

Það var því ekki eftir neinu að bíða fyrir dönsku gyðingana og flóttinn yfir sundið hófst með góðri aðstoð dönsku andspyrnuhreyfingarinnar, sjómanna og góðum móttöku Svía sem töldu ekki eftir sér að aðstoða frændfólk sitt á ögurstundu. ■


GÆÐA BAKKAMATUR

MISMUNANDI RÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR



AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038
MOSFELLSBÆR
Opið virka daga kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Takmarkað magn!
2.-5. jan.
RISA
LAGERSPRENG
20-70%
afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, sófum, náttborðum, koddum, lökum, hótel baðmottum, handklæðum, sængurvera-settum o.fl. o.fl.
Hvíldarstólar
Hvíldarstólar
Sófar
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30
Laugardag 12:00 - 16:00
*3.5% lántökugjald
Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
www.svefnogheilsa.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# MORÐIN FJÖGUR SEM BREYTTU NOREGI

## Knivsland árið 1988

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Morðin á Útey þann 22. júlí 2011 munu væntanlega aldrei líða Norðmönnum úr minni enda er mikilvægt að halda minningu þeirra saklausu ungmenna sem þar létust á lofti. En það eru kannski færri Norðmenn og örugglega fáir Íslendingar sem vita af og muna eftir hræðilegum atburðum sem áttu sér stað þann 20. ágúst 1988 í Knivsland. Þeir atburðir settu mark sitt á norskt samfélag og breyttu því til frambúðar.

Á meðan Anders Behring Breivik gekk um Útey og myrti saklaus ungmenni með köldu blóði biðu tugir sjúkrabíla átekta nærri Utvika-tjaldstæðinu. Björgunarmenn voru svo nálægt að þeir heyrðu öskur skelfingu lostinna ungmenna sem flúðu undan Breivik. Þarna stóðu þeir gjörsamlega ráðalausir og gátu ekki gripið inn í atburðarásina. En af hverju var þetta svona? Stóran hluta af svarinu er að finna í atburðunum þann 20. ágúst 1988 í Knivsland.

### 20. ágúst 1988 klukkan 14.30

Um þrjá kílómetra frá bænum Farsund er skotsvæðið í Knivsland. Það var skýjað þennan dag í suðurhluta Noregs og smávegis rigning og ekki mjög hlýtt. Skógur er í kringum skotsvæðið og dregur hann úr hávaðanum frá skotunum. Fjórir vinir úr skammbyssuklúbbnum Farsund voru mættir á svæðið til að keppa í óformlegri meistarakeppni sín á milli og höfðu nýlokið við fyrstu umferð. Kjell Stillufsen og Jan Gunnar Gabrielsen höfðu lagt tómar skammbyssur sínar undir þakið á skýlinu þar sem staðið var þegar skotið var. Þeir sneru baki í Per Odd Reite og Bjørn Halvorsen sem voru reiðubúnir til að skoða hversu vel þeir hefðu hitt. Skyndilega heyrðist skothvellur, ókunnugur og dýpri en þeir sem komu frá skammbyssum þeirra félaganna. Þegar Kjell og Jan sneru sér við sáu þeir félaga sína hníga til jarðar, fyrst Per og síðan Bjørn. Í heildina var fimm eða sex skotum skotið. Þeir sáu ekki hvaðan þau komu því skyttan hafði falið sig í þéttum gróðri norðan megin við skotsvæðið. Úr rúmlega 20 metra fjarlægð skaut hann á þá með grófum höglum og massífum kúlum á stærð við víntappa. Kjell og Jan hlupu til félaga sinna en urðu þá fyrir skotum og urðu að forða sér í skjól. Þeim tókst að komast inn í bíl sinn og ná að starta honum. Jan hafði orðið fyrir um 130 höglum og Kjell um 150 en sem betur fer sluppu mikilvæg líffæri. Þeir tættu í burtu á bílnum, alblóðugir og með miklar blæðingar. Þeir stöðvuðu við fyrsta húsið sem þeir komu að og sögðu hvað hafði gerst. Íbúarnir gerðu lögreglu og sjúkraflutningamönnum viðvart og óku síðan með Kjell og Jan á sjúkrahúsið í Farsund. Þetta var bara upphafið á harmleiknum.



**Farsund** Rónni var raskað einn dag árið 1988.

### Sjúkraflutninga- og lögreglumenn komu á vettvang

Sjúkraflutningamenn í Farsund fengu boð um atburðinn skömmu fyrir klukkan 15. Geir Olav Lundetræ og Gunnar Eliassen voru á vakt og flýttu sér á vettvang. Þeir héldu að um slys hefði verið að ræða og óku því beint á vettvang og það reyndist örlagaríkt. Þeir lögðu við áhorfendastæðin og gripu skyndihjálpartöskur sínar með og hlupu út á skotbrautina. Í nokkurra metra fjarlægð lágu tveir líkamar og virtust líflausir. Grunlausir hlupu Geir og Gunnar að líkömunum en um leið og þeir beygðu sig yfir þá heyrðust skothvellir. Báðir urðu fyrir skotum, í bak og höfuð. Þeir féllu niður hjá þeim sem þeir ætluðu að hjálpa.

Nokkrum mínútum síðar komu tveir lögreglumenn á vettvang, þeir héldu einnig að hörmulegt slys hefði átt sér stað. Frá bíl sínum sáu þeir líflausa líkamana á skotsvæðinu, sem virtust illa farnir og þeir áttuðu sig á að hér væri ekki um voðaskot að ræða. Þeir voru óvopnaðir og af ótta við að enn meiri harmleikur myndi eiga sér stað hörfuðu þeir af vettvangi. Í Farsund voru allir tiltækir lögreglumenn kallaðir til aðstoðar, frá Mandal, Lyngdal, Flekkefjord og Kristiansand. Svæðið í kringum skotsvæðið var rýmt, vegum og öðrum leiðum að skotsvæðinu var lokað. Sjúkrahúsið í Farsund var sett á neyðarstig.



Aftenposten NYHETER 3
POLITIDRAPENE PÅ AUSTBØ
De drepte tjenestemennene
Fryktet drapsmannen

**Voðaverkin**

Eftir þriggja klukkustunda bið undirbjó lögreglan að ráðast til atlögu gegn byssumanninum sem þeir töldu vera 23 ára karlmann sem bjó á svæðinu. Hann hafði margoft sést með byssu en lögreglan hafði aldrei gripið inn í. Hann var sagður „sérstakur“ og var oft í kringum skotsvæðið. Hann var áhugasamur um skotvopn en ekki talinn hættulegur.

### Morðinginn handtekinn

Á sjöunda tímanum hætti sérsveit lögreglunnar sér inn á skotsvæðið. Lögreglumennirnir sáu ekki annað en að allir mennirnir væru látnir. Til að fullvissa sig um þetta var ekið með lækni að þeim í brynvörðum bíl frá hernum. Ef lífsmark sæist átti að taka viðkomandi strax upp í bílinn og flytja á brott. En ekki var að sjá að hægt væri að bjarga neinu lífi þarna og því var breitt yfir líkamana og þeir skildir eftir. Síðar komst læknir að þeirri niðurstöðu að fjórmenningarnir hefðu allir látist samstundis af völdum skotsára.

Eftir margra klukkustunda aðgerð lögreglunnar á og við skotsvæðið lá ljóst fyrir að skotmaðurinn, sem nú var staðfest að var morðingi, var ekki þar. Á tólfta tímanum hringdi bróðir hins grunaða í lögregluna og sagði að hann væri kominn heim en lögreglan hafði samið við hann um að láta vita. Skömmu fyrir miðnætti lét sérsveitin til skara skríða og handtók hinn grunaða í bílskúrnum heima hjá honum. Handtakan gekk átakalaust fyrir sig. Hinn grunaði neitaði í fyrstu að vita nokkuð um málið en lögreglan fann skotvopn og skotfæri eins og höfðu verið notuð til að myrða fjórmenningana heima hjá honum. Sönnunargögnin héldu áfram að hrúgast upp og fljótt var ljóst að enginn vafi lék á að maðurinn hefði skotið fjórmenningana til bana.

### Miklir eftirmálar

Þessi mikli harmleikur vakti mikla athygli í Noregi og utan Noregs. Ekki aðeins vegna þess hversu grimmdarleg morðin voru heldur einnig vegna þess hversu illa viðbragðsaðilar voru í stakk búnir til að takast á við mál sem þetta. Afleiðingar þessa vanbúnaðar kostuðu mannslíf og í kjölfarið urðu miklar breytingar. Eitt merki þessara breytinga sást við Útey í júlí 2011. Eins og fyrr greinir biðu sjúkrabílar þar í löngum röðum eftir að hægt væri að sinna særðum. Þeir biðu eftir grænu ljósi frá lögreglunni. Í kjölfar morðanna í Knivsland var ákveðið að sjúkraflutningamenn og læknar mættu ekki fara inn á svæði þar sem hættuástand ríkir. Þessari reglu var ekki breytt fyrr en 2015 en nú er það lagt í hendur björgunarmanna sjálfra að ákveða hvort þeir fari beint inn í hættulegar aðstæður eða bíði eftir lögreglunni.

Morðin höfðu einnig áhrif á skotvopnalöggjöfina en aðeins tveimur dögum eftir morðin tilkynnti dómsmálaráðherrann um að lögin yrðu hert, þá sérstaklega til að ná betur utan um allan þann fjölda haglabyssa sem var til á norskum heimilum. Ekki var vitað hversu margar þær voru en talað var um að þær gætu verið allt að 500.000 til 600.000. Ekkert var vitað um þessi vopn. Breytingarnar tóku gildi haustið 1990 og giltu aðeins fyrir vopn keypt eftir þann tíma. Nú varð að skrá þau og enginn mátti kaupa skotvopn eða skotfæri án þess að framvísa skotvopnaleyfi.

Morðin sýndu einnig hversu vanbúin lögreglan var. Víða um landið átti hún hvorki skotheld vesti né hjálma. Nokkrum dögum eftir morðin sendi lögreglan kröfu til dómsmálaráðuneytisins og krafðist þess að fá 1.600 skotheld vesti nú þegar, að öðrum kosti myndi hún ekki sinna hættulegum verkefnum. Í ráðuneytinu var þessari kröfu tekið illa og hafnað í fyrstu. Eftir aðeins viku voru þó 800 vesti keypt enda hafði mikill þrýstingur verið á ráðuneytið víða úr samfélaginu.

### Dómurinn

Í upphafi rannsóknarinnar var helsta ráðgátan af hverju maðurinn hafði skotið fjórmenningana. Í yfirheyrslum yfir honum kom fram að hann hafði lengi glímt við andleg veikindi. Geðlæknar sögðu hann þjást af alvarlegum geðklofa sem hefði þróast yfir í sjúklegar ranghugmyndir þetta sumar. Maðurinn var lagður inn á geðsjúkrahúsið í Kristiansand á meðan rannsókn málsins stóð yfir. En svar fékkst aldrei við því af hverju hann skaut fjórmenningana.

Að honum fjarstöddum var hann sakfelldur fyrir fjögur morð og tvær morðtilraunir. Ekki þótti leika vafi á að hann hefði verið „geðveikur“ á þeirri stundu er hann myrti fjórmenningana. Hann var dæmdur til 10 ára vistunar á öryggisdeild geðsjúkrahúss. Síðar var fimm árum bætt við dóminn.

Hinn dæmdi hefur nú afplánað refsingu sína og býr í suðurhluta Noregs. ■






# ÚRVALIÐ ER HJÁ

prima



# Uppáhaldsliðið í enska boltanum

Enski boltinn er nokkurs konar sófaþjóðaríþrótt Íslendinga. Fáar ef nokkrar þjóðir hafa meiri áhuga á bresku boltasparki og flestir eiga sitt lið sem þeir styðja fram í rauðan dauðann. DV tók hús á nokkrum gallhörðum stuðningsmönnum og spurði þá hvernig þeim litist á tímabilið sem nú er í gangi.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is





## Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar – West Ham United

„Ég styð West Ham, líkt og Barack Obama, og hef gert það frá barnæsku. Þá voru margar frægar kempur í liðinu en mest hélt ég upp á framherjann knáa Clyde Best, frá Bermúda en hann var einn fyrsti þeldökki leikmaður efstu deildar. Þrátt fyrir rysjótt gengi hjá þessu gamla austurbæjarliði hef ég þó verið því trúr og þekki það svo sem ágætlega hvernig það er að síga upp og niður töfluna í pólitíkinni. Ég gleðst þegar vel gengur og hef dáðst að einstaka afburðaleikmanni sem skolað hefur á fjörur klúbbsins. Ég er alltaf svolítið veikur fyrir litríkum sólóistum á fótboltavellinum og þar eru minnisstæðastir Ítalinn Paolo Di Canio og Argentínumaðurinn Carlos Tevez. Nú er West Ham um miðja deild og það svalar mínum metnaði fullkomlega.“




## Gunnar Sigurðarson, grínisti – Ipswich Town

„Ástæða fyrir því er nokkuð óljós en benda má á að árin 1973 til 1983 var Ipswich næstsigursælasta lið ensku knattspyrnunnar á eftir Liverpool. Svo eru búningarnir bláir og hvítir. Má nefna að það eru litir íslenska landsliðsins og Víkings frá Ólafsvík. Mér líst viðbjóðslega illa á tímabilið núna, sem er jafnframt versti árangur liðsins í 60 ár. Þá er árangur liðsins einnig sá versti í sögu Championship-deildarinnar. Þannig að ég hef verið fokking betri þegar kemur að knattspyrnumálum á Englandi. En annars hef ég sjaldan verið betri.“

## Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi VG – Liverpool



„Einu sinni gældi ég við að halda með Manchester United á meðan ég bjó þar um skeið. Ég hætti þeim pælingum þó snarlega eftir að ég prófaði sömu sólbaðsstofu og David Beckham. Núna held ég með Liverpool og hef gert það í gegnum súrt og sætt. Núna er aldeilis góður tími fyrir okkur. Við erum með gott forskot og höfum alla burði til að halda áfram þessari sigurgöngu þótt tímabilið sé langt og allt geti gerst. Mér finnst hins vegar kominn tími á sigur og ég held að Klopp og allir Púlarar geti tekið undir það.“

## Sema Erla Serdar, mannréttindafrömuður – Manchester United



„Liðið mitt hefur alltaf verið og verður alltaf Manchester United, sama hvað bjátar á. Þegar ég var sjálf í fótboltanum hélt ég mikið upp á Eric Cantona og ég hélt þar af leiðandi með Manchester United. Það hefur ekki verið ástæða til þess að endurskoða þá ákvörðun síðan þá. Þetta hefur ekki verið okkar besta tímabil en ég er alveg hrikalega bjartsýn á framtíðina þar sem liðið losaði sig loksins við José Mourinho og Ole Gunnar Solskjær svaraði kallinu um að koma heim.“

## Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður – Leeds United



„Leeds United er liðið alveg frá 1970. Þá var liðið að koma upp úr annarri deildinni og sló strax í gegn. Svo var Skoti aðalmaðurinn, Billy Bremner! Nú sýnist mér góðar líkur á því að liðið komist upp úr annari deildinni upp í deild þeirra bestu og þá mun Leeds United eins og þá fara beint á toppinn.“

## Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR – Manchester United



„Þetta er það lið sem pabbi hélt með og hélt með þegar ég byrjaði að fylgjast með enska boltanum. Sannaðist þá máltækið „Hvað ungur nemur, gamall temur.“ Þótt það gildi ekki um pólitískar skoðanir okkar feðga.

Mér líst að mörgu leyti vel á tímabilið núna, eftir nýjustu vendingar. Þar sem leikgleðin og hjartað er aftur farið að einkenna enska boltann. Ég er ánægður að sjá langþráðan neista hjá Manchester United og vona að hann haldist. Ég vil frekar horfa á liðið spila þannig heldur en að spila leiðinlegan og hugmyndasnauðan taktískan bolta. Ég hef hingað til frekar horft á leiki með Liverpool og Tottenham, sem hafa verið að spila frábæran bolta, en vona að það verði breyting þar á.“

## Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins – Arsenal



„Ég bjó um nokkurra ára skeið í London og komst vart hjá því að halda með Arsenal enda sótti Jón, maðurinn minn, leiki liðsins reglulega. Í fyrsta sinn sem ég sá þá spila sofnaði ég reyndar við öxl Jóns. Það kom þó ekki að sök enda vann Arsenal 6-1 gegn Southampton ef ég man rétt.

Mér líst bærilega á tímabilið, þó að ég sakni eilítið Arsene Wenger. Manni fannst hann einhvern veginn ætla að verða eilífur og með honum hvarf tenging við fallegri og saklausari tíma, fyrir tíma olíufursta og ólígarka. Unai Emery er samt ágætur, reyndar svolítið vondur við Özil greyið.“

## Jakob Bjarnar Grétarsson, blaðamaður – Leeds United



„Ég var sjö ára þegar Leeds var á toppnum. Þú getur fundið nokkra fylgni milli þess með hvaða liði á Bretlandseyjum menn halda með því að líta til þess hvaða lið var á toppnum þegar viðkomandi var sjö ára. Leeds lenti svo í hremmingum og kannski má segja að eyðimerkurganga liðsins undanfarið hafi orðið til þess að áhugi minn er fremur takmarkaður; ef ég á að vera alveg heiðarlegur. Þannig að ég hef ekki fylgst með þessu þannig að ég geti nokkuð spáð í spilin, nema bara með það að Leeds er að koma í siglingu. Þá vaknar kannski áhuginn eftir Þyrnirósarsvefn.“




sturta.is

LOKAÐIR STURTUKLEFAR MEÐ TOPPI, SPORNA GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á **sturta.is** og skoðaðu úrvalið
S. 856 5566



# ÚTSALAN ER HAFIN

## 20-70% AFSLÁTTUR



**MEDIREST RÚM 160 CM**
**40% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR 203.760
**MEÐ 40% AFSLÆTTI 122.256**

**STILLANLEG HEILSURÚM FRÁ 264.065 Á ÚTSÖLUNNI**



20-60% AFSLÁTTUR
SÓFAR

Brömdby sófi
**Verð með 60% afslætti: 49.960 kr.**
Verð áður 124.900 kr.



20-50% AFSLÁTTUR
STÓLAR

Amadeus ruggustóll
**Verð með 40% afslætti: 35.340 kr.**
Verð áður 58.900 kr.



20-70% AFSLÁTTUR
LJÓS OG LAMPAR

Frábært úrval af ljósum og lömpum



20-70% AFSLÁTTUR
HANDKLÆÐI

50x100cm
**Verð með 70% afslætti: 417 kr.**
Verð áður 1.390 kr.

70x140cm
**Verð með 70% afslætti: 897 kr.**
Verð áður 2.990 kr.



20-70% AFSLÁTTUR
FATAEFNI

Mikið úrval fataefna á útsölunni.



20-60% AFSLÁTTUR
PÚÐAR

Margar gerðir og stærðir.

**EKKI LÁTA ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI FRAMHJÁ ÞÉR FARA**

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar

SAKAMÁL



**54** ára Kanadamaður, Shawn Cameron Lamb, var árið 2013 dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir að myrða tvær konur í Manitoba í Kanada. Lamb glímdi við eiturlyfjafíkn á háu stigi og var, að sögn þeirra sem til þekktu, glæpamaður fram í fingurgóma.
Fjölskyldur beggja kvennanna höfðu lýst eftir þeim um það leyti sem þær voru myrtar, en Lamb hafði verið í neyslumóðu í marga mánuði þegar hann myrti þær.
Grunur beindist að Lamb vegna orða sem hann lét falla þegar hann var í varðhaldi vegna allt annarra atvika, 22. júní 2012. Konurnar tvær, Lorna Blacksmith og Carolyn Sinclair, myrti Lamb á fimm mánaða tíma bili, september 2011 til janúar 2012. Morðin framdi hann á heimili sínu og sagði ástæðuna hafa verið deilur vegna fíkniefna.

# HESTURINN GERÐI ÞAÐ – EÐA HVAÐ?

## Höfuðáverkar Sams Whitehouse ollu heilabrotum

Einu sinni fyrir langa, langa löngu, 3. apríl 1822, nánar tiltekið, fóru Sam Whitehouse og mágur hans, Joe Downing á veiðar í Halesowen í West Midlands á Englandi. Þeir höfðu mælt sér mót hjá járnsmið, Thomas Fox, klukkan átta um morguninn því Fox þurfti að fá gert við hlaup af haglabyssu. Fox tók við hlaupinu og Whitehouse og Fox fóru til skógar og sáust ekki aftur fyrr en að fimm klukkustundum liðnum.

Klukkan sex um kvöldið settust þremenningarnir að drykkju á Beech Tree-kránni.

### Drykkja, grobb og veðmál

Félagarnir tóku duglega á við drykkjuna og svolgruðu í sig 24 pintum öls. Einnig gerðust þeir grobbnir og fyrr en varði upphófust veðmál um hitt og þetta. Whitehouse dró upp seðlavöndul, 10 sterlingspund, og lagði undir í einu veðmálinu, en slíka upphæð gátu Downing og Fox ekki jafnað.

Þeir drukku til klukkan níu um kvöldið, er þeir ákváðu að halda heim á leið.

Downing bjó í Rowley og Whitehouse í West Bromwich og eftir að Fox hafði hjálpað þeim á bak klárum sínum lögðu þeir af stað saman.

### Meðvitundarlaus í vegkantinum

Downing sneri síðan við því hann þurfti að sækja haglabyssuhlaupið til Fox. Whitehouse hinkraði ekki við eftir mági sínum.

Um klukkustund síðar rakst Richard Aston, sem bjó á kránni, á hross sem ráfaði stefnulaust um. Aston skellti sér á bak og reið sem leið lá heim til Fox. Á leið sinni þangað reið hann fram á Whitehouse þar sem hann lá meðvitundarlaus í vegkantinum.

### Downing talinn sekur

Aston hraðaði sér heim til Fox, en ekki tókst að vekja hann sökum ölvunar. Því varð úr að eiginkona Fox fór með Aston og saman komu þau Whitehouse á krána og þar kom í ljós að hann hafði svöðusár á höfði og allt hans fé var horfið.



**Beech Tree-kráin í dag** Hér sátu félagarnir að sumbli fram á rauðanótt.

> **Einnig gerðust þeir grobbnir og fyrr en varði upphófust veðmál um hitt og þetta**

Hann dó tveimur dögum síðar.

Daginn eftir fór réttarrannsókn og niðurstaðan varð sú að Downing hlyti að vera sekur um morð. Hann hefði myrt Whitehouse með því að berja hann í höfuðið með haglabyssuhlaupinu fyrr nefnda.

### Áverkar af völdum þessa eða hins

Downing var handtekinn og réttað yfir honum en hann lýsti yfir sakleysi sínu. Tvö fyrstu vitnin sem leidd voru fram fullyrtu að höfuðáverkar Whitehouse gætu aðeins verið eftir haglabyssuhlaup. Þriðja vitnið var sannfært um að áverkarnir hlytu að vera eftir hófa klársins og enn eitt vitnið sagði að áverkarnir væru tilkomnir vegna falls af hestbaki.

Síðan steig fram vitni sem upplýsti viðstadda um að klár Whitehouse væri mislyndur og duttlungafullur og bætti við að hann hefði séð tvo menn ganga í átt að þeim stað þar sem Whitehouse fannst.

Joe Downing var sýknaður og morðinginn eða morðingjarnir fundust aldrei – nema það hafi verið klárinn eftir allt. ■

BÓKHALD



- Bókhald
- Afstemmingar
- Ársreikningar
- Launavinnsla
- Árshlutauppgjör
- Virðisaukaskattsskil

3 SKREF
BÓKHALDSÞJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR
ÞARABAKKA 3
S. 578 6800


GOTT FRÁ
GUNNARS
1960
KLASSÍSKT
GUNNARS
1960
mayonnaise

# Endurkoma brauðsins og ár fitunnar

## ■ Margt breytist í matarheiminum ef marka má sérfræðinga ■ Árið 2019 snýst allt um hreint fæði

Þótt árið sé rétt hafið hafa sérfræðingar verið að spá fyrir um tískustrauma í matarheiminum síðan seint á síðasta ári. Það er ýmislegt sem breytist í fæðuvali okkar á þessu ári, og árum, ef marka má spekinga, en hér er brot af því sem mun fá byr undir báða vængi á árinu sem nú er gengið í garð.



Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



### Bæ, bæ, blómkál

Alls kyns blómkálsréttir hafa verið vinsælir upp á síðkastið og hefur blómkálið komið í staðinn fyrir ýmis kolvetni, til dæmis kartöflur og hrísgrjón. Nú er hins vegar ár kálsins runnið upp og mun fólk í auknum mæli fylla kál eins og vefjur eða búa til kállasanja án pasta.



### Stríðið gegn sykrinum

Í til dæmis Bretlandi eru hugmyndir um að skikka matvælaframleiðendur til að minnka sykurmagn í vörum sínum, sérstaklega þar sem flestar vörur þurfa ekki á sykri að halda. Þetta gæti orðið alheimstískustraumur ef marka má spekinga og mun fólk þar af leiðandi kunna að fara betur með sykur, hætta að líta á hann sem óvin og borða hann í skynsamlegra magni.

### Færið ykkur paleo og vegan



Flestir tippa á að pegan mataræðið verða heitasta trendið, en glöggir lesendur sjá að pegan er samsett úr orðunum paleo og vegan, enda er þetta mataræði blanda af þessu tvennu. Í paleo-mataræðinu er hvatt til mikillar kjötneyslu en í vegan-mataræðinu á að sneiða hjá öllum dýraafurðum. Í pegan-mataræðinu áeiga 75 prósent af matnum sem þú borðar að vera úr plönturíkinu en 25 prósent kjöt. Það sem má borða í pegan-mataræðinu er grænmeti og ávextir með sykurstuðul á milli 55 og 69. Þar á meðal er blómkál, brokkolí, tómatar, paprika, eggaldin, laukur, sveppir, epli, kirsuber, sítrusávextir, perur, mangó og ananas. Þá má borða hnetur, lárperur og ólífuolíu. Það sem ætti að takmarka á pegan-mataræðinu, samanber 25 prósent kjöt, er nautakjöt, kalkúna- og kjúklingakjöt, lax og rækjur. Einnig á að borða egg, baunir og náttúrulegan sykur eins og hlynsíróp, kókossykur, hunang, döðlur og vanillu í hófi. Er þetta í takt við annan tískustraum sem er hreint fæði. Engar unnar kjötvörur, takk!

### Út að borða úti í kuldanum

Sérfræðingar spá því að fólk muni frekar elda heima hjá sér en að fara út að borða. Þar er margt sem spilar inn í. Helsta orsökin fyrir þessu er talin vera sú að verð á réttum á matsölustöðum hefur hækkað meira síðustu misseri en verð á matvöru í verslunum. Þá er einnig talið að vinsældir matarpakka, þar sem fólk fær uppskrift og hráefni og þarf bara að elda, spili þarna inn í. Einnig sú staðreynd að fæðið sem eldað er heima er hreinna en það sem er keypt á veitingastöðum.



### Brauðið klikkar ekki

Brauð hefur verið fórnarlamb ýmissa tískustrauma í mataræði og fólk hefur margoft snúið baki við þessum gómsætu og fjölhæfu matvælum. En ekki árið 2019. Samkvæmt skýrslu Facebook yfir tískustrauma ársins 2019 verður um að ræða endurkomu brauðsins í öllum mögulegum og ómögulegum myndum. Þeir sem eru lágkolvetna baka meira lágkolvetnabrauð og súrdeigsbrauð verður vinsælt sem aldrei fyrr. Loksins!



### Áttu mjólk?

Tja, líkur eru á að á mörgum heimilum sé ekki til hefðbundin mjólk heldur mjólk úr hnetum eða höfrum. Sala á haframjólkinni Oatly fór fram úr björtustu vonum á síðasta ári og seldist hún víða upp. Þessir straumar halda áfram að bærast árið 2019 og sífellt fleiri snúa baki við hefðbundinni mjólk.

### Kjöt – samt ekki



Í Þýskalandi voru egg sett á markað nýverið sem eru í raun ekki egg úr hænu heldur egg sem búin eru til á rannsóknarstofu. Í þessum bransa er ýmislegt í pípunum og spá margir sérfræðingar að árið 2019 verði ár kjöts sem búið er til á rannsóknarstofum, sem þýðir að engin dýr voru söðuð við framleiðsluna. Í raun eru aðeins ein til tvær frumur teknar úr dýrum og kjöt fjöldaframleitt út frá þessum frumum.

### Ljótur matur

Á Íslandi eru framleiddar ljótar kartöfluflögur úr kartöflum sem eru ekki nógu fagrar til að komast alla leið til neytenda. Þetta mun aukast og verður framleitt úr alls kyns ljótum mat árið 2019. Ljóti andarunginn breytist því í fallegan, og saðsaman, svan.



### Því meiri ostur, því betra

Ketó-mataræðið hefur orðið til þess að ostur selst sem aldrei fyrr, enda inniheldur hann lítið af kolvetnum. Því mun árið 2019 einkennast af alls kyns ostasnakki, hvort sem það er þurrkaður ostur eða ostaflögur.

### Æskubrunnurinn fundinn





Stjörnur eins og Elle MacPherson og Elizabeth Hurley drekka collagen á hverjum degi, en þær virðast sofa í formalíni. Fleiri og fleiri munu leggja sér collagen til munns enda á það að bæta hárvöxt, draga úr liðverkjum og slétta húðina.

### Fita í tísku

Og fyrst við erum að tala um ketó þá verður fitan líka ansi heit, til dæmis MCT-olía, kókossmjör, hefðbundið smjör og ghee. Snakk sem er kallað fitusprengjur hefur innreið sína á markað og alls kyns fituríkir drykkir.

# RISA ÚTSALA

## 20-70% afsláttur af öllum vörum

## 2.-10. janúar 2019

BROOKS

## Allir Brooks skór á 14.000 kr.

**Sama útsöluverð og í fyrra þrátt fyrir gengislækkun**



**30% afsláttur**
af FootJoy golfskóm

**25% afsláttur**
af öllum fatnaði.
Sama verð og í USA

**30% afsláttur**
af Ecco sandölum,
götuskóm og barnaskóm

**Höfum opnað glæsilega sölusíðu**
**www.gongugreining.is**
**Allar vörur eru með sama afslætti á heimasíðu**

EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

# Ást um áramót

Jólin eru greinilega tími ástarinnar og mörg pör nota hátíðina til að staðfesta samband sitt með trúlofun, giftingu, já, eða bara með því að opinbera sambandið á samfélagsmiðlum. Það gerðu þessi pör.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Baráttukonan, Sema Erla Serdar, og stofnandi Solaris, hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi, er gengin út. Sá lukkulegi er Bjarki Þór Magnússon, en Sema Erla birti mynd af þeim á Facebook um jólin.

Bjarki Þór starfar samkvæmt heimildum DV sem barþjónn á skemmtistaðnum Ölver. Átök Semu Erlu og Margrétar Friðriksdóttir á þeim skemmtistað komust í fréttir í fyrra, þegar hvor um sig bar sakaði hina um að hafa lagt á sig hendur, eftir að Margréti hafði verið vísað út af staðnum.



Söngkonan og skemmtikrafturinn Bryndís Ásmundsdóttir er gengin út, en Bryndís er landsþekkt sem holdgervingur Tinu Turner í mörgum sýningum í gegnum árin. Sá lukkulegi er Karl Magnússon Gústafsson, fyrrverandi fótboltakappi úr Víkingi, sem komst í fréttirnar eftir að hann sat í fangelsi í Brasilíu fyrir fíkniefnasmygl fyrir nokkrum árum. Hann var nokkuð áberandi eftir að hann lauk afplánun og skrifuðu hann og Jóhannes Kr. Kristjánsson bókina Brasilíufanginn um reynslu Karls úr fangelsinu.

Bryndís á þrjú börn úr fyrri samböndum og varði nýja parið jólum og áramótum saman. Framtíðin er björt hjá parinu sem geislar af hamingju.



Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona er komin með nýjan mann í líf sitt. Sá heppni er Patrick Ray Leonard, bandarískur lagahöfundur og framleiðandi, sem er best þekktur fyrir samstarf sitt með Madonnu. Anna Mjöll giftist árið 2011 Cal Worthington, þekktum bílasala í Bandaríkjunum, en um 50 ára aldursmunur var á þeim. Hjónabandið varð ekki langlíft og í lok sama árs sótti Anna Mjöll um skilnað frá honum. Hann lést árið 2012. Árið síðar gekk Anna Mjöll að eiga Luca Ellis í Árbæjarkirkju, en skildi við hann ári síðar.



Athafnakonan og fyrrverandi alheimsfegurðardrottningin Linda Pétursdóttir hélt upp á afmæli sitt milli jóla og nýárs í Palm Springs í Kaliforníu en þar hefur hún búið síðustu ár. Í haust tók Linda við stjórn Miss World á Íslandi og á það vel við þar sem í lok árs eru 30 ár síðan Linda var sjálf valin Ungfrú heimur. Hún var jafnframt dómari í keppninni sem fram fór í byrjun desember í Kína.

Linda er einnig komin með nýjan mann í líf sitt, en þau hafa hist um skeið. Parið er nú skráð saman í samband á Facebook. Kærasti Lindu heitir Jamie Greig og er frá Kanada.



Malín Brand og Þórður Bragason trúlofuðu sig um jólin. Parið hefur verið saman í ár, rekur saman bílapartasölu og vefsíðuna motorsport.is.

„Hin lánsama ég sagði JÁ!!!! Ástin er yndislegt fyrirbæri og framtíðin er björt!“ skrifar Malín á Facebooksíðu sína.



GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM UMBÚÐUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAÞORP HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLLI Á ÍSLANDI, EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.




HÁKOT, ÞYKKVABÆ, 851 HELLA | SÍMI: 859 6197 | HALLO@1000ARASVEITATHORP.IS

# Fregnir af frægum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is





Söngkonan Stefanía Svavarsdóttir og Benjamín Náttmörður Árnason, gítarleikari og tónlistarkennari, eignuðust sitt fyrsta barn þann 18. desember þegar í heiminn kom dásamlegur drengur.
„Svo urðu þau sex. Kettinum er nokk sama og þverneitaði því að vera með á mynd en við fjögur erum að springa úr hamingju!“ sagði parið á Facebook í sumar þegar það tilkynnti um bumbubúann, en fyrir á heimilinu voru einn köttur og tveir hundar.
„Við foreldrarnir erum gjörsamlega að springa úr ást og mamman grætur bara endalaust úr hamingju yfir þessu „litla“ fullkomna kraftaverki,“ skrifuðu hinir nýbökuðu foreldrar þegar drengurinn var fæddur. Fókus óskar þeim hjartanlega til hamingju með soninn.



Leikstjóraparið Margrét Seema Takyar og Grímur Hákonarson á von á stúlku.
Parið tilkynnti um bumbubúann með myndbirtingu á Facebook á gamlársdag. „2018 var fullkomið, upp og niður og allt, alveg eins og ég vildi hafa það. Mín ósk er að 2019 mæti eins og skemmtilegur, flókinn og kraumandi elskhugi sem hristir upp í þér. Ástir frá mér og stúlku Grímsdóttur Takyar,“ skrifar Margrét.
Margrét er nýlega flutt heim eftir 15 ára viðveru í New York og sá síðast um leikstjórn og tökur á þáttunum Trúnó, sem sýndir eru í Sjónvarpi Símans. Grímur er þekktastur fyrir myndirnar Hrútar og Litla Moskva. Fókus óskar parinu hjartanlega til hamingju með bumbubúann.




Eggert Skúlason, sjónvarpsmaður og fyrrverandi ritstjóri DV, hefur undanfarna mánuði staðið í ströngu við upptöku veiðiþáttanna Sporðakasta sem sýndir verða á næsta ári. Tekur Eggert þar með upp þráðinn frá því fyrir tuttugu árum þegar samnefndir þættir hans slógu í gegn hjá veiðimönnum. Verkefnið er Eggerti afar kært enda er hann annálaður áhugamaður um hvers konar veiði. Sonur Eggerts, Hafþór Eggertsson, er hæfileikaríkur húðflúrlistamaður og því fékk Eggert hann til þess að flúra á sig heiti verkefnisins. Hann deildi afrakstrinum með Facebook-vinum sínum á dögunum. „Eitt skemmtilegasta ár sem ég hef átt lengi,“ sagði sjónvarpsmaðurinn.



Erlendum leikurum í hópi Íslandsvina fjölgar stöðugt. Einn þeirra sem var staddur á Íslandi yfir áramótin og inn í nýárið er bandaríski leikarinn Drew Van Acker, sem er best þekktur fyrir hlutverk sitt sem Jason DiLaurentis í sjónvarpsþáttunum Pretty Little Liars, en hann hefur einnig leikið í sjónvarpsþáttunum Training Day og Devious Maids.
Á Instagram má sjá að hann hefur meðal annars heimsótt Reynisfjöru, farið Gullna hringinn og kafað í Þingvallavatni. Kærasta hans, Markie Adams, er með honum í ferðinni og gerði Van Acker sér lítið fyrir og skellti sér á skeljarnar í Reynisfjöru og bað hennar. Svarið var að sjálfsögðu já!




Leikkonurnar Steiney Skúladóttir og Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir vinna nú að þáttaröðinni Heilabrot, þáttum um geðsjúkdóma, sem sýndir verða á RÚV í mars. Leikstjóri er Arnór Pálmi Arnarsson. Þríeykið vann áður að þáttaröðinni Framapot, sem sýnd var fyrir tveimur árum. Þættirnir fjölluðu um Steineyju og Sigurlaugu Söru sem vita ekkert hvert þær stefna í lífinu. Í þáttunum komast þær að því hvaða nám og störf standa ungu fólki til boða og fá nasasjón af ýmiss konar starfsframa.




Áramótaskaupið 2018 er milli tannana á fólki á nýju ári, eins og venjan er, og sitt sýnist hverjum um ágæti þess. En hvort sem fólki finnst skaupið gott, lélegt eða eitthvað þar á milli, þá er frammistaða leikaranna með miklum ágætum, bæði reyndra leikara, sem flestir þekkja og leikara af yngri kynslóðinni, sem jafnvel eru að stíga sín fyrstu skref frammi fyrir alþjóð.
Einn af fulltrúum yngri kynslóðarinnar er Rakel Björk Björnsdóttir, sem gerir sér lítið fyrir og bregður sér í gervi Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra með miklum ágætum og nær hún andlitsgeiflum Katrínar einstaklega vel. Rakel Björk er nemandi á lokaári við Listaháskóla Íslands. Hún hefur fengist töluvert við leiklist síðustu ár og kom meðal annars fram í kvikmyndunum Falskur fugl og Þrestir.
Hún lagði stund á söngnám áður en hún fór í leiklistina og 2016 kom út frumraun hennar í söngheiminum, What If.

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK
SÍMI 515 7200

www.osal.is
osal@osal.is
FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.

Þekking í þína þágu

# Menntastoðir – fjarnám

## Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.

**Kjörorð Menntastoða MSS eru:**

- Framúrskarandi fjarnámskennsla
- Sveigjanleiki í námi, óháð tíma og rúmi
- Metnaðarfull þjónusta og stuðningur við nemendur

## Ummæli nemenda:



***Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir***

*Menntastoðir er frábær skóli með frábærum kennurum sem leggja alla sína vinnu í að hjálpa okkur að ná sem bestum árangri og undirbúa okkur fyrir næstu skref í náminu.*




***Særún Lúðvíksdóttir***

*Ég tók Menntastoðir í fjarnámi erlendis frá og er það klárlega grunnurinn að þeim árangri sem ég hef náð í mínu námi. Það er mér ómetanlegt hvernig kennararnir hvöttu mig áfram og gáfu mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að byrja í námi eftir langt hlé. Ég mæli hiklaust með MSS, nútímalegt námsumhverfi og persónulegt viðmót sem byggir upp og hvetur áfram.*



***Ari Freyr Skúlason***

*Það var virkilega gaman að hefja nám á ný, þar sem ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 15 ára. Fór ungur út í atvinnumennskuna í knattspyrnu. Ég mæli klárlega með Menntastoðum. Skipulagið var einfalt og þægilegt.*



***Rúrik Gíslason***

*Ég lauk við fjarnám frá Menntastoðum og tilfinningin við að ná þeim áfanga var frábær. Námið í Menntastoðum er frábær grunnur fyrir næstu námsskref og fann ég hvað það kom sér vel að hafa farið í Menntastoðir þegar ég hélt námi mínu áfram eftir útskrift.*

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára
**412 5952** eða á **aslaug@mss.is**

MSS

DV
4. janúar 2019
51. tölublað | 109. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
5 690710 111124

# Myndbönd af íslenskum börnum að stunda gróft ofbeldi í dreifingu

Fjöldi myndbanda af íslenskum börnum á grunnskólaaldri er nú í dreifingu á Instagram. Um er að ræða á annan tug myndbanda sem sett hafa verið inn á samfélagsmiðilinn nafnlaust. Börnin virðast flest vera á aldrinum 12 til 16 ára. Myndböndin eru tekin upp á síma af einhverjum sem er að fylgjast með, sum þeirra virðast vera skipulögð en önnur myndböndin sýna beinlínis grófar líkamsárásir þar sem fjöldi barna fylgist með.

Síðan sem um ræðir er nafnlaus og auglýsir eftir myndböndum af slagsmálum barna. Önnur börn geta þá sent inn myndbönd og látið þau birtast án þess að hægt sé að rekja þau beint til þeirra. Dæmi eru um fjölmargar síður af þessu tagi tengdar slúðri, en DV fjallaði ítarlega um það fyrr í þessum mánuði.

Í þessu tilviki er um að ræða síðu sem var nýlega og miðað við hvað hún er virk er búið að dreifa henni víða, í mörgum tilfellum er búið að horfa á myndböndin allt að þúsund sinnum. Í einhverjum tilfellum er búið að tagga þá sem sjást á myndböndunum. Síðunni hefur nú verið lokað, að minnsta kosti í núverandi mynd.

Myndböndin, sem DV hefur undir höndum, sýna flest mjög gróft ofbeldi þar sem margir eru að fylgjast með.







Í einu myndbandinu sjást piltar í slag í undirgöngum. Orðaskiptin eru lítil sem engin, heyra má hlátur í bakgrunninum.

Í öðru myndbandi má svo sjá grófa líkamsárás þar sem meðal annars er sparkað í höfuð á ungmenni, viðkomandi stóð þó fljótt upp aftur.

Síðar í sama myndbandi sjást einstaklingarnir tala saman, heyra má á röddum þeirra að um er að ræða börn á grunnskólaaldri. Af samtalinu má ráða að sá sem sparkað var í höfuðið á er sagður hafa „lamið fyrrverandi“ og ef hinn einstaklingurinn heyri að sagan sé „fokking sönn“ þá muni hinn „finnast dauður út í fokking skúr“.

## Tvífarar:



### Borgarfulltrúinn og sjónvarpskonan

Tvífarar eru Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, og Linda Blöndal, fjölmiðlakona á Hringbraut. Báðar eru þær þaulreyndar og beittar á sínu sviði. Vigdís hefur verið mjög áberandi eftir að hún tók sér pásu frá stjórnmálunum. Til að mynda hefur hún látið til sín taka í braggamálinu og sýnt borgarstjórninni meira aðhald en aðrir fulltrúar í minnihlutanum til samans. Linda hóf störf hjá Hringbraut árið 2016 og stýrir meðal annars þættinum Þjóðbraut. Áður starfaði hún sem fréttamaður hjá RÚV og Stöð 2.

## Tvíbent skilaboð

Góður rómur var gerður að nýársávarpi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands. Forsetinn fór um víðan völl en áhrifaríkt þótti þegar hann vakti athygli á tíðum sjálfsvígum íslenskra ungmenna. „Við erum að missa ungt fólk. Í þessu landi velmegunar eru sjálfsvíg helsta dánarorsök ungra karlmanna. Í þessu landi frelsis og framfara verða of mörg ungmenni háð fíkniefnum og ávanalyfjum,“ sagði forsetinn. Fannst mörgum skjóta skökku við að nokkrum klukkustundum síðar sæmdi Guðni Agnesi Önnu Sigurðardóttur, áfengisframleiðanda á Árskógsströnd, fálkaorðunni. Rétt er að minna á að orðunefnd, sem Guðni Ágústsson veitir forstöðu, ákveður hverjir skuli fá vegsemdina.






